

# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • DESEMBER 2012

## Nýr vefur rsk.is

**Gildi ríkisskattstjóra:**

**Fagmennska - Jákvæðni - Samvinna**

# Innviðir í 50 ár

Meginmarkmið ríkisskattstjóra er að tryggja að skattskil almennings og fyrirtækja séu rétt og í samræmi við lögbundnar skyldur. Í hnotskurn er markmiðið réttur skattur. Að þessu markmiði starfa allir starfsmenn ríkisskattstjóra um land allt, hvort heldur það er á sviði þjónustu, eftirlits eða í öðrum störfum. Einfalt markmið í sjálfu sér, en ærið verkefni sem hefur þróast í tímans rás eftir gildandi skattalögum, tækni og starfsmönnum hvers tíma.

Það er á hinn bóginn ekki auðsótt að tryggja framgang þessa markmiðs, svo einfalt sem það hljómar, og leiðirnar að því hafa hvað eftir annað verið endurskilgreindar. Starfsmenn ríkisskattstjóra þurfa að byggja á settum lögum eða reglugerðum, ákvörðunum ríkisskattstjóra, úrskurðum æðri stjórnysluaðila eða niðurstöðum dómstóla. Samkvæmt þessari forsögn þarf að setja skattframkvæmdina í þann tæknibúning sem nauðsynlegur er og haga vinnubrögðum og verkferlum með þeim hætti að hæfi hinu einfalda markmiði. Starfshættir með viðeigandi verkferlum hafa verið mótaðir og þar til gerður hugbúnaður er notaður til að unnt sé að tryggja skattskilin og viðeigandi eftirlit. Slíkt eftirlit er framkvæmt án þess að framteljendur eða aðrir viðskiptamenn ríkisskattstjóra verði þess sérstaklega varir, nema við þær aðstæður að framtalsskilin séu athugunarverð. Þannig kemur ábending þegar við skil skattframtals um að framtalið eða fylgigögn þess séu ekki þannig úr garði gerð að unnt sé að fallast á þau að óbreyttu, eða þá að aðrar athugasemdir eru gerðar. Á bak við vinsamlegt viðmót vefsíðu ríkisskattstjóra er þannig flókin tæknivinnsla þar sem keyrt er saman mikið af upplýsingum til að ganga úr skugga um að skattskilum sé ekki ábótavant. Með vélrænum hætti eru allar upplýsingar yfirfarnar og stemmdar af til að gæta innra samræmis við ákvörðun skattstofna. Þannig er virkt eftirlit framkvæmt með skilvirkum hætti. Um leið er þetta hluti af góðri þjónustu við framteljendur sem eiga, við skil framtals síns og skoðun bráðabirgðaútreiknings, að geta séð hver fjárhagsleg niðurstaða verður, þó með viðeigandi fyrirvörum. Þetta er einn áfangi að meginmarkmiði ríkisskattstjóra um réttan skatt. Beint eftirlit á grundvelli úrvinnslu greiningarteymis stuðlar síðan enn frekar að markmiði embættisins með því að finna þá sem ekki hafa hagað skattskilum sínum í samræmi við gildandi lög. Þessi þáttur í starfsemi ríkisskattstjóra, beint eftirlit með framtalsskilum, er að verða sífellt þýðingarmeiri sakir aukinna undanskota frá

sköttum. Í þeim störfum reynir á úthald og þrautseigju þegar ná skal til þeirra sem reynt hafa að koma sér hjá lögskyldum skattgreiðslum. Er það mjög miður að sífellt fleiri vísbendingar eru um að skattskil séu athugunarverð vegna svartrar atvinnustarfsemi sem virðist fara vaxandi nú um stundir. Það hlýtur því að verða eitt af meginviðfangsefnum ríkisskattstjóra á næstu misserum að leggja aukinn kraft í eftirlitsaðgerðir til að sporna við þessari óheillavænlegu þróun.

Starfsmenn ríkisskattstjóra héldu fyrir á þessu ári upp á að 50 ár voru liðin frá stofnun embættisins. Miklar breytingar hafa orðið á þessum tíma og mikið vatn til sjávar runnið. Verkefni hafa eðli máls samkvæmt tekið breytingum þótt meginhlutverk ríkisskattstjóra hafi ætíð verið að móta skattframkvæmd með einum eða öðrum hætti. Á allra síðustu árum hefur ríkisskattstjóra einnig verið fengið það hlutverk að annast skráningu fyrirtækja og álagningu frá upphafi til loka eftir að embætti skattstjóra voru sameinuð ríkisskattstjóraembættinu. Tekjuöflunarkerfi íslensks samfélags hafa á æviskeiði embættisins úrelst og ný komið í þeirra stað. Nýir skattar hafa tekið við af eldri sköttum og skýrasta dæmið um það er þegar virðisaukaskattur var tekinn upp og söluskattur lagður niður. Annað dæmi er þegar aðstöðugjald var lagt niður og útsvar hækkað í staðinn. Það eru ekki aðeins skattarnir og skatta-reglurnar sem hafa breyst. Á liðnum tíma hafa eðlilega einnig orðið miklar breytingar í hópi starfsmanna embættisins. Frumkvöðlarnir eru allir horfnir á braut og aðrir hafa komið í þeirra stað. Það er mikilvægt að hafa hugfast að engin lög eða reglur komast í framkvæmd af sjálfu sér og tilvist stofnana byggir því á starfsmönnum við að móta þær reglur sem þeim er ætlað að framfylgja. Embætti ríkisskattstjóra, eins og aðrir vinnustaðir, byggir allt sitt á því sem unnið er af þeim hugum og höndum sem skipa slíkt vinnusamfélag. Hvert kerfi eða eining verður aldrei betri en þau vinnubrögð og starfshættir sem þar ríkja. Úrvinnsla tölvukerfa verður þannig aldrei marktækari en þær upplýsingar sem byggt er á. Því snýst allt starf um vandvirkni frá upphafi verks og gætni í samhljómi við eðlilegan vinnuhraða. Samvinna starfsmanna er sérlega mikilvæg hjá stofnun eins og ríkisskattstjóra, en án hennar næst ekki árangur. Á 50 ára afmælisfundinum var rifjað upp hvernig frumkvöðlarnir unnu og hver gildi þeirra voru. Enda þótt fenni í spor þeirra fyrir eða síðar búa núverandi starfsmenn

## TÍUND

### BLAÐ NR. 61

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarkalestur: Halldór Halldórsson og Helga Valborg Steinarsdóttir.

© Ríkisskattstjóri

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.

# RSK<sub>50</sub>ÁR

að vinnu þeirra og skipulagi. Gildi breytast í takt við tíðarandann, þótt sum haldi ætíð velli. Starfsmenn ríkisskattstjóra settu sér gildi á afmælisárinu og þar urðu *fagmennska*, *jákvæðni* og *samvinna* fyrir valinu, allt raungildi sem varða veginn til framtíðar.

Mikilvægt er í starfsemi eins og ríkisskattstjóra er trúað fyrir að rétt jafnvægi sé á formi og sveigju þar sem haldast í hendur viss íhaldssemi og viðbragðsflýti. Lagasetning á sviði skattlagningar er gríðarlega flókin og yfirgripsmikil. Hún nær til allra sviða íslensks samfélags og með hverju árinu virðist flækjustigið aukast. Það er því ekki nema reyndustu manna að hafa yfirsýn yfir þróunina og að hafa nýjustu reglurnar á takteinum hverju sinni. Ekki má heldur gleyma því að sá tími sem líður frá lagasetningu og fram að gildistöku laga er oft ansi knappur og þá reynir mjög á starfsmenn, bæði í faglegum sem og tæknilegum útfærslum.

Miklar breytingar á tækni hafa einnig gert störf við skattframkvæmd fjölbreytt og áhugaverð. Hæfileikaríkir einstaklingar hafa þróast í starfi og lært þannig inn á fleiri en einn þátt hinnar síbreytilegu starfsemi skattfirvalda sem eykur verðmæti starfskrafta þeirra til muna, auk þess sem breytt verkefni geta verið liður í starfsþróun og viðhaldi starfsánægju.

Með þeirri hagræðingu sem niðurskurður á fjárveitingum kallar óhjákvæmilega á hjá ríkisskattstjóra, eins og öðrum ríkisstofnunum, hefur starfsfólki fækkað. Verkefnum hefur á hinn bóginn fjölgað verulega. Þegar þannig háttar til reynir mikið á þá starfsmenn sem eftir eru. Vinnuálag þeirra eykst og margir hafa tekið að sér viðbótarverkefni. Samvinna, lipurð og jákvætt viðmót starfsmanna eru lykilþættir til að hægt sé að aðlagast slíkum breytingum og líta á breytt ástand sem tækifæri til að móta nýja starfshætti.

Traust er lykilatriði í samskiptum á vinnustað og er það grunnurinn að stjórnun og stefnu ríkisskattstjóra í mannauðsmálum. Það er kjarninn í mannauðsstefnu embættisins að treysta starfsmönnum og búa þeim góð starfskilyrði. Starfsmönnum er treyst fyrir þeim verkefnum sem þeim eru falin og því hlutverki sem þeir gegna til að markmiðum embættisins sé náð. Starfsmenn eiga að sama skapi að geta treyst því að stjórnun embættisins sé með þeim hætti að verkefnadreifing sé eðlileg, umbun við hæfi og hagsmuna þeirra gætt þar sem það á við.

Traust verður ekki til á svipstundu. Traust skapast þegar sannreynt er að staðið sé við efndir og tiltrú ríki á báða bóga. Þegar almennt traust ríkir milli manna á vinnustað þá aðlagast nýráðnir starfsmenn fljótt að slíku umhverfi. Þeim er treyst til ákveðinna verka og þeirra er að halda því trausti.



**Skúli Eggert Þórðarson**  
ríkisskattstjóri



**Inga Hanna Guðmundsdóttir**  
starfsmannastjóri

Vinnustaður er samfélag fólks. Sá tími sem varið er í samskipti við vinnufélaga er drjúgur og því er góður starfsandi og umhyggja fyrir náunganum mjög mikilvæg. Þrátt fyrir að starfsemi ríkisskattstjóra sé á landsvísu hefur gengið vel að skapa samkennd og góð samskipti innan alls hópsins. Starfsmenn skattstjóra og ríkisskattstjóra hafa á undanförunum þremur árum gengið í gegnum miklar breytingar sem fólust í sameiningu stofnana skattfirvalda. Það var mikil áskorun og hópurinn tókst á við það verkefni. Reglulegir starfsmannafundir sem allir starfsmenn mæta á og skiptast á skoðunum og koma fram með hugmyndir sínar hafa verið lykilatriði í að ná hópnum saman í eina heild. Skipuleg upplýsingamiðlun til allra starfsmanna frá fundum æðstu stjórnenda er annar þáttur sem hefur mikið vægi. Loks eru allir starfsmenn meðvitaðir um að framlag hvers og eins til mótunar starfseminnar skiptir máli, hvort heldur það er við mótun reglna eða vinnubragða. Þannig næst sá árangur sem að er stefnt. Með þessum áherslum hefur mannauður ríkisskattstjóra og fyrrum skattstjóra þróast á fimmtíu ára skeiði og orðið að styrkum stöðum undir starfsemi skattfirvalda. Verkefni framtíðarinnar er sem áður að halda áfram að tryggja að réttur skattur sé lagður á með réttum hætti.

## EFNI BLAÐSINS

<b>Viðtalið - Theodóra Emilsdóttir</b> .....	<b>5</b>
<b>Ríkisskattstjóri 50 ára</b> .....	<b>10</b>
<b>Álagningarskoðun lögaðila</b> .....	<b>14</b>
<b>Eftirlit með ársreikningum</b> .....	<b>18</b>
<b>Fróði</b> .....	<b>22</b>
<b>Reiknivélar RSK</b> .....	<b>26</b>
<b>Staðgreiðsla opinberra gjalda</b> .....	<b>28</b>
<b>Handreikningur</b> .....	<b>42</b>

<b>Tíund í afmælisútgáfu</b> .....	<b>44</b>
<b>Samruni niður fallinn</b> .....	<b>48</b>
<b>Álagning lögaðila</b> .....	<b>50</b>
<b>Um áætlanir í virðisaukaskatti</b> .....	<b>62</b>
<b>Dómar</b> .....	<b>65</b>
<b>Úrskurðir</b> .....	<b>68</b>
<b>Lokaorðið</b> .....	<b>70</b>
<b>Upplýsingatafla RSK</b> .....	<b>72</b>



Theodóra Emilsdóttir forstöðumaður lögfræðisviðs  
skattrannsóknarstjóra ríkisins

# Refsimeðferð í skattsvikamálum

Theodóra Emilsdóttir lögfræðingur stýrir þeim þætti vinnu skattrannsóknarstjóra ríkisins þar sem tekist er á um afhendingu gagna og lögfræðileg álitafni. Hún tekur ákvarðanir um hvað verður um málin að rannsókn lokinni, hvort þeim verði vísað til lögreglu og þá til dómstólameðferðar, hvort þau hljóti sektarmeðferð hjá yfirkattanefnd eða hvort þeim verði lokið með sekt hjá skattrannsóknarstjóra.

## Upptalningin hér að framan bendir til þess að þú sinnir mjög harðneskjulegum störfum er varða refsingar, kærur og málshöfðanir. Hvernig er að vinna við þetta?

Starfslýsingin kann að hljóma harðneskjuleg en í starfi mínu felst mikil áskorun sem ég hef gaman af að takast á við. Starfið er fjölbreytilegt, málin eru ólík og mis flókin. Í starfinu tvinnast saman refsiréttur, stjórnsviðsrettur og skattaréttur ásamt öðrum réttarsviðum. Þessi réttarsvið finnst mér vera afar áhugaverð og þau eru í sífelldri þróun, ekki síst skattarétturinn sem geymir ótal lagaákvæði og reglur og er síbreytilegur. Vikulega falla dómur og úrskurðir á sviði skattamála. Þróunin er ör og því þarf að fylgjast vel með til að vera með puttann á púlsinum, sérstaklega í því starfi sem ég sinni.

Ég held að mér sé óhætt að segja að skattaréttur sé það réttarsvið sem er hvað víðfeðmast innan lögfræðinnar, auk þess sem það teygir anga sína til margra annarra réttarsviða, svo sem félagaréttar, skuldaskilaréttar, sífja- og erfðaréttar, svo dæmi séu tekin. Þetta er því áhugavert og fjölbreytilegt starf og margs konar álitafni sem geta komið upp og útkljá þarf, bæði innan veggja skrifstofunnar og utan hennar hjá dómstólum.

## Hvernig vildi það til að þú hófst störf hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins?

Mitt áhugasvið innan lögfræði er refsiréttur og lagði ég sérstaka áherslu á það svið í

”

Þessi réttarsvið finnst mér vera afar áhugaverð og þau eru í sífelldri þróun, ekki síst skattarétturinn sem geymir ótal lagaákvæði og reglur og er síbreytilegur

laganámi mínu. Þá hef ég lengi haft áhuga á viðskiptafræðilegum málefnum og skatta- legum, bæði í námi og heima fyrir. Eflaust hefur það haft einhver áhrif að faðir minn er löggiltur endurskoðandi og móðir mín og

hennar maður störfuðu alla sína starfstíð við innheimtu opinberra gjalda, svo ég komst ung í snertingu við skattaleg málefni. Það lá beint við að sækja um stöðu lögfræðings hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins þegar staðan var auglýst laus til umsóknar. Þarna fléttast saman þessi tvö áhugaverðu svið, refsiréttur og skattaréttur.

## Var starfið eins og þú áttir von á?

Starfið var skemmtilegt eins og ég átti von á og hefur orðið fjölbreytilegra og skemmtilegra með tímanum og fleiri úrlausnarefnum. Lögfræðingar hjá embættinu hafa mikið sjálfstæði í sínu starfi sem á vel við mig. Það hæfir mér vel að takast á við verkefni sjálfstætt, en að sjálfsögðu ræðum við í lögfræðideildinni saman um hin ýmsu álitafni og tókum ákvarðanir í samráði við skattrannsóknarstjóra. Rannsóknarvinna hjá embættinu krefst hins vegar mikillar samvinnu og því er mikilvægt að rannsóknarmaður hafi þann hæfileika að geta unnið í hópi.

Ég hafði heyrt að það væri gott að vinna hjá skattrannsóknarstjóra, þetta væri frekar lítill og góður vinnustaður með þægilegu andrúmslofti. Það varð og raunin. Verkefnin eru áhugaverð og fólkið er gott og þar starfa mjög hæfir sérfræðingar á sviði skatta- og refsiréttar.



## Í hverju nákvæmlega er starf þitt fólgíð?

Starfið er fjölbreytilegt og er annars vegar fólgíð í úrlausnum ýmissa lögfræðilegra álitafna á rannsóknarstigi og hins vegar ákvörðunartöku um refsimeðferð að lokinni rannsókn. Á rannsóknarstigi er margt að gæta. Það þarf að sinna atriðum sem snúa að skýrslutökum, andmælum skattaðila, túlkun lagaákvæða, gagnaafhengingu og gagnaöflun.

Þá er stór þáttur starfsins fólginn í því að taka ákvörðun um framhald málsins eftir rannsóknarlok, hvort málið hljóti refsimeðferð eða ekki, og þá í hvaða refsifarveg málið fari, en þá kemur þá þrennt til greina. Í fyrsta lagi að vísa málinu til opinberrar meðferðar hjá lögreglu sem endar að jafnaði með útgáfu ákæru sérstaks saksóknara og dómsmeðferð. Í öðru lagi gæti málinu verið vísað til sektarmeðferðar hjá yfirkattaneftnd, eða í þriðja lagi, sem er fljótlegasta málsmeðferðin, að gefa skattaðila kost á að gangast undir sekt hjá skattrannsóknarstjóra.

Við ákvörðunina þarf að gæta margra þátta, svo sem saknæmis, alvarleika brotsins, hversu einbeittur brotaviljinn er, um hve háar fjárhæðir er að ræða, hvort aðili hafi áður hlotið dóm eða sætt sektum fyrir skattlagabrot o.fl. Ákvörðunin er síðan tekin í samráði við skattrannsóknarstjóra sjálfan. Einnig þarf að taka ákvarðanir um

kyrrsetningar á rannsóknarstigi, kröfur um úrskurð um húsleitir eða haldlagningu gagna, og taka ákvarðanir um þóknanir verjenda á rannsóknarstigi.

”

Þá er stór þáttur starfsins fólginn í því að taka ákvörðun um framhald málsins eftir rannsóknarlok, hvort málið hljóti refsimeðferð eða ekki, og þá í hvaða refsifarveg málið fari

Þá er erlent samstarf við sambærilegar stofnanir sífellt vaxandi þáttur starfsins. Sá þáttur hefur aukist mjög undanfarnir ár, en ég tel það afar mikilvægt að taka þátt í samstarfshópum sambærilegra stjórnvalda á Norðurlöndum og annars staðar. Til að mynda höfum við í rannsóknnum okkar nýtt

okkur aðstoð skattyfirvalda í Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum. Með þessum samstarfshópum hafa myndast góð tengsl og gott samstarf sem kemur okkur til góða hér á landi.

## Á hvaða lagareglur reynir helst í þínum störfum?

Helst reynir á lög um meðferð sakamála og skattalöggjöfina í heild sinni, þ.e. tekjuskattslögin, virðisaukaskattslög, lög um staðgreiðslu opinberra gjalda og fleiri lög sem snúa að sköttum, svo sem bókhaldslög. Þá reynir auðvitað á almenn hegningarlög og stjórnsýslulög, auk fjölda reglugerða. Í starfinu reynir einnig á fjölmörg önnur lagaákvæði, t.d. á sviði félagaréttar. Margir halda að skattarétturinn sé einsleitur og einhæfur, en svo er ekki, og eins og ég vék að áðan þá er hann yfirgripsmikill og lifandi.

## Nú hafa störfin væntanlega breyst með nýjum ákvæðum um upplýsingaskyldu?

Verkefnið breyttust og jukust að því leyti til að nú hefur skattrannsóknarstjóri sjálfur heimild til að leita úrskurðar um húsleitir á einkaheimilum og haldlagningu gagna ef aðilar neita að afhenda gögn, eða ef hætta er á að gögn spillist ef ekki verður gripið þá þegar til aðgerða.

Áður beindi skattrannsóknarstjóri beiðni sinni til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglu- stjóra sem leitaði úrskurðar héraðsdóms með tilheyrandi rökstuðningi um nauðsyn aðgerðarinnar. Í kjölfarið framkvæmdi lögreglan húsleit. Ný heimild skattrann- sóknarstjóra leiðir ekki aðeins til hraðari málsmeðferðar heldur þykir hentugra að þeir starfsmenn sem rannsaka málin leiti sjálfir þeirra gagna sem þeir telja sig þurfa vegna rannsóknarinnar. Þó er rétt að geta þess að skattrannsóknarstjóri hefur alltaf haft aðgang að starfsstöðvum aðila sem eru til rannsóknar hjá embættinu. Þann sjálf- stæða aðgang hefur skattrannsóknarstjóri haft án þess að þurfa að leita dómsúrskurðar.

Heimild skattyfirvalda til öflunar upp- lýsinga er rík og ber aðilum skylda til að veita þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við rannsóknir hjá skattrannsóknarstjóra, og ganga upplýsingaskylduákvæði skattalaganna framur þagnarskylduákvæðum annarra laga, svo sem laga um lögmennt eða endurskoð- endur. Nýlegar breytingar sem gerðar voru á ákvæðum skattalaganna um þetta voru aðeins til að árétta þegar gildandi framkvæmd.

### Hvernig mál eru sérstaklega til rannsóknar hjá embættinu?

Málin sem við rannsökum skiptast í þrennt, skattsvikamál, vanskilamál og formbrotamál. Skattsvikamálin eru tíma- frekasti málaflokkurinn og starfa langflestir

rannsóknarmenn embættisins að þeim málaflokki. Svokölluð vanskilamál eru mál þar sem vörsluskattar eru vangoldnir, þ.e. virðisaukaskattur og staðgreiðsla opin- berra gjalda. Staðin hafa verið skil á réttum

”

Heimild skattyfirvalda til öflunar upplýsinga er rík og ber aðilum skylda til að veita þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við rannsóknir hjá skattrannsóknarstjóra

skýrslum og skilgreinum en skattarnir ekki greiddir. Formbrotamál kallast þau mál þegar ársreikningum hefur ekki verið skilað til ársreikningaskrár, eða þegar van- rækt hefur verið að standa skattyfivöldum skil skattgögnum eins og vera ber, svo sem á skattskýrslum.

Skattsvikamálin eru margskonar. Þetta er umfangsmesti málaflokkurinn. Skatt- stofninn er þá vanframtalinn, og geta meint brot verið fólgin í ótekjufærðum reikningum, reikningslausum viðskiptum, reikningum sem hafa verið rangfærðir, og offærðum rekstrargjöldum, svo dæmi séu tekin. Þá getur verið um vanframtaldar launatekjur einstaklinga að ræða, t.d. svartar tekjur eða óheimilar úttektir úr fé- lögum. Sum málin eru stór og rannsóknin getur verið tímafrek, rannsaka þarf mikið magn gagna, tímafrekt getur verið að afla þeirra og skýrslutökur af sakborningum og vitnum geta orðið allmargar. Oft getur reynst erfitt að fá fólk til skýrslugjafar, t.d. ef það dvelur erlendis eða erfitt reynist að hafa uppi á því.

### Hafa málin sem eru til meðferðar hjá embættinu eitthvað breyst undanfarin ár?

Málin hafa tekið nokkrum breytingum undanfarin ár. Auk þeirra tegunda mála sem áður voru til rannsóknar, þá koma nú til kasta embættisins mörg mál með erlendar tengingar þar sem eignir eða tekjur erlendis hafa ekki verið taldar fram. Hefur ríkis- skattstjóri t.d. vísað mörgum svokölluðum kreditkortamálum til skattrannsóknarstjóra að undangengnu eftirliti ríkisskattstjóra. Varða þau notkun Íslendinga á erlendum greiðslukortum hér á landi. Úr þeim málum





hafa orðið til enn fleiri mál. Mörg mál hjá embættinu tengjast aflands svæðum, en allmikið fjármagn er falið í skattaskjólum víða um heim. Það hefur reynst skattyfirvöldum vandkvæðum bundið að fá upplýsingar um þessi félög, t.d. raunverulega eigendur þeirra eða starfsemi, og oft hafa þessi félög verið stofnuð af bankastofnun í landi þar sem mikil bankaleynd hefur ríkt. Því hefur reynst erfitt fyrir skattyfirvöld að fá upplýsingar um eignarhald og fjármunafærslur Íslendinga á þessum svæðum. Upplýsingaskiptasamningar sem íslensk yfirvöld hafa gert við aflandsríki eru því mikilvægir til að komast yfir gögn á slíkum svæðum. Með þeim fást upplýsingar sem þörf er á vegna rannsókna mála hjá skattrannsóknarstjóra. Hins vegar er álitamál hvort unnt sé að krefjast upplýsinga mörg ár aftur í tímann á grundvelli þeirra samninga. Þá er rétt að

geta þess að við rannsókn margra þeirra mála sem hafa erlendar tengingar koma í ljós mörg önnur rannsóknartilvik svo úr verða enn fleiri mál og mörg hver nokkuð stór, og fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru þá teknir til skattrannsóknar. Þannig að úr einu máli geta orðið til stór mál sem beinast gegn nokkrum rannsóknarþolum, og hefur það orðið raunin undanfarin ár. Þá hafa síðastliðin misseri verið til rannsóknar mál um afleiðusamninga og skattlagningu þeirra. Þar er um að ræða háar fjárhæðir sem oft hafa ekki verið skattlagðar.

### **Hvaða áhrif hafði efnahagshrunið á störf þín?**

Það má segja að starfið hafi breyst og þróast heilmikið síðastliðin þrjú til fjögur ár. Í kjölfar bankahrunsins komu upp á yfirborðið mörg stór og flókin mál. Þar af eru mörg mál sem

teygja anga sína langt út fyrir landsteinana í margskonar félög og starfsemi erlendis. Þetta kallar á úrlausnir víðtækari lögfræðilegra álitaefna og útkljá þarf fleiri mál nú sem krefjast flóknari samskipta við sakborninga og verjendur þeirra. Verjendur sakborninga láta til sín taka í ríkari mæli nú en áður. Oft er um að ræða efnameiri rannsóknarþola sem hafa einn eða fleiri verjendur sér til aðstoðar. Þá jukust heimildir skattrannsóknarstjóra til aðgerða á rannsóknarstigi mála, svo sem heimild til að krefjast kyrrsetningar fjármuna til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fjársekta og sakarkostnaðar. Með þessum hætti er skattrannsóknarstjóra heimilt að krefjast kyrrsetningar eigna hjá sakborningum máls eða hjá þeim sem ber ábyrgð á skattgreiðslunum.



## Hvernig stendur skattrannsóknarstjóri ríkisins að málflutningi þegar synjað er upplýsingagjöf?

Þegar aðili neitar að veita upplýsingar, t.d. afhenda gögn, hvort sem það er rannsóknarþoli sjálfur eða annar sem nauðsynlegt er að afla gagna hjá, leitar lögfræðingur á vegum embættisins dómsúrskurðar um húsleit eða afhendingu gagna. Aðili máls getur kært þann úrskurð til Hæstaréttar og sér lögfræðingur embættisins um að flytja málið á báðum dómstigum.

Með úrskurð í höndum geta starfsmenn skattrannsóknarstjóra farið inn á einkaheimili fólks eða á aðra staði og sótt þau gögn sem þörf er á vegna rannsóknarinnar. Með starfsmönnum skattrannsóknarstjóra í för eru lögreglumenn og starfsmaður tækni-deildar lögreglunnar eftir því sem ástæða þykir til. Í langflestum tilfellum eru aðilar samvinnuþýðir og viljugir að láta gögn af hendi og því þarf ekki að leita til dómstóla til að fá gögnin afhent.

Þá kemur það fyrir að upplýsingagjöf er ekki sinnt á þann hátt að sakborningur neitar að mæta til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra eða ekki næst í hann. Í þeim tilfellum leitar skattrannsóknarstjóri aðstoðar lögreglu sem færir sakborning til

embættisins til skýrslugjafar. Þarna verður þó alltaf að hafa í huga að aðilum er rétt að neita að tjá sig og upplýsa málið.

## Hvernig er að vinna svona starf með tilliti til þess að þú rekur stórt heimili?

Þetta getur verið annasamt starf og krefst skipulagningar milli vinnu og heimilis til að allt virki saman. Maðurinn minn, Erlingur E. Jónasson, þarf að sinna starfi sínu töluvert erlendis en hann er verkfræðingur hjá Ístak hf. Því getur stundum verið flókið og fylgt því álag að annast ung börn og stórt heimili og vera í krefjandi starfi á meðan hann vinnur erlendis.

Við erum svo lánsöm að eiga stóra og góða fjölskyldu sem auðvelt er að leita til ef á þarf að halda. Okkar nánustu aðstoða okkur mikið. Ég reyni hins vegar að skipuleggja vinnudaginn vel svo ég þurfi ekki oft að vinna fram yfir hefðbundinn vinnutíma, enda er ég ekki viss um að langir vinnudagar skili góðri einbeitingu og þar með góðum árangri.

Það er ekki síður vinna sem tekur við í lok hins hefðbundna vinnudags. Sú vinna, uppeldi barnanna, er mikilvæg og vandmeðfarin. Það þarf að hlúa vel að börnum

sínum svo að þau verði tilbúin að takast á við lífið sem sterkir og ánægðir einstaklingar. Á þessu er vaxandi skilningur í þjóðfélaginu, enda hafa margir vinnustaðir tekið upp sérstaka fjölskyldustefnu sem skapar jafnvægi á milli starfs og heimilis. Skattrannsóknarstjóri hefur hlúð að þessum þætti.

## Hvaða áhrif hefur starfið á félagslega þætti og frístundir?

Varðandi áhrif starfs míns á mitt félagslega umhverfi þá er starfið auðvitað þess eðlis að það tengist mjög persónulegum málefnum fólks, og upp geta komið álitæfni varðandi vensl mín við aðila einstakra mála. Þegar slík er raunin kem ég eðlilega ekki að afgreiðslu málsins. Félagslegir þættir eru mér mikilvægir og ég held að það sé flestum mikils virði að halda góðu sambandi við sína nánustu vini. Ég held góðu sambandi við mína vini og hitti þá reglulega. Þá á ég stóra fjölskyldu og tengslin þar eru sterk. Við verjum miklum tíma saman. Varðandi frístundir þá ver ég mestum tíma með minni fjölskyldu og legg áherslu á útiveru og hreyfingu. Ég reyni að verja a.m.k. 20 mínútum á dag í útiveru, t.d. með göngu eða hlaupaspretti frá heimili mínu í tæru og fersku lofti.





# Ríkisskattstjóri 50 ára

---

Í október síðastliðnum voru liðin 50 ár frá því að ríkisskattstjóraembættið tók formlega til starfa. Sigurbjörn Þorbjörnsson var skipaður ríkisskattstjóri hinn 22. maí 1962 frá 1. október sama ár.

---

Sigurbjörn tók þó til starfa þegar í stað og herma kunnugir menn að hans fyrsta verk eftir að hafa tekið við skipunarbréfinu úr hendi ráðherra hafi verið að ganga á fund Jóns Zophoníassonar, sem var gamall samstarfsmaður Sigurbjörns af skattstofunni í Reykjavík, og leggja drög að starfsháttum hins nýja embættis. Eru spurnir af því að fundur Jóns og Sigurbjörns hafi staðið fram á næsta dag. Lögðu þeir saman drög að starfi embættisins en Jón var þá einn af lykilstjórnendum Skýrr og hafði haft með málefni skattstofanna að gera. Jón varð í hinu nýja skipulagi einn af nánustu ráðgjöfum ríkisskattstjóra og var það raunar æ síðan.

Sigurbjörn Þorbjörnsson opnaði skrifstofu ríkisskattstjóra hinn 1. október 1962, sama dag og nýtt skipulag skattyfirvalda tók gildi. Þessara tímamóta, 50 ára afmælis embættisins, minntust starfsmenn ríkisskattstjóra 2. október síðastliðinn. Þann dag komu starfsmenn saman til að gleðjast, rifja upp sögu skattlagningar og meta stöðuna í ljósi liðinna tíma.

Að vandlega athuguðu máli var ekki haldið samsæti með gestum eins og oft er við slík tímamót, og enn síður voru „léttar veitingar“ á boðstólnum, heldur voru starfsmenn ríkisskattstjóra kallaðir til starfsmannafundar. Sá fundur var þó frábrugðinn

öðrum starfsmannafundum um margt. Ekki voru aðrir gestir viðstaddir en þeir sem fluttu ræður eða ávörp auk fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Fundarstjóri var Guðrún Jenný Jónsdóttir sviðsstjóri alþjóðasamskipta og hélt hún fundarmönnum að verki á skeleggan hátt. Steinþór Haraldsson skrifstofustjóri á atvinnurekstrarsviði, og fyrrum skattstjóri Suðurlandsumdæmis, rakti sögu ríkisskattstjóra með eftirminnilegum hætti með framsetningu sem hönnuð var af Jóhannesi Jónssyni sviðsstjóra skipulagssviðs. Nýskipaður fjármála- og efnahagsráðherra, Katrín Júlíusdóttir, flutti starfsmönnum ríkisskattstjóra árnaðaróskir sínar, þakkaði fyrir áratuga samstarf ríkisskattstjóra og ráðuneytisins og forvera þess, og afhenti embættinu veglega bók að gjöf til varðveislu í bókasafni ríkisskattstjóra.

Hátíðarræðu dagsins flutti Páll Skúlason heimspekingur og prófessor. Ræddi hann um tilgang skatta og eðli þeirra. Inntak ræðu Páls var birt í afmælisriti Tíundar sem kom út sama dag og starfsmannafundurinn var haldinn. Afmælikveðju til starfsmanna fluttu þeir Magnús Pétursson ríkissáttasemjari sem var hagsýslustjóri og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins á árunum 1984-1998, og Indriði H. Þorláksson sem var ríkisskatt-



stjóri á árunum 1999-2006 og starfsmaður fjármálaráðuneytisins 1981-1998.

Katrín Júlíusdóttir fjármála- og efnahagsráðherra opnaði nýja heimasíðu ríkisskattstjóra á fundinum og sagði frá því hvernig hún tengdist tölvumálum í sínum fyrri störfum. Nýr vefur ríkisskattstjóra er um margt mun ítarlegri og aðgengilegri en fyrri útgáfa af rsk.is. Þau Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, Elín Alma Arthursdóttir og Jóhannes Jónsson kynntu nýja vefinn og virkni hans.

Lokaorð fundarins flutti Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri þar sem boðaðar voru nýjar áherslur í starfi embættisins með nýjum gildum og nýjum auðkennisorðum. Sleit hann fundi og þakkaði starfsmönnum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, fyrirlesurum og starfsmönnum ríkisskattstjóra fyrir fundarstörf.

SEP





# Álagningarskoðun lögaðila



## Kristján Gunnarsson


er viðskiptafræðingur. Hann hefur starfað við skattfrankvæmd frá árinu 1989 og er nú skrifstofustjóri á atvinnurekstrarsviði.

sér fyrir en í lok sumars eða eftir sumarleyfi. Mest voru skilin í september, en í þeim mánuði einum var skilað rúmlega 32% framtala þeirra lögaðila sem voru á skattgrunnskrá, eða rúmlega 46% allra framtala lögaðila sem skilað var fyrir álagningu. Má því ljóst vera að framtalsskilin eru ekki í samræmi við fyrirbyggjandi samkomulag ríkisskattstjóra og fagaðilafélaga um skil og engan veginn

ásættanleg. Hefur þetta leitt til þeirrar stöðu að oft vantar framtöl til vinnslu en undir lok álagningarskoðunar er magnið slíkt að erfiðleikum er bundið að komast yfir skoðun allra fyrirbyggjandi framtala. Ójöfn og síðbúin skil geta þannig haft áhrif á gæði þeirrar skoðunar sem framtöl fá, auk þess sem jafnari skil tryggja almennt eðlilegri skoðun framtala. Af þeim rúmlega 25.000 framtölum sem


Framtalsskil lögaðila voru með hefðbundnum hætti á árinu 2012. Opnað var fyrir skil á vefnum þann 31. janúar og fóru þau mjög hægt af stað. Þegar auglýstum skilafresti á framtölum lögaðila lauk þann 31. maí sl. var einungis búið að skila 3.778 framtölum, eða framtölum 10,19% framtalskyldra lögaðila á skattgrunnskrá. Er nokkuð ljóst að framtalsskil einstaklinga hafa þarna mikil áhrif á vinnu endurskoðenda og bókara við framtalsskil lögaðila. Atvinnumenn gátu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum sótt um framlengdan skilafrest til 10. september. Megin forsenda hins framlengda skilafrests var að framtölum yrði skilað jafnt og þétt fram til 10. september. Lokafresturinn var síðan framlengdur til 20. september.

Eftir að álagningarvinnu einstaklinga lauk jukust framtalsskil lögaðila, en eins og fyrri ár tóku þau samt ekki almennilega við



## Framtalskyldir lögaðilar

Fjöldi



skilað var fyrir lok álagningarvinnslu var flestum skilað í gegnum framtalsforritið DK, eða 74,50%, en DK framtalsforritið er eina forritið sinnar gerðar á markaðnum sem stendur. Í gegnum vefsíðu ríkisskattstjóra var 24,57% framtala skilað og 0,92% bárust á pappír. Oft liggur ótrúlega mikil vinna í því að koma á tölvutækt form þessu tæplega eina prósentu sem skilað er á pappír, þar sem útfyllingu framtalseyðublaða er oft verulega ábótavant.

Yfirgnæfandi meirihluti framtala lögaðila sem skilað var fyrir álagningu 2012 var fyrir einkahlutafélög, eða 88,72% framtala. Næst koma sameignarfélög sem voru með 4,36% framtala, 3,64% framtala voru frá samlagsfélögum og samlagshlutafélögum, og 2,42% framtala voru frá hlutafélögum. Önnur félagaform voru með 0,87% framtala.

### Áritun

Áritun á framtöl lögaðila hefur aukist smátt og smátt en er þó ekkert í líkingu við áritun einstaklingsframtala. Áritunin felur í sér bættu þjónustu við framteljendur og vegur þungt hvað því viðkemur að tryggja réttari framtalsgerð. Undanfarin ár hafa verið áritaðar upplýsingar af framtölum fyrra árs vegna birgða í lok árs, niðurfærslu viðskiptakrafna, niðurfærslu birgða, frestaðra tekna



Álagningarskoðun lögaðila beinist að því að tryggja að móttækin framtöl fullnægi tilteknum lágmarkskröfum og séu tæk til að byggja álagningu á

skv. 61. gr. skattalaga, og annars eigin fjár í lok árs. Einnig hafa verið áritaðar upplýsingar um eignastöðu í ársbyrjun samkvæmt eignaskrá RSK 4.01 með framtali fyrra árs, og bústofn samkvæmt landbúnaðarframtali RSK 4.07.

Við framtalsgerð 2012 var bætt við áritun ónotaðs rekstrartaps síðastliðinna 10 ára af framtali fyrra árs nema hjá þeim lögaðilum sem hafa heimild til samsköttunar. Jafnframt var hafin áritun virðisaukaskatts samkvæmt


virðisaukaskattsskýrslum í virðisaukaskattstöflu framtalsins, og inn á eyðublaðið RSK 10.25 ef félag var með tvö eða fleiri virðisaukaskattsnúmer.

Bætt áritun hefur mikla þýðingu við að tryggja betri framtalsgerð og tengingu fjárhagsupplýsinga á milli ára, en nokkur misbrestur hefur verið á því að leiðréttingar ríkisskattstjóra á greindum liðum hafi skilað sér sem skyldi til þeirra sem annast framtalsgerðina hverju sinni.

### Vinnsla framtala

Álagningarskoðun lögaðila beinist að því að tryggja að móttækin framtöl fullnægi tilteknum lágmarkskröfum og séu tæk til að byggja álagningu á. Undanfarin ár hefur vinna við álagningarskoðun tekið miklum breytingum. Fyrir um tuttugu árum voru framtalskyldir lögaðilar mun færri en í dag og gagnaskil ekki eins ítarleg. Fyrst og fremst var um að ræða skil á ársreikningi ásamt tveggja blaðsíðna framtali, og innihélt forsíða framtals línur fyrir skattalegar leiðréttingar en baksíðan greinargerð um eignabreytingar og aðrar athugasemdir framteljanda. Þessu til viðbótar þurftu rekstraraðilar hins vegar að skila ýmsum viðbótarframtölum og eyðublöðum eftir því sem við átti. Má þar helst nefna launafram-

## Vinnsla framtala



tal, framtal vegna markaðsgjalds, skýrslu um útgerð og/eða fiskverkun og verðbreytinga-skýrslu.

Hver einasti ársreikningur var skoðaður vel, samlagning athuguð og niðurstöðutölum fylgt eftir af ársreikningi og yfir á framtal. Þessi aðferð væri illmöguleg í dag þar sem lögaðilum hefur fjölgað mjög mikið, eða úr 9.205 við álagningu 1992 í 37.084 við álagningu 2012 (þar af dánarbú 201). Samhliða þessari fjölgun hefur framtalsgerð almennt orðið flóknari en áður, m.a. vegna aukinna krafna um samræmda skoðun og vinnslu framtala ásamt meiri gagnaöflunar vegna skatteftirlits. Með tilkomu samræmds framtals rekstraraðila RSK 1.04 árið 1997 fækkaði eyðublöðum verulega og fljótlega var tekin upp rafræn regluprófun framtala sem varð grundvöllur vélrænnar skoðunar og vinnslu framtala. Í dag fara öll framtöl lögaðila í gegnum villuprófun fyrir skil, hvort heldur skilað er í gegnum vef ríkisskattstjóra eða úr framtalsforritinu DK. Framtöl sem berast ríkisskattstjóra á pappír eru handslegin inn á vef ríkisskattstjóra og fá því sömu skoðun og þau framtöl sem berast rafrænt.

Að loknum skilum eru framtölin keyrð í gegnum frekari regluprófanir og samanburð við fyrri ár og ýmsar aðrar upplýsingar. Þessum regluprófunum er skipt í fjóra flokka. Fyrsti flokkur inniheldur ýmsar villuprófanir sem beinast að grunnþáttum framtalsgerðar. Má þar nefna athugun á því hvort útfylling upplýsinga um gjaldanda sé rétt, hvort samtölur framtals skili sér rétt, og hvort fjárhæðir sem ættu að vera í samræmi við framtal fyrra árs (eins og yfirfæranlegt tap) séu réttar. Því næst tekur við regluprófun þar sem athugað er nánar hvort framtal sé tækt til álagningar. Skoðun í þessum flokki beinist að fjárhæðum einstakra reita m.t.t.

skattalaga og innbyrðis samhengis reita á framtali, sem og að frekari samanburði við ýmsar ytri upplýsingar og fyrri ár. Næstu tveir flokkar regluprófana eru að jafnaði ekki notaðir við álagningarskoðun, en þeir eru sérstök regluprófun vegna virðisaukaskatts og regluprófun vegna skoðunar framtals eftir álagningu vegna eftirlits og sérstakrar endurskoðunar.



**Hins vegar er skoðun þeirra framtala sem eftir standa að mörgu leyti seinvirkari en var fyrir fáum árum vegna flóknara efnahags- og skattaumhverfis**

Segja má að framtöl fari í gegnum fyrsta flokk regluprófunar við skil í gegnum vef ríkisskattstjóra eða framtalsforritið DK, og valda reglur í þeim flokki því yfirleitt ekki reglufalli eftir skil. Framtöl sem falla á regluprófunum í næsta flokki fá ekki vélræna afgreiðslu, heldur þarf að skoða þau sérstaklega m.t.t. þeirra ábendinga sem fram koma. Liggur meginvinnan fyrir álagningu í skoðun þessara ábendinga auk sérstakra skoðana á grundvelli lista yfir ýmsa

atriði sem erfitt er að koma við í vélrænni vinnslu. Þrátt fyrir áritun er einnig töluvert um leiðréttingar vegna færslna sem dreifast á nokkur ár eða tengjast með beinum hætti stöðu síðasta framtals. Sem dæmi má nefna rangar færslur vegna yfirfæranlegs taps, stöðu eigin fjár og niðurfærslu viðskiptakrafna. Þá er töluvert skrifað út af ófullnægjandi skilum á ársreikningum og launamiðum. Til þess að sem flest framtöl fari vélrænt í gegnum álagningarskoðun, og til að forðast óþarfa bréfaskriftir og símtöl, er því afar brýnt að sendir séu inn ársreikningar samhliða framtalslögum lögaðila, og að búið sé að senda inn launamiða og verktakamiða innan tilskilins frests. Einnig að samræmi sé við upplýsingar af framtali fyrra árs.

Þegar ársreikningar berast seint eða ekki vill bregða við að forsvarsmenn viðkomandi lögaðila standi í þeirri meiningu að búið sé að standa fullnægjandi skil á ársreikningi þar sem honum hafi verið skilað til ársreikningaskrár ríkisskattstjóra. Svo er þó ekki þar sem ársreikningur sem sendur er til ársreikningaskrár er ætlaður til opinberrar birtingar, og má í vissum tilvikum vera samandreginn og mun takmarkaðri en sá sem senda skal með skattframtali. Æskilegt væri að einfalda þetta ferli, t.d. á þann hátt að nægilegt væri að skila einum ársreikningi með skattframtali ásamt sundurliðunum og skýringum sem ársreikningaskrá væri heimilt að nota til birtingar. Þeir sem hins vegar falli undir heimildir til að skila samandregnum ársreikningi gætu sent slíkt eintak til ársreikningaskrár og þannig komið í veg fyrir að ársreikningaskrá notist við þann sem fylgdi skattframtali.

Með endurskoðun reglna sem notaðar eru við regluprófun, hækkan vikmarka, áritun upplýsinga á framtöl og fleiri aðgerða er svo komið að 61,3% framtala fara vélrænt afgreidd í gegnum álagningarskoðun og koma því ekki til frekari skoðunar, nema tilefni sé til skoðunar eftir álagningu á grundvelli eftirlits eða sérstakrar endurskoðunar. Hins vegar er skoðun þeirra framtala sem eftir standa að mörgu leyti seinvirkari en var fyrir fáum árum vegna flóknara efnahags- og skattaumhverfis. Má þar nefna tíðar breytingar á skattalögum og jafnvel breytingar á breytingalögum fyrir gildistöku, mikinn fjölda bráðabirgðaákvæða sem ná yfir skamman tíma og fela í sér dreifingu skattlagningar yfir nokkur ár m.t.t. ýmissa þátta í afkomu félaganna, fjölgun lögaðila sem hafa heimild til samsköttunar, lögaðila með annað reikningsár og heimild til uppgjors í erlendum gjaldmiðli, og fleira í þessum dúr. Allt gerir þetta athugun á framtalsgerðinni flóknari og þyngrí í vöfum en





Magnús Jóhannesson, Guðmundur Hermannsson, Kristján Gunnarsson, Þorsteinn Styrmir Jónsson, Sigmundur Stefánsson, Helga Eyberg Ketilsdóttir, Tryggvi Gíslason, Hrefna Sölvadóttir, Albrecht Bernd Ehmann, Kristín Gunnarsdóttir, Guðmundur Tryggvason, Anna Karín Jónsdóttir, Haraldur Magnússon, Ágústa Þ. Ólafsdóttir, Steina B. Nielsdóttir, Guðlaug Guðjónsdóttir, Ásdís Petra Oddsdóttir, Björg Kristinsdóttir, Brigitte Simon og Kristólína G. Jónsdóttir.

áður. Dæmi um frekar nýlegar breytingar sem skapa aukna vinnu við skoðun eru ákvæði skattalaga um dreifingu gengishagnaðar og gengistaps af eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðli. Samkvæmt orðanna hljóðan er um skylduákvæði að ræða en samt er nokkuð um að farið sé með dreifinguna sem valkvæða. Þá hefur borið á því að með gengisbreytingum gjaldmiðla séu teknar breytingar á markaðsgengi verðbréfa. Auk þess er nokkuð um að dreifing gengistaps og gengishagnaðar frá fyrri árum sé færð með röngum hætti inn á síðari framtöl.

Við álagningarskoðun lögaðila 2012 sætti 1.381 framtal breytingum af þeim rúmlega níu þúsund sem féllu á regluprófunum. Þá var nokkur fjöldi framtala merktur til síðari skoðunar vegna þess að ekki vannst tími til leiðréttinga fyrir álagningu.

Til álagningar voru samþykkt 25.194 framtöl. Þar af voru 15.438 framtöl unnin vélrænt, þ.e. þau komu ekki til skoðunar fyrir álagningu, samanborið við 11.516 við álagningu 2011, 10.452 við álagningu 2010, og



## Við álagningarskoðun lögaðila 2012 sætti 1.381 framtal breytingum af þeim rúmlega níu þúsund sem féllu á regluprófunum. Þá var nokkur fjöldi framtala merktur til síðari skoðunar

7.780 við álagningu 2009. Vélræn afgreiðsla hefur því aukist jafnt og þétt undanfarin ár, frá því að vera rúmlega 30% innsendra framtala í það að vera rúmlega 60%. Hefur þessi aukning sjálfvirkar vinnslu gert kleift að

mæta þeirri fjölgun félaga sem orðið hefur undanfarin ár. Við lok álagningarvinnslu lágu fyrir 125 framtöl sem var hafnað vegna þess að þau þóttu ófullnægjandi eða bárust eftir að skilafresti lauk og ekki náðist að afgreiða fyrir lok vinnslu. Vegna vöntunar á skilum framtala þurfti að áætla álagningu 11.800 lögaðila, eða um 31,82% framtalskyldra lögaðila sem er afar hátt hlutfall. Reynslan sýnir að þó nokkur hluti þessara lögaðila eru félög þar sem starfsemi liggur niðri eða hefur verið hætt. Æskilegt er að félögum þessum verði slitið til að draga úr því óhagræði og kostnaði sem af þeim hlýst fyrir alla hlutaðeigandi.

Eins og fyrri ár má svo búast við að töluverðum fjölda framtala verði skilað næstu vikur og mánuði eftir lok álagningar, en við kærufgreiðslu lögaðila 2011 voru um 3.000 framtöl afgreidd í stað áætlaðra, og frá lokum kærufrests 2011 hafa verið afgreidd rúmlega 2.000 framtöl lögaðila 2011 sem skatterindi (skv. 2. mgr. 101. gr. skattalaga).



Halldór I. Pálsson starfar við eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Hann starfaði áður m.a. sem sérfræðingur hjá KPMG og stundakennari við Háskóla Íslands.

## Eftirlit með ársreikningum og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Ársreikningaskrá tekur við og hefur eftirlit með ársreikningum félaga sem falla undir lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Felst eftirlit ársreikningaskrár í því að ganga úr skugga um að félög skili inn ársreikningi og samstæðureikningi (ef við á) innan tilsettra tímamarka og að reikningurinn uppfylli sett skilyrði um gerð hans. Hægt er að semja ársreikning út frá góðri reikningsskilavenju hér á landi (IS-GAAP) eða samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eins og þeir hafa verið samþykktir af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (IFRS).

Segjast verður að annað viðhorf ríki í dag til eftirlits með ársreikningum íslenskra fyrirtækja en fyrir árið 2008. Markaðsaðilar viðurkenna og ætlast til þess að til staðar séu upplýsingar um fjárhag fyrirtækja á Íslandi, rétt eins og í öðrum Evrópulöndum. Stafar það af því að fjárfestar og kröfuhafar gera í dag ítarlegri kröfur um að fá tímanlegar og réttar upplýsingar um fjárhagslega stöðu og afkomu fyrirtækja. Því hafa fagmenn (endurskoðendur) auk Viðskiptaráðs og Samtaka atvinnulífsins óskað eftir ítarlegri eftirliti af hálfu ársreikningaskrár. Miðlun upplýsinga í gegnum ársreikningaskrá er einn af lykilþáttunum í því ferli að auka gegnsæi og aðhald í atvinnulífinu.

### Hvaða félög semja ársreikninga samkvæmt IFRS ?

Nú er það ekki þannig að menn geti almennt valið hvort ársreikningur og/eða samstæðureikningur sé saminn í samræmi við IS-GAAP eða alþjóðlega reikningsskilastaðla. Reglan er sú að félög skuli nota IS-GAAP nema að þeim sé annað hvort skylt að nota staðlana eða að það sé sérstaklega heimilt. Ákvæði um það hvaða félögum er skylt að nota staðlana, og undir hvaða kringumstæðum öðrum félögum er það heimilt, er að finna í VIII. kafla ársreikningalaga.

Þar kemur fram að félag sem hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skuli beita stöðlunum við samningu samstæðureiknings

síns. Hátti þannig til að félagi sé hins vegar ekki skylt að gera samstæðureikning ber því þess í stað að beita stöðlunum við samningu ársreiknings síns. Einnig skulu félög sem falla undir lög nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi semja ársreikning sinn í samræmi við staðlana. Undanþáguákvæði frá gerð samstæðureiknings í VII. kafla ársreikningalaga gilda ekki ef félagið er með skráð verðbréf á skipulögðum verðbréfamarkaði.

En hvaða félög geta fengið heimild til þess að beita stöðlunum? Í fyrsta lagi er félagi sem skylt er að beita stöðlunum við samningu samstæðureiknings heimilt að beita þeim einnig við samningu ársreiknings síns. Hið sama gildir um dótturfélög sem eru innifalín í samstæðunni og sam-

eignarfélög, samlagsfélög og félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, að því tilskildu að þau séu í meirihlutaeigu félaga í samstæðunni. Einnig mega félög sem eru yfir stærðarmörkum í 1. gr. ársreikningalaga beita stöðlunum við samningu ársreiknings og samstæðureiknings síns.

### Almennt um eftirlit með IFRS reikningsskilum í Evrópu

European Securities and Market Authority (ESMA) fer með yfirumsjón eftirlits með reikningsskilum samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) innan Evrópusambandsins. ESMA hefur gefið út tvo staðla sem snúa að eftirliti með IFRS reikningsskilum. Sá fyrri var samþykktur í janúar 2002 af CERS sem var forveri ESMA. Heitir sá staðall „Standard No. 1 on Financial Information – Enforcement of Standards on Financial Information in Europe.“ Síðari staðallinn var samþykktur í apríl 2003 og heitir hann „Standard No. 2 on Financial Information – Coordination of Enforcement Activities.“

Í fyrri staðlinum eru settar fram tvær meginreglur sem varða tilgang eftirlits og hlutverk eftirlitsaðila innan Evrópusambandsins. Annars vegar er um að ræða þann tilgang með eftirlitinu að vernda fjárfesta og auka trú á fjármálamörkuðum. Það markmið á að nást með því að auka gagnsæi þeirra fjárhagsupplýsinga sem lesendur reikningsskila nota við að meta mögulegar fjárfestingar. Í því skyni er talið afar mikilvægt að tryggja samfellu við beitingu á stöðlunum á evrópskum fjármálamörkuðum. Hins vegar er um að ræða skilgreiningu á hlutverki eftirlitsaðila. Í því felst að fylgjast með því hvort reikningsskilin séu innan þeirra marka sem reikningsskilareglur kveða á um, og ef svo er ekki, að grípa til viðeigandi ráðstafana.


Í framhaldinu setti ESMA á stofn samráðsvettvang fyrir eftirlitsaðila innan Evrópusambandsins, European Enforcers Coordination Session (EECS). Er hér um að ræða reglulega fundi þar sem eftirlitsaðilar með IFRS reikningsskilum hittast.

Markmiðið með seinni staðlinum er að samræma aðgerðir eftirlitsaðila innan Evrópu. Þar koma fram fjórar meginreglur sem eru eftirfarandi:

- Í fyrsta lagi skal eftirlitsaðili tryggja að þegar hann tekur ákvörðun sé hún í samræmi við ákvarðanir sem aðrir eftirlitsaðilar hafa tekið. Ef mögulegt er ber viðkomandi eftirlitsaðila að ráðfæra sig við kollega sína í öðrum löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

## Eftirlitsskyld félög á Ísland

Fjöldi



Annars vegar er um að ræða þann tilgang með eftirlitinu að vernda fjárfesta og auka trú á fjármálamörkuðum. Það markmið á að nást með því að auka gagnsæi þeirra fjárhagsupplýsinga sem lesendur reikningsskila nota við að meta mögulegar fjárfestingar

- Í öðru lagi skal eftirlitsaðili upplýsa aðra eftirlitsaðila um þær ákvarðanir sem hann hefur tekið. Því þarf að skrá lýsingu á atviki og rökstuðning fyrir ákvörðuninni. Ekki þarf að skrá allar ákvarðanir sem eftirlitsaðili hefur tekið. Dæmi um ákvarðanir sem eru undanþegnar skráningu eru ákvarðanir sem fundurinn telur að eigi ekki erindi í gagnabankann, ákvarðanir sem viðkomandi eftirlitsaðili telur ekki þörf á að birta vegna málefnalega ástæðna, eða ákvarðanir sem snerta einföld

reikningshaldsleg úrlausnarefni þó svo að þau teljist verulegt brot.

- Í þriðja lagi skal tryggja trúnað um allar ákvarðanir þar sem ákvörðun og meðfylgjandi atvika lýsing geta falið í sér trúnaðarupplýsingar. Því eru nöfn félaga ekki birt í þeim úrskurðum sem skráðir eru í gagnabanka EECS og er óheimilt að veita utanaðkomandi aðilum aðgang að gagnabankanum. ESMA er þó heimilt að birta nafnlausu úrdrætti til upplýsingar fyrir markaðsaðila.
- Fjórdi reglan lýtur að því að haldnir séu reglulegir fundir á vegum EECS þar sem farið er yfir ákvarðanir og þær greindar.


### Ákvarðanir evrópskra eftirlitsaðila

Tekið skal fram að EECS er ekki stofnun eða félagsskapur sem tekur ákvarðanir sem slíkar um reikningshaldsleg málefni. EECS hvorki samþykkir né hafnar ákvörðunum sem þeir eftirlitsaðilar sem standa að stofnuninni hafa tekið. Hver eftirlitsaðili fyrir sig tekur sínar ákvarðanir sem byggja á eigin dómgreind þeirra, þekkingu og reynslu í hverju tilfelli fyrir sig. Enda þurfa eftirlitsaðilar að starfa í samræmi við sitt eigið regluverk sem getur tekið til annarra atriða og verið misjafnt á milli landa. Dæmi um slíkt eru reglur um út úr hvaða sjóðum megi greiða arð til hluthafa og í framhaldi af því hvernig setja skuli fram eigið fé í reikningsskilum félags.

Það er hlutverk IFRS Interpretation Committee að leggja fram slíka túlkun. Sú nefnd

Milljónir

## Eignir



heyrir undir Alþjóðlega reikningskilaráðið (IASB) og hefur það hlutverk að fara yfir álitafni sem hafa komið upp við beitingu staðlanna og leggja fram túlkun á þeim í samræði við reikningskilanefndir aðildarþjóða IASB.

Tilgangurinn með EECS er eins og áður segir að skapa sameiginlegan umræðugrundvöll fyrir eftirlitsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu. Meginmarkmið EECS er að tryggja samræmda framsetningu á reikningum sem samdir eru í samræmi við staðlana. Stór hluti af starfsemi EECS felst í því að greina og ræða þær ákvarðanir sem hafa verið teknar eða stendur til að taka af einstökum eftirlitsaðilum. Í því skyni starfrækir EECS gagnabanka sem eftirlitsaðilar hafa aðgang að. ESMA hefur gefið út valið safn af úrdráttum úr gagnabanka EECS og er þá að finna á heimasíðu ESMA.

Með birtingu framangreindra úrdrátta er verið að koma skilaboðum til þátttakenda á markaði um hvaða reikningshaldsaðferðir eftirlitsaðilar telji að séu í samræmi við staðlana. Það er hvort eftirlitsaðilar innan Evrópu almennt telji að viðkomandi meðhöndlun sé innan ásættanlegra marka þess sem leyft er samkvæmt stöðlunum. Því hvetur ársreikningaskrá þá aðila sem beita stöðlunum til að kynna sér framangreinda úrdrætti en í dag hafa alls verið gefnir út tólf slíkir. Tekið skal fram að ekki eru birtar allar ákvarðanir sem eftirlitsaðilar hafa skráð í gagnabanka EECS. Ekki eru birtar ákvarðanir sem snúa að einföldum eða augljósum brotum þó svo að þau teljist vera veruleg,

eða ef áður hefur verið birtur úrdráttur um sambærilega ákvörðun.

### Eftirlitsaðilar á Norðurlöndum

Í Svíþjóð fór Övervakningspanelen með eftirlit með framsetningu og skilum ársreikninga, samstæðureikninga og árs-hlutareikninga á árunum 2003 til 2007. Övervakningspanelen er sjálfseignarstofnun sem hefur það að markmiði að stuðla að þróun á góðri reikningskilavenju (GAAP)

með útgáfu staðla í því skyni. Á árinu 2007 tók Finansinspektionen við eftirlitinu og framseldi það til viðkomandi kauphallar, það er Nasdaq OMX og NGM. Því eru gefnar út tvær skýrslur í Svíþjóð um eftirlit með IFRS reikningskilum.

Í Danmörku er Fonsdrádet ábyrgt fyrir eftirlitinu en Fonsdrádet er hluti af Finanstilsynet. Danmörk var frá upphafi virkur meðlimur í EECS og hefur meðal annars gefið út skýrslu um mikilvægismörk sem mælt er með að markaðsaðilar kynni sér. Fonsdrádet gefur út árlega skýrslu um eftirlit með IFRS reikningum og er hægt að finna hana á vef ráðsins.

Í Finnlandi er eftirlitið á vegum finnska fjármálaeftirlitsins (FFSA). Auk þess að fara yfir reikningskil hefur eftirlitið kallað eftir viðbótarupplýsingum vegna beitingar á tilteknum reikningsaðferðum. Sem dæmi má nefna að fjögur fyrirtæki voru beðin um að sýna nákvæma útreikninga á virðisryrnunarprófi á viðskiptavild í bókum þeirra á árinu 2010. FFSA gefur út árlega skýrslu þar sem niðurstöður eftirlits með IFRS reikningum eru birtar.

Í Noregi er Finanstilsynet ábyrgt fyrir eftirlitinu. Á heimasvæði stofnunarinnar er að finna ársskýrslu þar sem niðurstöður eftirlitsins eru birtar.

### Eftirlit með IFRS reikningskilum á Íslandi

Eins og áður hefur komið fram fer ársreikningaskrá með eftirlit með IFRS reikningum á Íslandi. Beinist eftirlitið að ársreikningum,





Haukur Sigurðsson, Halldór I. Pálsson, Skúli Jónsson og Ólafur Magni Sveinsson.

samstæðureikningum og árshlutareikningum þeirra aðila sem skyldugir eru eða heimild hafa til að hafa reikningsskil sín samkvæmt stöðlunum. Eftirlit ársreikningaskrár með IFRS reikningum tekur mið af þeim stöðlum sem ESMA hefur gefið út og því hvernig aðrir eftirlitsaðilar innan Evrópska efnahagssvæðisins haga sínu eftirliti. Ársreikningaskrá notast í því skyni við áhættumat auk þess sem tiltekið lágmarkshlutfall af reikningum fer í gegnum eftirlit á hverju ári. Eftirlitið getur beinst að reikningnum sjálfum eða að tilteknum þáttum í honum.

Við eftirlit er horft á nokkra þætti. Í fyrsta lagi að allir hlutar ársreikningsins séu til staðar, svo sem skýrsla stjórnar. Einnig hvort farið hafi verið eftir ákvæðum laga og reglna við gerð reikningsins, og er þá litið til ákvæða í ársreikningalögum, lögum um hlutafélög og til sérlaga eins og laga um fjármálafyrirtæki. Horft er til þess hvort viðeigandi reikningsskilaaðferðir séu notaðar og hvort upplýsingar um þær og þær tölur sem birtast í reikningnum séu nægjanlegar og í samræmi við staðlana. Mat á því hvort upplýsingar séu nægjanlegar byggir meðal annars á þeirri meginreglu að núverandi og tilvonandi fjárfestar þurfa upplýsingar sem duga til að meta fjárhæðir, tímasetningar og óvissu við væntanlegt fjárstreymi til viðkomandi félags.



**Ef viðkomandi félag veitir ekki umbeðnar upplýsingar innan hæfilegs frests getur ársreikningaskrá beitt félagið dagsektum sem geta numið frá 10 þús. kr. til 100 þús. kr. á dag þangað til umbeðnar upplýsingar hafa borist**

#### **Framkvæmd eftirlits á Íslandi**

Við framkvæmd eftirlitsins getur ársreikningaskrá krafist allra þeirra upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru til að sinna eftirliti. Þar með eru talin vinnuskjöl sem varða reikningsskilin frá stjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda félagsins. Ef viðkomandi

félag veitir ekki umbeðnar upplýsingar innan hæfilegs frests getur ársreikningaskrá beitt félagið dagsektum sem geta numið frá 10 þús. kr. til 100 þús. kr. á dag þangað til umbeðnar upplýsingar hafa borist. Á það skal bent að dagsektir falla ekki niður þó svo að félagið verði síðar við kröfu ársreikningaskrár.

Fjórar niðurstöður eru mögulegar úr eftirliti. Sú fyrsta er sú að engar athugasemdir séu gerðar við reikningsskilin. Önnur er sú að gerðar séu minniháttar athugasemdir sem taka þarf tillit til við samningu næsta reiknings viðkomandi félags. Þriðja er sú að gerðar séu athugasemdir við reikninginn án þess þó að honum sé hafnað og félaginu í framhaldi af því gert skylt að birta athugasemdir ársreikningaskrár á viðeigandi vettvangi. Fjórdi og alvarlegasta niðurstaðan er sú að ársreikningaskrá hafni viðkomandi reikningi.

En hvað gerist ef eftirlit leiðir í ljós að reikningsskil séu ekki fullnægjandi? Ársreikningaskrá getur þá krafist þess að félagið leiðrætti reikningsskilin og að það birti breytingar og/eða viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar. Ársreikningaskrá hefur heimild til þess að birta opinberlega upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á reikningsskilum viðkomandi félags. Einnig getur ársreikningaskrá óskað eftir því við viðkomandi kauphöll að hætt verði tímabundið viðskiptum með verðbréf félagsins.

# Fróði

Sagt er að **Ari fróði Þorgilsson**

(f. 1067 – d. 9. nóvember 1148)

hafi fengið viðurnefni sitt

af því að hann þótti hafa gott minni. Hann er talinn aðalhöfundur **Íslendingabókar** og **Landnámu**, tveggja helstu heimildanna um landnám og byggð á Íslandi.

Eitt meginafrek Ara fróða sem sagnaritara hefur verið talið að hann tímasetti helstu viðburði í sögu Íslands og einn hans helsti kostur **að vilja greina sem sannast frá viðburðum**. Mun hann hafa látið þau orð falla að ef eitthvað væri missagt í hans fræðum þá væri skylt að „**hafa það heldur, er sannara reynist.**“

Á tímum Ara fróða var skrifað á skinn. Seinna kom prentverkið til sögunnar og allt upplýsingaefni var þá prentað og birt á bókar- eða bæklingaformi. Nú til dags eru hefðbundnar handbækur og alfræðibækur að verða börn síns tíma. Meira að segja alfræðiorðabókin Britannica (Encyclopædia Britannica) sem fyrst kom út árið 1768 í Edinborg kemur ekki lengur út á prenti heldur eingöngu rafrænt. Britannica seldist vel og þegar röðin kom að fjórðu útgáfu árið 1809 voru bindin orðin tuttugu en í upphafi útgáfunnar kom ritið út í þremur bindum. Árið 1911 var útgáfa Britannica flutt til Chicago þar sem hún er enn staðsett og er nú í eigu svissnesks auðkífings. Menntamálaráðuneyti Íslands gerði á árinu 1999 samning við útgefanda Britannica þess efnis að öll íslensk IP-net fengju aðgang að vefútgáfu alfræðiorðabókarinnar gegn ákveðnum skilyrðum. Þetta mun hafa verið í fyrsta skipti sem slíkur aðgangur var keyptur fyrir heilt land, en slíkir samningar eru oftast gerðir við einstaka skóla, þá yfirleitt menntaskóla eða háskóla. Mun gjaldið sem greitt var hafa verið afar hagstætt miðað við það verð sem einstaklingur hefði þurft að greiða fyrir slíkan aðgang.

Svona snýst veröldin og við mennirnir með. Það á einnig við um þá sem starfa við skattframkvæmd. Við erum vön sífelldum

”

Einn af mikilvægum kostum við svona upplýsingabrunn er að þar er hægt að safna saman leiðbeiningum og öðrum gögnum frá ári til árs. Þetta er ekki síst mikilvægt þegar stöðugar breytingar eru gerðar bæði á efnispáttum og ekki síður fjárhæðum

breytingum á skattalögum og reglum en jafnframt hafa verið gerðar mjög miklar breytingar á tækniumhverfinu á síðustu árum. Sífelld fleira og fleira verður á rafrænu formi og pappírinn víkur. Þetta hefur m.a.

leitt til þess að mikil samskipti, bæði bein og óbein, eru við einstaklinga og rekstraraðila í gegnum tölvupóst og veraldarvefinn. Ef grannur er skoðaður mætti trúlega tala um byltingu í vinnubrögðum og aðferðum öllum. Vélarnar hafa tekið við mörgum verkefnum sem áður voru unnin af mannshöndinni. Þannig breytast verkefni og tækifæri skapast til annarra verka sem aldrei verður að öllu leyti á færi véla að vinna. Sá bolti hættir ekki að rúlla.

## Rafrænn upplýsingabrunnur

Í gegnum tíðina hafa í skattkerfinu verið gefnir út leiðbeiningabæklingar og rit af ýmsum toga. Hefur þetta efni verið prentað og birt á pappír, bæði fyrir viðskiptavinum og starfsmenn. Þeir sem eiga langan starfsaldur að baki í skattkerfinu hafa reyndar margir hverjir lengi átt þann draum að gerðar yrðu heildstæðar handbækur um skatta og þær gefnar út. Að hluta til hafa þeir draumar ræst, t.d. með útgáfu handbókar um virðisaukaskatt. Þótt vissulega hafi margt gott verið gert í þessum efnunum í gegnum tíðina hefur aldrei tekist að gefa út handbækur um allt sem snýr að skattframkvæmdinni, og ekki heldur að viðhalda því efni sem til er nægilega reglulega. Það er mikið verk að gefa út slíkt efni og kannski enn meira verk að halda því við svo vel sé.



Á árinu 2007 var ákveðið hjá gamla ríkisskattstjóraembættinu að leggja áherslu á gerð rafrænna leiðbeininga og verklagsreglna fyrir starfsmenn skattkerfisins. Horfið var frá því að prenta allt slíkt efni en lögð áhersla á að birta það á innri vef embættisins, hvað sem síðar yrði. Með slíku móti var talið að hægt yrði að birta efnisþætti þegar þeir væru tilbúnir en ekki þyrfti að bíða þangað til heildstæð handbók yrði til. Auk þess yrði auðvelt að uppfæra og leiðrétta eftir því sem efni stæðu til, sem væri mikill kostur, ekki síst á tímum örra breytinga. Ýmislegt hafði þá þegar verið skrifað og birt á innri vefnum, m.a. ýmsar leiðbeiningar um verklag og framkvæmd, en hafist var handa við að auka við þetta efni og breyta framsetningu þess með það í huga að gera efnið aðgengilegra. Jafnframt var ákveðið að reyna að heimfæra úrskurði yfirséðanefndar og dóma beint til einstakra efnisþátta.

Ekki þótti í kot vísað að nefna þennan rafræna upplýsingabrunn Fróða. Þótt margur maðurinn hafi gott minni þá eru möguleikarnir í rafrænum upplýsingabrunnum óþrjúgandi og þeir hafa minni

sem að öðrum ólöstuðum má kalla „ofurminni“. Einn af mikilvægum kostum við svona upplýsingabrunn er að þar er hægt að safna saman leiðbeiningum og öðrum gögnum frá ári til árs. Þetta er ekki síst mikilvægt þegar stöðugar breytingar eru gerðar bæði á efnisþáttum og ekki síður fjárhæðum.

Tíminn flýgur hratt og verkefnin eru mörg. Engan óraði fyrir ýmsu því sem á dagana hefur drifið síðan síðla árs 2007. Vinnan við efnisöflun í Fróða hefur þess vegna ekki gengið alveg eins hratt og vonir stóðu til en samt sem áður er þar nú þegar komið mikið magn upplýsinga og leiðbeininga sem allar eiga að leiða til þess að samræmi verði meira í skattframkvæmdinni og upplýsingagjöf auðveldari.

### Hvað er þegar til?

Nú þegar er í Fróða efni um ýmislegt sem snertir skattframkvæmdina, bæði varðandi beina og óbeina skatta. Sem dæmi má nefna framtalsleiðbeiningar fyrir einstaklinga allt frá árinu 2006 til dagsins í dag, sem og samræmdar leiðbeiningar um yfirferð skatt-

## Elín Alma Arthursdóttir er viðskiptafræðingur og hefur unnið við skattframkvæmd í rúma þrjá áratugi. Hún er sviðsstjóri fagsviðs hjá ríkisskattstjóra.

framtala fyrir álagningu allt frá sameiningu skattstjóraembættanna og ríkisskattstjóra. Þar eru líka lög, reglugerðir og aðrar réttarheimildir ásamt ýmsum leiðbeiningum um virðisaukaskatt, rafræn skil og bifreiðagjöld, svo eitthvað sé nefnt. Verklagsreglur af ýmsum toga eru fyrir hendi. Á það t.d. við um ákvörðun barnabóta, vaxtabóta, ívilnunar og sjómannaafslátt. Allt er þetta tekið saman fyrir hvert ár fyrir sig sem auðveldar vinnu við eldri skattframtöl. Mikið er um að skattyfirvöldum berist erindi varðandi eldri ár og þá léttir það vinnuna að hafa á reiðum höndum verklagsreglur vegna þeirra ára. Smátt og smátt verður á þennan hátt til mikilvægur gagnagrunnur sem nær til margra ára.

4 Skattverð

- 4.1 Almennt
- 4.2 Afhending gegn endurgjaldi í peningum og öðrum verðmætum
  - 4.2.1 Endurgjaldid
  - 4.2.2 Kostnaður o.fl. sem telst til skattverðs
  - 4.2.3 Vextir og verðbætur eftir afhendingu
  - 4.2.4 Útlagður kostnaður
- 4.3 Almennt gangverð - matsverð
  - 4.3.1 Úttekt á vörum og skattskyldri þjónustu
  - 4.3.2 Skipti, gjafir og styrkir
  - 4.3.3 Bygging fasteignar á eigin kostnað
  - 4.3.4 Hagsmunasamband
- 4.4 Sérstakar reglur um skattverð
  - 4.4.1 Sala notaðra vélknúna ökutækja
- 6 Skatthlutfall

VIRÐISAUKASKATTSHANDBÓK

4.2.4.2 Reglur um útlagðan kostnað

Ekki kemur beint fram í lögnum að halda megi útlögðum kostnaði fyrir utan skattverð en telja mgr. 7. gr. felist að það sé (aðeins) sjálfir andvirði hins selda sem reikna skal virðisaukaskatt.

Um útlagðan kostnað eru ákvæði í 21. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráni virðisaukaskattskyldra aðila. Þar segir í 1. mgr. að útlagður kostnaður sé ekki hluti skattverðs skilyrðum er fullnægt:

1. Seljandi endurkrefji kaupanda um kostnaðinn án nokkurs álags eða þóknunar.
2. Sölureikningur vegna kostnaðarinnar sé skráður á nafn kaupanda.
3. Kaupandi fái í hendur frumrit reikningsins eða prentað eintak rafræns sölureiknings rafrænu bókhaldskerfi, ásamt uppgjöri viðskiptanna.

Virðisaukaskattur vegna þessa kostnaðar telst ekki til innskatts seljanda. Hins vegar getur kaupandi talið skattinn til innskatts (bréf 917/99).

Í uppgjöri milli kaupanda og seljanda á að tilgreina fjárhæðir allra reikninga vegna útlagðs kostnaðar og nöfnum seljanda. Áritað eintak uppgjorsins (samrit) er bókhaldsskjal seljanda, reglugerðarinnar.

Ef öllum framangreindum skilyrðum er ekki fullnægt er ekki heimilt að telja útgjöld vegna verks í stað telst vera um að ræða venjuleg kaup aðfangna seljanda og kostnaður vegna þeirra telst sölu til kaupanda.

Ekki er nægilegt að seljandi skrái nafn kaupanda á reikninginn eftir á. Viðskiptin verða að fara (bréf 48/90).

Þrátt fyrir framangreint er heimilt að halda opinberum þjónustugjöldum, sem greidd eru í teng skattskyldri vöru eða þjónustu, fyrir utan skattverð sem útlögðum kostnaði þótt frumrit reikning kaupandi fái ekki frumrit reiknings í hendur enda sé kaupandi endurkráinn um kostnaðinn án þóknunar, sbr. 3. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar. Þetta getur t.d. átt við um bifreiðagjöld, þingfés stimpilgjöld, þinglýsingargjöld og vottorð ýmiss konar.

- 1 Lagabreytingar 2010
- 2 Lagabreytingar 2011
  - 2.1 Lög sett 2011 og taka gildi/koma til framkvæmda á árinu
    - 2.1.1 Arður-laun
    - 2.1.2 Álagning leiðrétt í tilefni af breytingum á lögum
    - 2.1.3 Bankaskattur
    - 2.1.4 Kaupskiptaútgærd (tonnaskattur)
    - 2.1.5 Kolvetnisvinnsla
    - 2.1.6 Kyrrsetning eigna
    - 2.1.7 Reiknað endurgjald/ráðandi aðili
    - 2.1.8 Sjúkdómtryggingar
  - 2.2 Lög sett 2011 og taka gildi/koma til framkvæmda síðar
    - 2.2.1 Arður-heimilt til frádráttar á móti rekstrartekjum
    - 2.2.2 Auðlegðarskattur
    - 2.2.3 Fjársýsluskattur
    - 2.2.4 Gistináttaskattur
    - 2.2.5 Lögjald í lífeyrissjóð
    - 2.2.6 Persónuafsláttur
    - 2.2.8 Söluhagnaður - heimild til frádráttar á móti rekstrartekjum
    - 2.2.9 Vaxtatekjur aðila með takmarkaða skattskyldu

(TSK) LAGABREYTINGAR

2 Lagabreytingar 2011

Eftirfarandi er yfirlit yfir lagabreytingar fyrir árið 2011 og öðru leyti en því að gefið er.

ATH! Í einstökum köflum er mögulegt tilvísanir eru ekki tæmandi. Einstaklingar eru ekki tæmandi.

1 Tekjuskattur. Athugunaer álagningarskoðunar félaga

- 1.1 Almennt
  - 1.2 Skoðun skattframtala félaga
    - 1.2.1 Gengistap / gengishag
    - 1.2.2 Hlutabréfaviðskipti
    - 1.2.3 Eftirgjöf skulda í atvinnu
  - 1.3 Óskattskyldir aðilar RSK1
- 2 Virðisaukaskattur - athugunaer skoðun skattframtals

Unnið hefur verið töluvert efni um málsmeðferð en spurningar þar um eru alltaf uppi og sífellt þarf að rifja upp þær reglur sem gilda. Erfitt er að verða „útlærður“ í þeim efnunum því alltaf koma upp nýjar og nýjar aðstæður. Margar lagabreytingar hafa verið gerðar á undanförunum árum og er fjallað sérstaklega um þær í Fróða. Einnig er fyrir hendi töluvert um fjöllum og leiðbeiningar um heimilan frádrátt á móti tekjum einstaklinga og rekstraraðila, s.s. frádrátt á móti styrkjum einstaklinga og um frádráttarberan rekstrarkostnað.

Nýjasta efnið

Nýjasta efnið sem verið er að vinna fyrir Fróða eru verkferlar og verklagsreglur um virðisaukaskatt. Hefur verið lögð mikil vinna í að samræma alla ferla og kortleggja. Slíkir ferlar eru til þess fallnir að samhæfa öll vinnubrögð og afgreiðslu á málum. Auk þess er um að ræða lið í innra eftirliti. Nokkuð af þessu efni hefur þegar verið birt í Fróða og unnið er í því áfram. Þá hefur verið bætt í efni um frádrátt á móti rekstrartekjum með umfjöllun um fyrningar.

Hvað er næst?

Á næstunni verður haldið áfram að vinna efni í Fróða. Á döfinni er t.d. að endurbæta verklagsreglur um vaxtabætur. Þá er komin af stað vinna við að kortleggja ýmislegt sem snýr að skattasniðgöngu og mun það efni

” Á döfinni er t.d. að endurbæta verklagsreglur um vaxtabætur. Þá er komin af stað vinna við að kortleggja ýmislegt sem snýr að skattasniðgöngu og mun það efni að sjálfsögðu rata inn í Fróða

að sjálfsögðu rata inn í Fróða. Haldið verður áfram að endurbæta enn fleiri verklagsreglur um hina ýmsu þætti, s.s. ákvörðun á ívilnun og verklag í sambandi við þau skattframtöl sem þarf að handreikna, eins og það er nefnt. Handreiknuð eru skattframtöl þeirra sem ekki hafa búið hér á landi nema hluta úr viðkomandi tekjuári, hafa hér á landi skattalega heimilisfesti, hafa tekjur hér á landi án þess að hafa hér búsetu, og eins ef breytingar hafa orðið á hjúskaparstöðu svo dæmi séu tekin, eða aðrar þær breytingar á högum sem kalla

á sérstaka meðhöndlun skattframtalsins.

Þegar nýtt og endurbætt efni er birt í Fróða eru gjarnan haldnir fræðslufundir í kjölfarið fyrir starfsmenn á viðkomandi sviði.

Hvernig verður framhaldið?


Í tengslum við 50 ára afmæli ríkisskattstjóraembættisins var opnaður nýr vefur embættisins, rsk.is. Þar eru nú mun meiri upplýsingar um ýmislegt sem snertir skattframtalshandlinga en áður var. Ætti þetta að auðvelda bæði einstaklingum og rekstraraðilum að gera sér grein fyrir gildandi reglum um það sem snýr að sköttum og skattlagningu, bæði réttindum og skyldum. Sumt af nýju efni á ytri vef embættisins er að stofni til sótt í Fróða og breytt og endurbætt eftir þörfum. Áformað er að halda þeirri vinnu áfram.



Með þessu móti fer að hluta til saman sú vinna sem lögð er í Fróða og aukid efni á ytri vefnum. Þótt ekki sé gert ráð fyrir að þessir tveir vefir, innri og ytri, séu alveg sambærilegir er augljóst að þeir styðja hvor

annan, ef svo má að orði komast. Í raun eru þessar rafrænu upplýsingar „handbækur“ síns tíma. Trúlega er með öllu óþarfi að gera ráð fyrir því að sérstakar handbækur verði prentaðar á vegum ríkisskattstjóra, a.m.k. ekki í náninni framtíð, og varla snýst veröldin á þann veg. Með þessum nýju aðferðum, tækjum og tólum, er

unnt að setja fram mjög mikið magn af upplýsingum og uppfæra þær með skjóttum hætti. Þannig eiga þær að vera í takt við tímann, jafnframt því að efni um eldri ár er líka aðgengilegt. Hafa verður í huga að um gríðarlegt magn af upplýsingum er að ræða og því er mikið verk að viðhalda þeim. Þá er augljóslega töluverð villuhætta þessu samfara þótt auðvitað sé reynt að halda villum í lágmarki. Hjá þeim verður þó aldrei komist. Skekkjur í efni á vef ríkisskattstjóra hafa aldrei lagagildi.





# Reiknaðu nú!

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra, rsk.is, er að finna fjórar reiknivélar þar sem notendur geta sjálfir reiknað út staðgreiðslu, barnabætur, vaxtabætur og bifreiðagjöld. Allar eru þær einfaldar að gerð og auðveldar í notkun.

Á sama stað er einnig boðið upp á rafræna uppflettingu í bifreiðaskrá vegna útreiknings á bifreiðahlunnindum.

## Reiknivél staðgreiðslu

þrep 3 af 3 - útreikningur

**Tekjuárið:** 2012, nóvember

**Hjúskaparstaða:** Einhleypingur

<b>Mánaðarlaun (brúttó)</b>	355.000
-greitt í lífeyrissparnað	-14.200
-viðbótar lífeyrissparnaður	-7.100
<b>Skattstofn</b>	<b>= 333.700</b>
<b>Reiknuð staðgreiðsla</b>	127.611
-persónuafsláttur	-46.532
-uppsafnaður persónuafsláttur	-0
<b>Staðgreiðsla alls</b>	<b>- 81.079</b>
<b>Annar frádráttur alls</b>	- 39.050
<b>Útborguð laun</b>	<b>= 213.571</b>

**Bakka**

Virgni allra reiknivélanna er svipuð; notandinn merkir við þær forsendur sem við hann eiga, skráir inn upplýsingar og smellir á „Reikna“. Allar eru vélarnar í tveimur þrepum, nema reiknivélin fyrir staðgreiðslu sem er í þremur þrepum. Hér á eftir er stutt lýsing á virkni og notkun vélanna.

### Reiknivél fyrir staðgreiðslu

Í fyrsta þrepi er merkt við grunnforsendur, þ.e. hvort reikna eigi viku- eða mánaðarlaun, hvort launþeginn er einhleypur eða með maka og fyrir hvaða launamánuð eigi að reikna.

Í öðru þrepi er launafjárhæðin skráð auk upplýsinga um nýtingu skattkorts og skattkorts maka (í prósentum), og hvort greitt er í lífeyrissjóð og séreignarsjóð. Vilji notandinn reikna út í leiðinni hversu mikið hann fær útborgað er að auki hægt að skrá annan frádrátt, svo sem stéttarfélagsgjald og orlof.

Þriðja þrepið er svo niðurstaðan. Myndin á síðunni hér til vinstri sýnir niðurstöðu útreiknings fyrir einhleyping, og hefur hringur verið dreginn um lykiltölurnar sem eru mánaðarlaun, skattstofn, afdregin staðgreiðsla og útborgað laun.

### Aðrar reiknivélar

Reiknivélin fyrir bifreiðagjöld reiknar fyrir hvert gjaldtímabil, sem er hálf ár. Skráð er eigin þyngd ökutækis og losun koltvísýrings, ef upplýsingar um slíkt liggja fyrir, og reiknast þá gjaldið. Ef ökutækið var keypt/selt á tímabilinu er hægt að velja dagsetningu eigeðaskipta og skiptir þá reiknivélin gjaldinu samkvæmt því.

Til að reikna út barnabætur þarf aðeins að skrá eina fjárhæð sem er tekjustofninn. Hjá hjónum er skráður samanlagður tekjustofn.

## Reiknivél barnabóta

þrep 1 af 2 - forsendur

**Hjúskaparstaða**     Einstætt foreldri  
 Hjón / í sambúð

Tekjuár     ▼

Tekjustofn ársins   

Fjöldi barna   

þar af undir 7 ára   

**Reikna**

Tekjustofn til útreiknings barnabóta er frábrugðinn tekjuskattsstofni að því leyti að fjármagnstekjur eru meðtaldar. Laun frá alþjóðastofnunum sem ekki eru skattlögð koma inn í tekjustofn til útreiknings á barnabótum.

Athugið að barnabætur eru greiddar eftirá vegna barna sem framteljandi hefur hjá sér í árslok. Þannig greiðast engar barnabætur á fæðingarári barnsins. Ef valið er tekjuárið 2011 reiknast barnabætur sem greiddar eru 2012.

Tekið skal fram að útreikningur barnabóta samkvæmt reiknivélinni miðast við þær forsendur sem gefnar eru, en telst ekki bindandi ákvörðun barnabóta.

Þá þarf að merkja við hvort reikna eigi fyrir hjón/sambúðarfólk eða fyrir einstætt foreldri, og skrá fjölda barna. Í niðurstöðu eru bæði sýndar barnabætur alls og hvað barnabótaþegi fær greitt í hverjum ársfjórðungi. Til að reikna út vaxtabætur þarf að skrá fjórar fjárhæðir. Annars vegar eftirstöðvar

og greidd vaxtagjöld af íbúðarlánnum samkvæmt greiðsluseðlum og hins vegar tekjustofn og nettó eign. Auk vaxtabóta fá íbúðakaupendur sérstaka vaxtaniðurgreiðslu í tvö ár og er hún reiknuð út um leið og vaxtabæturnar þar sem það á við.

HH

Haraldur Hansson, Jóhannes Jónsson og Einar Valur Kristinsson vinna allir að tæknilegum lausnum sem boðið er upp á á vefnum rsk.is.



# Staðgreiðsla opinberra gjalda

## Áratugalangur aðdragandi og undirbúningur



### Friðrik G. Olgeirsson

er sagnfræðingur og vinnur að ritun sögu skattkerfisbreytinga á Íslandi 1877-2012.

### Fyrstu hugmyndir um staðgreiðslukerfi

Erfitt er að fullyrða um það hvenær hugmyndin um staðgreiðslu opinberra gjalda, að greiða skatta af tekjum sama ár og þeirra er aflað, kom fyrst fram á Íslandi. Á fjórða áratug 20. aldar var á aðalfundum Félags járníðnarmanna í Reykjavík nokkrum sinnum samþykkt að skora á stjórnvöld að taka upp staðgreiðslu. Sá rökstuðningur fylgdi að það væri launþegum óhagstætt að greiða skatta af launum liðins árs. Á nýju ári væru tekjurnar kannski mun minni en í fyrra og margir gætu því lent í erfiðleikum.<sup>1</sup> Ef til vill höfðu tíð verkföll á þessum árum og atvinnuleysi áhrif á þessa afstöðu félagsmanna en athygli vekur að enn var ekki búið að taka upp staðgreiðslukerfi í nálægum löndum. Vafalítið ályktuðu fleiri verkalýðsfélög á þessum nótum. Ljóst er þó að um þetta var lítið fjallað í fjölmiðlum og lengi verður þess ekki vart að stjórnvöld hafi sýnt málinu áhuga.

Skattamálanefnd Alþingis, sem var að störfum árið 1947, fékk Sigurbjörn Þorbjörnsson, þá starfsmann á Skattstofu Reykjavíkur, sem nýlega var kominn heim frá viðskipta- og skattfræðanámi í Bandaríkjunum, til fundar við sig um ákveðnar hugmyndir um breytingar á skattalögum. Hann notaði þá tækifærið og kynnti nefndinni staðgreiðslukerfið sem hann hafði kynnst vestra með greinargerð eða skýrslu. Hvatti Sigurbjörn til þess að kerfið yrði tekið upp en tillaga hans fékk engan hljómgrunn. Þremur árum seinna var samþykkt ályktun á 13. þingi BSRB þar sem þess var krafist að staðgreiðslukerfi yrði tekið upp.<sup>2</sup>

### Viðreisnarstjórnin setur málið af stað

Meðal þeirra hugmynda sem ráðamenn Viðreisnarstjórnarinnar voru með um skattalagabreytingar í byrjun sjöunda áratugarins var hugsanleg upptaka staðgreiðslukerfis. Eitt af því sem Sigurbjörn Þorbjörnsson, þá nýráðinn fyrsti ríkisskattstjóri, vann að sumarið 1962, þegar hann var að undirbúa opnun skrifstofu ríkisskattstjóra um haustið, var að kanna möguleikana á að taka kerfið upp og ræddi hann um það við ráðamenn Reykjavíkurborgar. Ákveðið var að kanna málið nánar og að minnsta kosti næstu tvö árin var undirbúningur staðgreiðslukerfis meðal helstu verkefna ríkisskattstjóra. Til þess að kynna sér hin ýmsu form staðgreiðsluskattkerfa fór hann til Írlands, Svíþjóðar og Noregs og átti viðræður við sérfræðinga þar og víðar, meðal annars hjá OECD.<sup>3</sup>

Í mars 1963 var borin fram fyrirspurn á Alþingi um það hvenær staðgreiðslan yrði tekin upp og Gunnar Thoroddsen fjármálaráðherra svaraði að það ætti að geta orðið um áramótin 1965–1966. Í viðræðum hans við verkalýðshreyfinguna ári seinna nefndi hann áramótin 1966–1967. Sömu væntingar komu fram hjá ríkisskattstjóra í blaðaviðtali um líkt leiti. Almenningsur og fjölmiðlar sýndu málinu mikinn áhuga og ráðamenn voru töluvert spurðir út í raunhæfar aðgerðir. Í stefnuyfirlýsingu 13. október 1965 tók

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra loks af skarið og gaf út þá yfirlýsingu að ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir því að staðgreiðslukerfi skatta yrði komið á og að stefnt yrði að því að það gæti orðið árið 1967. Í kjölfarið var ríkisskattstjóra falið að sjá um undirbúning málsins og voru ráðnir honum til aðstoðar þeir Helgi V. Jónsson hrl. og löggiltur endurskoðandi og dr. Gísli Blöndal hagsýslustjóri. Undirbúningur þremmenninganna fólst fyrst og fremst í því að afla nánari upplýsinga um staðgreiðslukerfi nágrannalandanna og skilgreina hvaða lagabreytingar yrði að gera á íslenskum skattalögum. Lét Magnús Jónsson, sem varð fjármálaráðherra í maí 1965, svo um mælt í febrúar 1966 að staðgreiðslan sem framkvæmd yrði frá næstu áramótum væri stærsta málið sem unnið væri að af skattyfirvöldum. Viku fyrr vék Sigurbjörn Þorbjörnsson að því sama í útvarpsávarpi og sagði að staðgreiðsla yrði tekin upp um næstu áramót.<sup>4</sup>

Þegar leið á árið 1966 kom betur og betur í ljós að málið var flóknara og vandasamara en menn höfðu haldið og um margar leiðir að velja. Í september fékk fjármálaráðherra tvær skýrslur frá Sigurbirni Þorbjörnssyni. Önnur var um framkvæmd staðgreiðslu í nálægum löndum en í hinnu upplýsti ríkisskattstjóri að komið hefði í ljós að ekki væri hægt að koma nýja kerfinu á nema með því að breyta fyrst ýmsum atriðum í skattalögum. Upptaka staðgreiðslu hefði reynst mun flóknari en hann og samstarfsmenn hans hefðu haldið. Með þessum upplýsingum tók málið nýja stefnu.

### Ráðherra skipar nefnd

Hinn 25. október skipaði ráðherra sjö manna nefnd fulltrúa ríkis og sveitarfélaga til þess að „gera tillögur um, með hvaða hætti og á hvaða grundvelli lögfesta eigi staðgreiðslukerfi opinberra gjalda hér á landi, með hliðsjón af undirbúningsathugunum ríkisskattstjóra.“ Einnig átti nefndin að meta kostnað við nýja kerfið. Formaður hennar var Guðlaugur Þorvaldsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti, en aðrir nefndarmenn Halldór E. Sigurðsson alþingismaður, Jón G.

# Persónufrádráttur verði enn hækkadur Skatt og útsvarsstiginn endurskoðaður á ný

## Staðgreiðslu fyrirkomulag væntanlega 1966

Vísir átti í gær tal við ríkisskattstjóra, Sigurbjörn Þorbjörnsson, um þær breytingar á skattalögunum, sem honum hefir fyrir nokkru verið falið að undirbúa af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Þær breytingar munu felast í tvennu, sagði ríkisskattstjóri við Vísir.

1) Persónufrádráttur verði hækkadur.

2) Skatt- og útsvarsstigabreytingar verði breytt í samræmi við launahækkanir á undanförunum mánuðum, þannig að menn þurfi ekki að greiða hlutfallslega hærra upphæð af launum sínum í skatt og útsvar, þrátt fyrir auknar tekjur.

Meiri tekjuaukning

Í vor, þegar skatta- og útsvarslögin nýju voru samþykkt á Alþingi, var þegar ljóst, segir ríkisskattstjóri, að enn á ný þyrfti að breyta skatt- og útsvarsstigunum vegna þeirra hækkana, sem þá höfðu orðið á kaupgjaldi í landinu, m. a. eftir desemberverkfallið. Í ljós hefir nú komið, að tekjuaukning almennings árið 1963 var mun meiri en reiknað hafði verið með og nýju skattalögin voru byggð á. Til þeirrar aukningar verður að taka tillit í sambandi við þær breytingar, sem nú eru fyrirhugaðar.

— Hve langan tíma mun endurskoðun skatta- og útsvarslaganna, sem hófst í vor, taka?

— Starfið er þegar hafid fyrir nokkru, en efnivíðirinn, þ. e. upplýsingar, sem byggðar eru á framtölum þessa árs, er enn í Skýrsluvélum og kemur ekki þaðan fyrr en í lok þessa mánaðar. Breytingarnar munu síðan koma fram í formi nýrra skatt- og útsvarsлага fyrir næsta ár, 1965.

Staðgreiðsla skatta

— Í ráði er nú að taka upp staðgreiðslu opinberra gjalda? — Já, að undirbúningi þess hefir verið unnið frá því að embætti ríkisskattstjóra var stofnað, í maí 1962. Kostir staðgreiðslufyrirkomulagsins eru þeir, að þá geta menn nokkurn veginn reiknað með því að það sem kemur til útborgunar af launum sé frjálst ráðstöfunaré, því þá hafa opinberu gjöldin þegar verið dregin frá. Er þetta augljóslega mikið hagræði fyrir skattgreiðendur, í stað þess að greiða skatt sinn eftir á eins og nú tíðkast. Á það ekki stiz við, þegar miklar hækkanir verða á tekjum manna eins og nú hefir verið. Ætlunin er að hraða undirbúningi málsins svo sem fram ast er unnt og standa vonir til þess, að staðgreiðslufyrirkomulagið geti gengið í gildi 1966.

Staðgreiðslufyrirkomulagið tíðkast víða um heim, m. a. í Noregi, Svíþjóð, Írlandi og Bandaríkjunum. Við undirbúning málsins hér á landi hefi ég farið til Írlands og kynnt mér fyrirkomulag staðgreiðslu skatta þar, og einnig í Noregi



Sigurbjörn Þorbjörnsson  
ríkisskattstjóri.

og Svíþjóð, bæði í viðræðum hér á landi við erlenda sérfræðinga í skattamálu og á fundum OECD stofnunarinnar í París, um framkvæmd Bandaríkja-

manna í þessu efni ritaði ég skýrslu fyrir Skattamálanefnd þegar árið 1947. Á grundvelli þessara rannsókna hefir embættið athugað hvaða sérfrýrkomulagi þarf að koma á hér á landi með hlífð af sérstæðum atvinnuháttum okkar. Einnig væri mjög æskilegt ef unnt væri að fella ýmsa nefskatta inn í þetta kerfi, svo sem almannaþryggingargjald, sjúkrasamlagsgjald og kirkjugjöld. Þá tíðkast hér ýmsis frádráttur, sem ekki þekkt annars staðar, sem einnig verður að taka tillit til í þessu sambandi, svo sem sjómannafrádráttur, námsfrádráttur og skattavilnanir vegna veikinda.

Málið er mjög umfangsmikið og má í því sambandi geta þess, að gangur málsins var þannig í Noregi að árið 1952 gerði norska þingið samþykkt um að staðgreiðsluinnheimta skyldi tek in upp þar í landi. Síðan voru sett lög 1955 þess efnis, að kerfið skyldi koma til framkvæmda 1. janúar 1957. Þrátt fyrir þennan langa aðdraganda var þó búið að vinna að undirbúningi málsins í 6–7 ár áður en norska þingið gerði fyrstu samþykkt sína í málinu 1952. Sýnir þetta, að málið krefst nokkurs undirbúnings af hálfu skattyfirvalda.

Tómasson skrifstofustjóri, Sigtryggur Klemenzson bankastjóri, Hjámar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, Ólafur Björnsson prófessor og Sigurður Ingimundarson alþingismaður. Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri var skipaður framkvæmdastjóri nefndarinnar og ráðunautur og dr. Gísli Blöndal ritari. Var nefndin beðin að hraða svo störfum sínum að hægt yrði að taka ákvörðun um hugsanlega staðgreiðslu á yfirstandandi þingi. Fljótlega kom í ljós að það var of mikil bjartsýni og var því horfið frá því að taka staðgreiðslu upp í byrjun árs 1967 en eftir því sem næst verður komist var aldrei gefin út nein formleg yfirlýsing um það.<sup>5</sup>

Í fyrirspurnartíma á Alþingi 8. febrúar 1967 spurði Eðvarð Sigurðsson alþingismaður fjármálaráðherra út í staðgreiðsluna. Eðvarð, sem var mikill áhrifamaður í verkalýðshreyfingunni, sagði málið mikið kappsmál fyrir hana og að ríkisstjórnin væri að svíkja gefið loforð. Staðgreiðsla væri í flestum nágrennalöndunum og hefði verið aðalkosningamálið í Danmörku í nýafstöðnum kosningum. Ráðherra sagði að því miður tækist ekki að breyta um kerfi á kjörtímabilinu, málið hefði reynst of flókið. En nefndin sem ynni að því væri að

ljúka störfum og þá mætti vænta þess að málið yrði lagt fyrir Alþingi sem frumvarp eða skýrsla. Það þyrfti að breyta svo mörgu

”

Það væri launþegum óhagstætt að greiða skatta af launum liðins árs. Á nýju ári væru tekjurnar kannski mun minni en í fyrra og margir gætu því lent í erfiðleikum

og nýja kerfið yrði dýrara. Magnús endurtók að hann hefði ekki áttað sig á því hvað þetta væri mikið mál.<sup>6</sup>

## Nefndin skilar skýrslu

Nefnd Guðlaugs Þorvaldssonar skilaði fjármálaráðherra 74 blaðsíðna skýrslu 14. mars 1967. Ekkert er um það sagt hvernig hún var samin en í ljósi framvindu málsins á næstu árum má öruggt telja að Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri sé aðalhöfundur hennar. Í fyrsta kafla af fjórum er almenn lýsing nefndarinnar á staðgreiðslukerfi skatta, kostum þess og göllum. Fram kemur að yfirvöld þurfi í upphafi að ákveða reglur og þær verði að miðast við það að samræmið verði sem mest milli þess hvað fólk greiði í staðgreiðslu ársins og þess sem því ber endanlega að greiða þegar árið er gert upp við álagningu. Þetta er sagt vera helsta vandamálið í staðgreiðslu en eftir því sem kerfið sé einfaldara megi ná fram meiri nákvæmni. Misjafnt sé eftir löndum til hvaða aðilla kerfið nái og hvaða skattar séu innheimtir. Algengast er, segir í skýrslunni, að það nái til einstaklinga en ekki félaga, þau greiði yfirleitt eftirá. Þó séu félög í staðgreiðslukerfinu í Svíþjóð. Algengt sé að stighækkandi tekjuskattar séu innheimtir eftir kerfinu en þó þekkt það að einungis sá hluti tekna sem skattlagður er með jafnri hlutfallstölu sé í því. Þá sé um að ræða almennan tekjuskatt

en auk hans sé kannski settur stighækkandi tekjuaukaskattur á há laun og sá skattur innheimtur utan kerfisins eftirá vegna líklegs ósamræmis í greiðslum. Í nokkrum löndum sé eignarskattur innheimtur í staðgreiðslu enda þótt hann skapi skattyfirvöldum ýmiss konar erfiðleika við setningu skattgreiðslureglna fyrirfram. Nefnskattar, segir nefndin, séu hvergi teknir með í staðgreiðslu.

Fram kemur að algengast sé að vinnuveitendur haldi eftir skatti launþega við hverja útborgun og til að reikna hann út fái þeir sérstakar skatttöflur og skattkort launþega frá skattyfirvöldum með viðeigandi upplýsingum. Sjálfstæðir atvinnurekendur og félög, ef þau eru með í kerfinu, standi sjálf skil á skatti sínum á föstum gjalddögum eftir að skattupphæðin hafi verið áætluð fyrirfram eftir skýrslu þeirra sjálfra.

## Einfalda skattheimtureglan og sú kumulativa

Nefndin greinir frá því að við staðgreiðslu tíðkist tvær meginreglur eftir því hvort litið sé sjálfstætt á hverja launagreiðslu og þann skatt sem haldið sé eftir af henni, eða hvort litið sé á launagreiðslur og skatta af þeim í samhengi við það sem átt hafi sér stað í þessum efnunum á fyrri tímabilum skattársins. Sú fyrri kallist einfalda skattheimtureglan, segir í skýrslunni. Eftir henni er þeim heildarfrádrætti sem skattyfirvöld ákveða hverjum einstökum skattþegni deilt niður á gjalddaga, sem venjulega ákvarðast af venjum um launaútborganir, t.d. mánuði, viku eða degi, og við hverja útborgun er síðan haldið eftir þeim skatti sem launaupphæðin segir til um samkvæmt reglum kerfisins. Á hvert launagreiðslutímabil er litið sjálfstætt – án tillits til tekna og innheimts skatts fyrr á skattárinu. Niðurstaða nefndarinnar er sú að þessi regla eigi best við fastlaunafólk í stöðugri vinnu og með tiltölulega jafnar tekjur, annars sé hætt við að misræmi skapist milli skattgreiðslna á árinu og endanlegs skatts.

Seinni reglan hafi verið kölluð kumulativa skattheimtureglan. Þegar henni er beitt eru við hverja útborgun launa lagðar saman allar launaútborganir fram að þeim tíma á skattárinu og eins er farið með frádrátt fram að þeim tíma. Þannig koma fram samanlagðar skattgjaldstekjur það sem af er árinu og er hægt að lesa skattinn af þeirri upphæð á tilsvarenda skatttöflum. Frá skattinum sem þannig kemur fram er síðan dregin sú upphæð sem haldið hefur verið eftir í skatt af launum viðkomandi skattþegns fram að þessum tíma á skattárinu og er mismunurinn sá skattur sem halda ber eftir við launaútborgunina. Ef fram kemur

við þennan útreikning að þegar sé búið að halda eftir of miklum skatti er launþeganum venjulega strax endurgreiddur mismunurinn af vinnuveitanda. Verði skattþegn án tekna vegna veikinda eða atvinnuleysis einhvern hluta skattársins verður staðgreiðslan sem búið er að framkvæma of mikil og öðlast hann þá rétt til endurgreiðslu. Í því tilviki þarf hann ekki að bíða þar til hann fer að vinna á ný heldur getur hann fengið mismuninn endurgreiddan hjá vinnuveitanda eða með því að snúa sér til skattyfirvalda. Með þessu er hægt að halda skattgreiðslum mjög nálægt því sem þær raunverulega eiga að vera á hverjum tíma og á þá ekki að skipta máli hvort atvinna er stöðug eða ekki. Þetta taldi nefndin kost kumulativu reglunnar fram yfir einföldu regluna en hins vegar fæli hún í sér að kerfið yrði umfangsmeira og erfiðara í framkvæmd, ekki



Þótt margt mæli með því að aðlaga staðgreiðslukerfið að því sem næst óbreyttri skattalöggjöf telur nefndin það leiða til of flókins kerfis og því miðist tillögur hennar við málamiðlun

síst fyrir launagreiðendur þegar staðgreiðsla væri framkvæmd með stighækkandi skattstiga. Skatttöflurnar yrðu gríðarlega margar. Kumulativt staðgreiðslukerfi krefðist því helst einnar hlutfallstölu skattsins.

## Kostir og gallar – önnur lönd

Fyrsta kafla skýrslunnar lýkur nefndin svo á því að meta kosti og galla staðgreiðslukerfis. Einn helsti kosturinn er það öryggi skattgreiðenda að greiða skatta af sömu tekjum og þeir eru lagðir á, greiðslugetan er þá trygg, og öryggi ríkisins að fá tekjur að verðgildi í samræmi við raunverulegan kostnað við framkvæmdir ársins og þar með jafnvægisáhrif á efnahagslífið. Gallar eru þeir helstir að framkvæmd staðgreiðslukerfis krefst aukins átaks, t.d. við miklar lagabreytingar, og kostnaðar hins opinbera. Nefndin telur

að miðað við ástand vinnnumarkaðarins gæti orðið vandamál að ráða nægilegan fjölda nýrra og hæfra manna til starfa að skattamálum og í öðru lagi muni aukin vinna bætast á launagreiðendur við að halda eftir skattgreiðslum. Hugsanlegt sé líka að staðgreiðsla hræði fólk frá vinnu þegar það sjái hvað mikið fari aukalega í skatta við að afla sér viðbótartekna með yfirvinnu og að verkalýðsfélög fari að miða kröfugerð sína við nettólaun í stað brúttólauna.

Í öðrum kafla skýrslunnar er staðgreiðslukerfum fjögurra nágrannalanda lýst. Norsk staðgreiðslulög voru samþykkt árið 1952 en framkvæmdin hófst 1. janúar 1957. Í Svíþjóð var staðgreiðslukerfið lögfest árið 1945 og kom til framkvæmda tveimur árum seinna. Staðgreiðsla var tekin upp í Bretlandi árið 1944 og Írjar samþykktu lög um staðgreiðslu af launatekjum árið 1959 sem gengu í gildi ári seinna. Í Noregi var um að ræða einfalda kerfið sem náði til einstaklinga en atvinnurekendur greiddu sjálfir áætlaðan skatt sinn á ákveðnum gjalddögum. Í Svíþjóð byggði kerfið líka á einföldu reglunni en náði bæði til einstaklinga og félaga. Danir voru ekki búnir að taka upp staðgreiðslu en voru að undirbúa upptöku einfalda kerfisins. Á Bretlandi og Írlandi var kumulativa skattheimtureglan notuð. Staðgreiðslukerfi Breta náði til almenns tekjuskatts til ríkisins, sem var ákveðinn hundradshluti, en ekki viðaukaskattsins sem var stighækkandi skattur á hærri tekjur. Kerfið náði bara til launþega en innheimta skatta sjálfstæðra atvinnurekenda og félaga miðaðist við tekjur fyrra skattárs.

## Tillögur um skipulag staðgreiðslu

Í þriðja kaflanum setur nefndin fram hugmyndir sínar um íslenskt staðgreiðslukerfi og er hann víðamesti hluti skýrslunnar. Þótt margt mæli með því að aðlaga staðgreiðslukerfið að því sem næst óbreyttri skattalöggjöf telur nefndin það leiða til of flókins kerfis og því miðist tillögur hennar við málamiðlun. Breyta beri því bráðnaðsynlegasta til að fá tiltölulega einfalt kerfi. Tillögurnar miðast við að staðgreiðslan sé bráðabirgðagreiðsla og álagning fari fram að skattárinu loknu eftir framtölum skattþegna. Staðgreiðslukerfið nái til allra skattskyldra og gjaldskyldra aðila, einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana. Kerfið á að byggja á einföldu skattheimtureglunni hvað launþega varði. Félög, sjóðir og stofnanir verði krafín um greiðslu á skattárinu eftir áætlun þeirra sjálfra eða eftir ákvörðun skattyfirvalda. Kerfið á að ná til 19 opinberra gjalda, sem nefndin telur upp, en auk þess að takmörk-

## Í STUTTU MÁLI...

**HEIMILISÍÐNADARFÉLAG** Íslands hefur sent frá sér tilkynningu sem lýst er þungum áhyggjum vegna þess ófremdarástands sem ríkir í meðferð og vinnslu íslensku ullaínnar. Var eftirlarandi ályktun samþykkt á félagsfundum 4. mars síðastliðins: „Fundurinn styður framkomna ályktun frá stjórn Stéttarsambands bænda, þar sem óskað er eftir að landbúnaðarráðherra láti fara fram hlutlausu rannsókn á málefnum íslensku ullaínnar.“

**Í SKOÐANAKÖNNUN** sem DV birti í gær kemur fram nokkur breyting á fylgi flokkanna frá síðustu könnun blaðsins. Alþýðubandalag bætir við sig 3,9 prósentustigum og hefði fengið 15,9% ef kosid væri í dag, samkvæmt könnuninni. Framsóknarflokkurinn tapar tveimur prósentustigum frá síðustu könnun og er með 15,9% fylgi. Sjálfstæðisflokkurinn tapar tveimur prósentum frá síðustu könnun blaðsins, er nú með 38,2%. Alþýðuflokkur fékk 19,5% fylgi samkvæmt könnuninni eða um 0,5% meira fylgi en í síðustu könnun. Þetta voru helstu niðurstöður DV.

**FRAMBOD VEGNA** alþing-

# Útsvarsprósentan verður 7,5 prósent

– og gjaldheimta ríkisins vegna innheimtu fyrir sveitarfélög lækkar úr 1% í 0,5%

Það hefur orðið niðurstaðan í félagsmálanefnd efri deildar að þak það, sem frumvarpið um tekjustofna sveitarfélaga í staðgreiðslupakknum lagði til að yrði 7%, er hækkað um hálf prósent, í 7,5%. En eins og fram hefur komið, þá benti útreikningar Þjóðhagsstofnunar til þess að skattkerfisbreytingin mundi hafa í för með sér verulega tekjuskæringu fyrir sveitarfélögin eða allt að 900 milljónum. En talið var í sömu útreikningum að útsvarsprósentan þyrfti að vera a.m.k. 7,2% til að tryggja tekjur sveitarfélaga.

Þá var einnig ákveðið í nefndinni að fjármálaráðuneytinu verði aðeins heimilt að taka 0,5% í þöknun fyrir að innheimta útsvar fyrir sveitarfélögin, en í frumvarpi Þorsteins Pálssonar fjármálaráðherra hafði verið lagt til að þessi þöknun næmi 1% af innheimtu. Mikil andstaða við þessa þöknun til fjármálaráðuneytisins hafði komið fram hjá sveitarfélögunum.

Þrjú af fjórum frumvörpum í staðgreiðslukerfispakknum komu til umræðu í efri deild í gær, en það voru frumvörp um staðgreiðslu opinberra gjalda, um gildistöku

staðgreiðslu opinberra gjalda og um tekju- og eignarskatta. Utan álits meiri hluta fjárhags- og vískaftanefndar skiluðu stjórnarandstöðuflokkarnir þrjár hver sínu álit.

Helsta breytingin sem meiri hlutinn leggur til er að sjómannaafsláttur verði hækkaður úr 150 kr. á dag í 200 kr. Ekki treysti meiri hlutinn sér til að leggja fram fullmótaðar breytingartillögur en lagði áherslu á að tíminn fram að gildistöku staðgreiðslukerfisins um næstu áramót, sérstaklega samaríð, yrði nýtt til að fara ofan í saumana á þeim

atriðum, sem nánari athugunar þurfa, þannig að haustþing gæti tekið á þeim málum.

Þarna er um að ræða atriði eins og endurskoðun ýmissa ákvæða þegar niðurstöður álagningar opinberra gjalda í ár liggja fyrir, athugun ákvæða laganna um húsnæðisbætur og vaxtaafslátt, og hvort taka skuli sérstakt tillit til námsmanna sem eru að ljúka námi og verða af því hagræði eftirgreiðslukerfisins að þurfa ekki að greiða skatt fyrir en ári eftir námslok.

Þ.É.Ó.

uðu leyti til eignarskatts og eignarútsvars. Sagt er að íslenska skattkerfið sé frábrugðið kerfum flestra annarra landa að því leyti að beinir skattar og gjöld sem ekki séu miðuð við tekjur, nefnskattarnir svokölluðu, séu mjög mikilvæg, bæði hjá launþegum og atvinnurekendum. Þess vegna telur nefndin of skammt gengið að láta kerfið einungis ná til tekjuskatta. Nefnskattarnir verði að vera með. Skattþegnar yrðu óánægðir að þurfa að greiða verulegan hluta opinberra gjalda eftir í viðbót við staðgreiðsluna.

Nefndin tekur svo fyrst fyrir staðgreiðslukerfi launþega. Launagreiðendum ber að tilkynna sig á launagreiðendaskrá hjá ríkisskattstjóra. Áður en skattárið hefst þurfa skattfyrirvöld að hafa til reiðu þau gögn sem skattgreiðslur ársins fara eftir, skattkort og skatttöflur, en þær leggja launagreiðendur til grundvallar þegar þeir halda eftir skatti af starfsfólki sínu. Á skattkortinu á að koma fram nafn, nafnúmer, lögheimili, aldur, fjölskyldustærð, tilvísun til skatttöflunúmers og auk þess verða kort sumra launþega auðkennd með skyldusparnaði og aldursundanþágu. Einnig verða gefin út aukaskattkort. Af skatttöflunum eiga launagreiðendur að geta lesið upphæð þeirra opinberu gjalda sem þeim ber að halda eftir miðað við ákveðin greiðslutímabil og

margbreytilegar aðstæður launþeganna. Þeir þættir sem ákvarða uppbyggingu hversrar skatttöflu eru persónufrádráttur einstaklinga, hjóna og barna, tekjuútsvarsstigi ásamt kirkjugarðsgjaldi, tekjuskattstigi ásamt 1% álagi til Byggingasjóðs, fastafrádráttur og nefnskattar. Á hverri skatttöflu er ákveðinn fjöldi skattflokka og er skattþegnum skipað í þá eftir fjölskylduádstöðu þeirra. Persónufrádráttur er reiknaður inn í töfluna þannig að skattupphæð í hinum mismunandi skattflokkum við upphæð sömu tekna lækkar eftir því sem fjölskyldan er stærri. Hins vegar hækkar upphæðin innan hvers flokks eftir því sem tekjur hækka og hún hækkar hlutfallslega eftir því sem áhrif stighækkunar tekjuskattanna gætir. Vegna daglaunamanna þarf að búa til dagtöflur. Við gerð allra taflanna verður leitast við að ná sem mestu samræmi milli skattgreiðslna ársins og endanlegs skatts við álagningu. Vegna mikils fjölda þeirra væri best að afnema stighækkun tekjuskattstíganna en það myndi örugglega valda „stjórnmalalegum vandamálum“ og því ekki hægt að leggja það til. Þeir sem hafa aðrar tekjur en launatekjur, aðallega eignatekjur, skulu sjálfir gera áætlun og greiða skatta af þeim. Nefndin útskýrði jafnframt fjölda atriða og afbrigða frá meginreglunum

nánar sem of langt mál væri að fara út í hér. Samkvæmt tillögunum ber atvinnurekendum að skrá sig eða fyrirtæki sín á sérstaka atvinnurekendaskrá fyrir upphaf hvers skattárs en hana komi skattfyrirvöld til með að nota við gerð gjaldseðla fyrir upphaf ársins sem sýna ákvörðun um staðgreiðslu á komandi skattári. Jafnframt verða atvinnurekendur fyrir upphaf ársins að gera áætlun um tekjur sínar og eignir á komandi ári og greiða mánaðarlega einn tólfta hluta áætlaðra tekjuskatta, eignarskatta, nefnskatta, skyldusparnaðar og annarra skatta. Einnig verður skattfyrirvöldum heimil slík áætlanagerð. Staðgreiðsla atvinnurekstrargjalda verður með öðrum hætti. Atvinnurekendur eiga að greiða bráðabirgðagreiðslur eftir lok hvers ársfjórðungs sem nema einum þriðja hluta atvinnurekstrargjaldanna samkvæmt lokauppgjöri fyrir sama ársfjórðung ársins á undan.

Nefndin telur að ef staðgreiðsla verði tekin upp muni það hafa áhrif á innheimtu og álagningu. Hún hugsar sér því að við embætti ríkisskattstjóra verði þrjár deildir. Ein hafi með höndum yfirstjórn innheimtu, önnur yfirstjórn álagningar og sú þriðja yfirstjórn skattrannsóknna. Innheimtudeildin sjái meðal annars um að skipta fénu milli ríkis, sveitarfélaga og annarra aðila sem eiga að fá sinn skerf. Innheimtumiðstöðvar





Skýrslan hefst á almennri umfjöllun um staðgreiðslukerfi skatta og áhrif þess og er sú umfjöllun með keimlíkum hætti og í fyrri skýrslu. Þá kemur stuttur kafli sem er almenn lýsing á staðgreiðslukerfi skatta og loks hryggjarstykkið: „Tillögur um skipan staðgreiðslukerfis opinberra gjalda hér á landi.“ Tekið er fram að aðeins sé fjallað um meginstefnuna og lágmarkslagabreytingar til þess að hægt sé að taka upp framkvæmanlegt staðgreiðslukerfi, nánari útfærsla bíði þess að kerfinu verði komið á.

Tillögurnar eru að mestu þær sömu og eldri tillögur. Staðgreiðslan á annars vegar að ná til launþega og byggjast á einföldu skatttheimtureglunni og hins vegar staðgreiðslu af sjálfstæðum rekstri og annari atvinnustarfsemi félaga, stofnana og sjóða sem miðast á við áætlun fyrirtækjanna sjálfra eða fara eftir ákvörðun skattfyrvalda. Atvinnurekendur eiga að standa skil á atvinnurekstrargjöldum mánaðarlega og upphæðirnar miðast við reynslu fyrra árs. Einfalda kerfið varð fyrir valinu, sagði nefndin, vegna þess að kumulatíva kerfið krefðist of mikilla breytinga á skattalöggjöfinni. Hún leggur til að samtals 20 gjöld verði í staðgreiðslunni en telur nauðsynlegt að stofn sá sem reikna beri af skatta og útsvör sé hinn sami. Fækka verði hinum mikla aragrúa útsvarsstiga sveitarfélaga og lögbinda einn ákveðinn tekjuútsvarsstiga einstaklinga og hjóna með heimild sveitarstjórna til frávika sem mest mættu vera 10%. Á sama hátt verði að hafa einn stiga fyrir fyrirtæki. Einföldun skattstíganna verði að koma til og samræming persónufrádráttanna í tekjuskatti og tekjuútsvari. Helst þyrfti líka að afnema stighækkun tekjuskattstíganna en vegna fyrrsýðanlegra pólitískra vandkvæða við það veigar nefndin sér við að leggja það til. En fækka verður skattþrepunum eitthvað. Þá er lagt til að frádráttarheimild greidds tekjuútsvars fyrra árs frá tekjum verði afnumin, fjölskyldubætur teljist ekki tekjur en á móti verði persónufrádráttur barna lækkaður. Gögnin sem launagreiðendur eiga að nota við ákvörðun upphæðar opinberra gjalda, sem þeim ber að halda eftir fyrir ríkissjóð, eru skattkort og skatttöflur og sér launagreiðandinn á skattkortinu hvaða skatttöflu hann á að nota. Þeir sem hafa aðrar tekjur en launatekjur, t.d. eignatekjur, arð og vaxtatekjur, áætla þær yfir árið og greiða sjálfir af þeim staðgreiðsluskatt líkt og fyrirtæki og félög komi til með að gera. Nefndin telur erfitt að hafa eignarskatta, nefnskatta og fleiri skatta í staðgreiðslunni en til þess að kerfið nái tilgangi sínum verði þessir skattar að vera með. Hún leggur því til að á skattkortum verði

tilgreind fjárhæð sem launagreiðendum beri að halda eftir og miðist hún við síðustu álagningu eignarskatta og henni skipt niður í greiðslutímabil.

## Nýtt innheimtu- og álagningarkerfi

Varðandi innheimtu- og álagningarkerfi opinberra gjalda telur nefndin að ekki verði komist hjá algerri endurskipulagningu. Í skýrsludrögum var rætt um þriggja deilda ríkisskattstjóraembætti eins og í eldri skýrslu en vegna andstöðu sumra nefndarmanna var því breytt á þann hátt í lokaútgáfunni að látið var nægja að tala um eitt „yfirembætti og innheimtu- og eftirlitsmiðstöðvar í umdæmum“. Kerfið var ekki útskýrt nánar en sagt að álagningarkerfinu í heild, þar með talin gagnrýnin endurskoðun framtalsgagna,



Það skín víða í gegn í skýrslunni að nefndarmenn og ríkisskattstjóri átta sig nú greinilega betur en áður á því að íslenska skattkerfið var flóknara en svo að koma mætti á skilvirku og traustu staðgreiðslukerfi með auðveldum og skjótum hætti

og skattrannsóknunum yrði best háttað þannig að þessi störf yrðu leyst af hendi og stýrt frá einni starfsstöð. Það þýddi meðal annars að álagning útsvara færðist til embættisins eins og allt annað. Álagningaraðili þeirra yrði einn í stað 226. Á sama hátt myndu gildandi lagaákvæði um ákvörðunar- og álagningarkerfi ásamt kæruákvæðum, sem þá væru að meira eða minna leyti í höndum 235 aðila, falla niður. Um allt þetta yrði að semja ný lög. Launþegar kæmu til með að telja fram á einföldu framtali en allir aðrir á margbrotnara eyðublaði. Gögnin færu fyrst til sveitarstjórna sem úrskurðuðu um ívilnunar, þaðan til innheimtumiðstöðva sem framsendu þau til höfuðstöðvar skattamála. Frumálagning færir strax fram í samvinnu

starfsmanna hennar og Skýrr svo hægt yrði að endurgreiða oftekinn skatt eða rukka vangreidd gjöld. Þegar álagning hefði farið fram og skattþegnar vissu stöðu sína samkvæmt álagningarskrá færir fram gagnrýnin endurskoðun og skattrannsóknir. Nefndin sá fyrir sér að Skýrr kæmi meira að þeirri vinnu en áður og það, ásamt aðhaldinu sem fylgdi breyttum starfsháttum, hefði í för með sér að þáverandi endurskoðun framtala á skattstofunum yrði „meira og minna óþörf“:

*Með því móti yrði hægt að einbeita störfum skattfyrvalda að rannsóknum og eftirliti, sem þýðingu hafa. Til þess að slíkt eftirlit og rannsóknir verði ummar á skynsamlegan og hagkvæman hátt, verður að stjórna þeim frá einum og sama stað. Á þann veg verður fyrst hægt að mynda kjarna af vel þjálfuðum og menntuðum starfsmannahópi til slíkra starfa.<sup>11</sup>*


Í skýrslunni setur nefndin fram nákvæmar tillögur um meðferð kærumála og leggur til að áfrýjunarstigidi í staðgreiðslukerfinu verði í höndum þriggja manna nefndar. Það tryggir hraðari málsmeðferð en ef stofnaður yrði skattadómstóll.

## Fyrirvarar og samanburður á skýrslum

Guttormur Sigurbjörnsson og Sigurður Ingi Sigurðsson, fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni, skrifuðu undir skýrsluna með þeim fyrirvara að þeir væru á móti því að leggja skattstjóraembættin og Gjaldheimtuna í Reykjavík niður. Þeir sögðust vera á móti miðstjórnartilhneigingunni sem fælist í skýrslunni. Þeir sögðust jafnframt ekki hafa haft tíma eða aðstöðu til að kryfja ýmis tæknileg framkvæmdaatriði eins rækilega til mergjar og þurft hefði og vildu því ekki bera ábyrgð á þeim tillögum sem gerðar væru í skýrslunni um lausn þeirra. Þær yrði að skoða betur. En almennt séð sögðust þeir fylgjandi staðgreiðslukerfi opinberra gjalda.<sup>12</sup>

Tvennt stendur upp úr þegar skýrsla Ólafsnefndarinnar er metin og borin saman við skýrsluna frá árinu 1967. Fyrra atriðið er það að við gerð hennar, og með starfi nefndarinnar, fékkst sú yfirlýsing Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins að þessir mikilvægu hagsmunaaðilar væru sammála því að taka ætti upp staðgreiðslukerfi. Hitt atriðið er að það skín víða í gegn í skýrslunni að nefndarmenn og ríkisskattstjóri átta sig nú greinilega betur en áður á því að íslenska skattkerfið var flóknara en svo að koma mætti á skilvirku og traustu staðgreiðslukerfi með auðveldum

DV



Þessir menn hafa að undanfögnu verið að semja frumvörp sem gjörbreyta skattkerfinu, meðal annars frumvarp um staðgreiðslu skatta. Hafa þeir þurft að fórna frítíma sínum á kvöldin og um helgar, enda hefur fjármálaráðherra lýst því yfir að hann ætli að koma málinu í gegnum Alþingi fyrir vorið. Þeir eru Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur, Lárus Ögmundsson deildarstjóri, Bolli Héðinsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, Jón Guðmundsson viðskiptafræðingur, Sveinn Jónsson, löggiltur endurskoðandi, Skúli Eggert Þórðarson lögræðingur, Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri og Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri. -KMU/DV-mynd Ragnar S

og skjótum hætti. Skattstigarnir voru margir, persónuafslættir breytilegir og frádráttarliðir alltof margir. En nefndin þorði ekki að ganga nógu langt í einföldun laganna og segir einfaldlega berum orðum að pólitískt ástand í landinu leyfi það ekki. Í staðinn vildi hún aðlaga staðgreiðslukerfið að mestu að gildandi skattkerfi.

Við þetta verður að bæta einu mikilvægu atriði. Tveimur mánuðum eftir að skýrslan var lögð fram upplýsti Ólafur Björnsson um það á Alþingi að þegar verið var að ganga frá henni til afhendingar hefði nefndinni borist bréf frá fulltrúum ASÍ, BSRB og FFSÍ þar sem meðal annars kom fram að þeir legðu á það áherslu að um leið og staðgreiðslunni yrði komið á yrði tekinn upp „hlutfallslegur sameiginlegur tekjuskattur“ í stað stighækkandi skatts. Þetta hefði komið á óvart því nefndarmenn hefðu haldið að einmitt það atriði stríddi gegn stefnu verkalyðshreyfingarinnar og þess vegna hefðu þeir ekki þorað að leggja þetta til í skýrslunni.<sup>13</sup>

### Viðreisnarstjórnin fellur á tíma

Eftir að nefndin hafði skilað skýrslunni héldu margir að loksins færi að stytast í það að staðgreiðslu yrði komið á. Í viðtali við Alþýðublaðið 22. janúar sagðist Ólafur

Björnsson, prófessor og nefndarformaður, búast við að frumvarp um staðgreiðslu yrði lagt fram á yfirstandandi þingi.<sup>14</sup> En þegar stjórnmalamennirnir fóru að skoða skýrsluna og ræða þótti hún sýna enn betur en áður hvað málið var flókið og því vildi ríkisstjórnin fá aftur álit Alþings á því hvort halda ætti áfram með það. Lögð var fram eftirfarandi þingsályktunartillaga 3. mars 1970:

*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta þing frumvarp um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, er sé í meginefnum í samræmi við tillögur nefndar þeirrar, sem Alþingi kaus samkvæmt þingsályktun frá 18. apríl 1967. Skal þó leitast við að gera skattheimtakerfið það einfalt, að staðgreiðsla opinberra gjalda auki ekki kostnað og fyrirhöfn við álagningu og innheimtu gjaldanna.<sup>15</sup>*

Tillagan var rædd 18. mars. Þeir fáu þingmenn sem tóku til máls lýstu sig fylgjandi staðgreiðslu en höfðu ýmsar efasemdir, meðal annars fannst sumum þeirra að væntanlegt frumvarp ætti ekki endilega að miðast við tillögur nefndarinnar í einu og öllu. Þingsályktunartillögunni var vísað til fjárveitinganefndar en nefndarálit barst ekki

og tillagan var ekki tekin aftur á dagskrá. Magnús Jónsson fjármálaráðherra lét þau orð falla á fundi um haustið að hik hefði komið á alþingismenn þegar þeir lásu skýrsluna.<sup>16</sup>

Þingsályktunartillagan var lögð aftur fram 12. október um haustið en þá með þeirri breytingu að ekkert var á það minnst að væntanlegt frumvarp yrði að vera í samræmi við tillögur Ólafsnefndarinnar. Tillagan var tekin til umræðu 3. nóvember og eini maðurinn sem tók til máls var málflytjandi, Magnús Jónsson. Hann lagði á það höfuð-

áherslu að öfugt við það sem nefndin hefði lagt til yrði að einfalda skattkerfið og laga það að fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi. Tillögunni var vísað til fjárveitinganefndar með 35 samhljóða atkvæðum en nefndarálit kom ekki og hún var því ekki tekin aftur á dagskrá.<sup>17</sup>

Framvindu málsins næstu mánuði verður að skoða í víðu samhengi. Vegna innngöngu Íslands í EFTA árið 1970 var unnið að mörgum breytingum á tollamálum og skattamálum um þær mundir. Vilji stjórnvalda stóð til að lækka tekjuskatta á almenn laun en aðlögun skatta fyrirtækja að því sem tíðkaðist erlendis hafði þó forgang. Sérfræðinganevnd vann að þessum lagabreytingum og var fyrsti liður þeirra samþykktur í maí 1970 og tók eingöngu til afmarkaðra atriða hjá fyrirtækjum. Í kjölfar lagasetningarinnar var ákveðið að nefndin endurskoðaði allt skattkerfið, þar á meðal átti hún að endurskoða skatta á einstaklinga og móta tillögur að frumvarpi um staðgreiðslukerfi. Meðan nefndin var að störfum hélt Magnús Jónsson fjármálaráðherra nokkrar ræður á ýmsum stöðum þar sem hann kom inn á staðgreiðslumálið. Þær varpa ljósi á það hvaða stefnu málið var að taka. Hinn 8. september talaði hann á 9. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga og þar sagði ráðherra

að staðgreiðslan ætti langt í land. Fyrst yrði að breyta skattkerfinu. Skattstígarnir væru of margir og frádráttarliðir líka. Ólafsnefndin hefði lagt til að staðgreiðslukerfið yrði aðlagð gildandi skattkerfi en ráðherrann sagðist vilja aðlaga kerfið staðgreiðslunni til þess að tryggja góðan árangur. Það þyrfti því að leggja miklu meiri vinnu í undirbúninginn.<sup>18</sup>

Í ársskýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu um Ísland sem var birt í ársbyrjun 1971 var mælt með því að staðgreiðslukerfi skatta yrði tekið upp. Þar kom fram sú skoðun að kerfið minnkaði tekju-sveiflur ríkisins og ynni gegn verðbólgu. Þessi umsögn hvatti ríkisstjórnina til dáða og þegar Magnús Jónsson talaði fyrir nýju frumvarpi um breytingar á tekjuskattslögum einstaklinga og fyrirtækja á Alþingi fimmtudaginn 11. febrúar 1971 lét hann þess getið að skattlaganefndin væri að leggja drög að algerri uppstokkun skattkerfisins en nánast væri útilokað að taka upp staðgreiðslu við ríkjandi aðstæður. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga væri í uppnámi en ef til vill mætti leysa það vandamál með því að innleiða staðgreiðslukerfi þar sem beinir skattar yrðu innheimtir í einu lagi og síðan skipt milli sveitarfélaga og ríkis. Æskilegt væri líka að afnema fjölda smáskatta. Á Varðarfundum um miðjan mars kom Magnús enn og aftur inn á þessi mál og endurtók fyrri ummæli sín. Við þetta má bæta að í forystugrein dagblaðsins Vísis 28. júní sama ár sagði að ljóst væri að staðgreiðslukerfi skatta ætti langt í land nema alþingismenn þyrðu að gera „stökkbreytingu“ á skattkerfinu og einfalda það verulega.<sup>19</sup>

Í kosningum í júní 1971 missti Viðreisnarstjórnin meirihluta sinn á þingi og þar með var framhald staðgreiðslumálsins í mikilli óvissu. Því hefur verið haldið fram að erfiðleikar í efnahagsmálum í landinu á síðustu árum Viðreisnar, þar á meðal síldarrestur, hafi valdið því að staðgreiðslukerfið var ekki tekið upp. Á því sem hér hefur komið fram má þó sjá að ástæðan var fremur sú að ekki var búið að undirbúa málið nógu vel með því að hverfa frá öllum þeim mikla fjölda frádráttarliða sem einkenndu skattkerfið og allt of mörgum margþrepa skattstígum. Þess vegna óx upptaka nýja kerfisins mönnum í augum. Um það komst Skúli Eggert Þórðarson, núverandi ríkisskattstjóri, svo að orði í tímaritsgrein löngu seinna:

*Án efa var einn mesti þröskuldur þess að málið þokaðist ekki áfram, að ekki var leitað leiða til þess að einfalda tekjuskattsálagninguna um leið og staðgreiðslan*

*var áformuð. Með því að láta það tækifæri fara forgörðum var um leið ljóst að kerfisbreytingin yrði vandasöm og kerfið sjálft flókið og óaðgengilegt.<sup>20</sup>*

## Hæg framvinda

Í málefnasamningi ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, formanns Framsóknarflokksins, sem tók við völdum 14. júlí 1971 voru meðal annars ákvæði um endurskoðun tekjuöflunarleiða ríkisins og alls skattkerfisins, án þess þó að nefnt væri að staðgreiðslukerfi yrði tekið upp. Ríkisstjórnin leysti upp skattanefnd Viðreisnarstjórninnar. 10. ágúst skipaði Halldór E. Sigurðsson fjármálaráðherra fimm manna nefnd til að endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkisins undir



**Meira að segja verður þess vart um þær mundir að staðgreiðslan eigi ekki lengur upp á pallborðið hjá stjórninni. Í langri fjármálaræðu í október kom fjármálaráðherra nánast ekkert inn á staðgreiðsluna**

stjórn Jóns Sigurðssonar ráðuneytisstjóra. Jafnframt voru skipaðar tvær aðrar nefndir, önnur til að endurskoða tryggingakerfið og hin til að endurskoða tekjuöflunarkerfi sveitarfélaga. Meðan þær voru að störfum bar ríkisstjórnin fram frumvörp um breytingar á tekjuskattslögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga og voru þau bæði sögð áfangafrumvörp meðan beðið væri eftir tillögum nefndanna. Frumvörpin voru samþykkt í mars 1972 og með þeim var skattkerfið einfaldað töluvert. Meðal annars voru nefskattar afnumdir, eignatvör voru felld niður og 10% útsvar kom í stað stighækkandi skattstiga. Lét fjármálaráðherra svo um mælt að þessar breytingar væru liður í því að greiða götu staðgreiðslukerfis og verkið yrði svo klárað þegar nefndarálitin bærust.<sup>21</sup>

Nefnd Jóns Sigurðssonar skilaði ráðherra 160 blaðsíðna skýrslu í nóvember 1973.<sup>22</sup>

Þá var farið að halla undan fæti fyrir ríkisstjórninni og hún hafði einfaldlega hvorki tíma né getu til að koma staðgreiðslumálinu áfram. Meira að segja verður þess vart um þær mundir að staðgreiðslan eigi ekki lengur upp á pallborðið hjá stjórninni. Í langri fjármálaræðu í október kom fjármálaráðherra nánast ekkert inn á staðgreiðsluna. Það eina sem hann sagði var það að hann hefði verið henni hlynntur en nýlega hefði hann kynnst kerfinu hjá Dönum, reynsla þeirra væri slæm og þeir hefðu varað Íslendinga við kerfinu. Það bæri að „nálgast“ kerfið en vel þyrfti að athuga marga hluti áður en það yrði tekið upp. Heimildir sýna líka að meðal embættismanna voru skoðanir mjög skiptar um það hvort hentugt væri að taka kerfið upp.<sup>23</sup> Skýrsla nefndar Jóns Sigurðssonar og skýrslur hinna nefndanna tveggja höfðu þó áhrif á ýmsa löggjöf á næstu árum.

## Ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar boðar staðgreiðslu

Eftir kosningar sumarið 1974 tók ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, við völdum 28. ágúst. Í stefnuýfirlýsingu hennar var komist svo að orði að stefnt væri að því að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda sem fyrst. Í ársbyrjun 1975 skipaði Matthías Á. Mathiesen fjármálaráðherra vinnuhópa til að halda endurskoðunarstarfi fyrri ríkisstjórnar í tekjustofnamálinu áfram og sinnti einn þeirra endurskoðun tekju- og eignarskattslaga. Jafnframt fól hann Sigurbirni Þorbjörnssyni ríkisskattstjóra að móta tillögur um það á hvaða grundvelli staðgreiðsla yrði tekin upp. Sigurbjörn skilaði skýrslu í maí 1975 og beinagrind að staðgreiðslukerfi sem nánar átti svo að fylla út í. Í skýrslunni mátti sjá nýtt innlegg í umræðuna en það var útskýring ríkisskattstjóra á mismunandi útfærslum einföldu skattareglunnar á Norðurlöndunum annars vegar og í Vestur-Þýskalandi og Bandaríkjunum hins vegar. Þessi gögn sendi ráðherra 19 aðilum til umsagnar. Af þeim 15 sem svöruðu voru 10 fylgjandi staðgreiðslu. Í stefnuræðu forsætisráðherra á Alþingi 3. nóvember 1977 boðaði Geir Hallgrímsson að frumvarp um staðgreiðslu yrði lagt fram á yfirstandandi þingi og upp frá því var unnið að málinu í samræmi við skýrslu ríkisskattstjóra. Tók endanleg gerð frumvarpsins mið af frumvarpinu um tekju- og eignarskatt og frumvörpum um breytingar á lögum um almannatryggingar og atvinnuleysisstryggingar sem einnig voru í smíðum. Hið fyrirhugaða staðgreiðslukerfi var kynnt þannig í þingræðu og fjölmiðlum að það væri að vestur-Þýskri og bandarískri

fyrirmynd og að farið yrði eftir svonefndri einfaldri reglu staðgreiðslu. Staðgreiðslufrumvarpið var svo lagt fram 17. apríl 1978, sama dag og næstum því byltingarkennt tekju- og eignarskattsfrumvarp og má kalla þau tvíburafrumvörp.<sup>24</sup>

## Staðgreiðslufrumvarpið fær ekki hljómgrunn

Frumvarpið gerði ráð fyrir að um yrði að ræða bráðbirgðagreiðslu allra gjald- eða greiðsluskyldra aðila á opinberum gjöldum á staðgreiðsluárinu. Kerfið átti að ná til alls 13 mismunandi gjalda: tekjuskatts, álags á tekjuskatt samkvæmt ákvæðum laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, útsvars, launaskatts, aðstöðugjalds, landsútsvars, kirkjugarðsgjalds, sóknargjalds, lífeyris- og slysatryggingagjalds, atvinnuleysistryggingagjalds, iðnaðargjalds, iðnlánasjóðsgjalds og iðnaðarmálagjalds en auk þess til greiðslu orlofsfjár og skyldusparnaðar. Heildarskatti launþega átti að skipta niður á ákveðin tímabil sem fylgdu tímabilum launaútborgana. Við hverja launaútborgun yrði þeim skatti sem launaupphæðin segði til um haldið eftir. Launþegi fengi skattkort fyrir upphaf innheimtuárs þar sem fram kæmu upplýsingar um hann og fjölskylduaðstæður hans og leyfðan frádrátt. Kortin bar honum að láta vinnuveitanda sinn fá. Einnig átti launagreiðandi að fá í hendur skattöflur þar sem fram kæmu upphæðir staðgreiðslu sem halda skyldi eftir miðað við ákveðna launaútborgun fyrir ákveðið tímabil annars vegar og fjölskylduaðstæður og aðrar aðstæður launþega samkvæmt skattkorti hins vegar. Fjármálaráðherra bar að ákveða vísitölu staðgreiðsluársins eigi síðar en 15. nóvember á því almanaksári sem næst fór á undan staðgreiðsluárinu og við hana átti gerð skatttaflnanna að miðast. Líta bar sjálfstætt til hverrar einstakrar launaútborgunar, þ.e. án tillits til fyrri launaútborgana og skattgreiðslna launþegans, en það fól í sér í reynd að staðgreiðsla við hverja launaútborgun var við það miðuð að launþegi hefði sömu laun á öðrum launatímabilum skattársins. Að því var stefnt að þetta yrði eins og í Vestur-Þýskalandi en þar höfðu flestir launþegar að fullu lokið skattgreiðslum sínum í lok tekjuársins og þurftu því engu framtali að skila. Upplýsingum um tekjur og staðgreiðslu opinberra gjalda var þar safnað saman frá einu launatímabili til annars og launþegi sem skipti um starf flutti þær á milli launagreiðenda. Launagreiðandi reiknaði út heildarskatta launþegans og innheimti hjá honum við síðustu launagreiðslu ársins það sem á vantaði eða endurgreiddi honum það sem oftekið hafði verið. Þannig

kerfi átti að koma á hér og var reiknað með að staðgreiðslan yrði bráðbirgðagreiðsla á skattárinu en að því loknu færi fram álagning eftir framtölum. Stefnt var að því að tekjuskattslögin yrðu einfölduð á þann veg að launþegi gæti fullnægt framtalsskyldu sinni með einfaldri gerð framtals og að í framtíðinni yrði svo stefnt að því að öllum skattgreiðslum yrði lokið í lok tekjuárs og bein framtalsskylda launþega afnumin. Staðgreiðsla atvinnurekenda og féлага átti að byggja á áætlun þeirra sjálfra og áttu fyrirtækin að greiða mánaðarlega einn tólftha hluta áætlaðra skatta.

Öll framkvæmd laganna átti að vera í höndum ríkisskattstjóra en álagning og innheimta með óbreyttu sniði. Það var með öðrum orðum horfið frá hugmyndunum



Óhjálkvæmilega myndi þó hlutverk ríkisskattstjóra aukast til mikilla muna. Meðal annars yrði það hans verk að sjá um að skipta skatttekjunum milli þeirra sem þær áttu að fá en hann mátti halda eftir 3% fjárins til að standa undir kostnaði af kerfinu

í Ólafsskýrslunni um að bylta kerfinu. Óhjálkvæmilega myndi þó hlutverk ríkisskattstjóra aukast til mikilla muna. Meðal annars yrði það hans verk að sjá um að skipta skatttekjunum milli þeirra sem þær áttu að fá en hann mátti halda eftir 3% fjárins til að standa undir kostnaði af kerfinu. Nánari ákvæði voru í frumvarpinu um öll nauðsynleg atriði, þar á meðal viðurlög við brotum.<sup>25</sup>

Matthías Á. Mathiesen fjármálaráðherra talaði fyrir frumvarpinu 18. apríl. Eftirtekt vekur að hann varði drjúgum tíma í að vekja athygli á göllum staðgreiðslukerfisins, það væri dýrt, að minnsta kosti fyrst í stað, gjaldendur töpuðu hagræðinu af því að geta dregið greiðslur sem lengst, staðgreiðsla myndi ýta undir meiri kaupkröfur

en ella, gjaldendur yrðu ófúsari til að vinna yfirvinnu og fleiri atriði nefndi hann. Enginn þingmaður tók til máls, frumvarpinu var vísað til annarrar umræðu og til fjárhags- og viðskiptanefndar. Nefndarálit kom ekki og þar með var frumvarpið úr sögunni. Hins vegar bar það töluvert á góma við umræður um tekjuskattsfrumvarpið. Mörgum þingmönnum þótti staðgreiðslumálið koma of seint fram og ekki vera nægilega vel undirbúið. Sögðu stjórnarandstæðingar að ekki kæmi til greina að afgreiða frumvarpið.<sup>26</sup> Af orðum Matthíasar Á. Mathiesen í viðtali við Morgunblaðið í ágúst 1978 að dæma er eins og hann, og þá vafalaust fleiri stjórnarmálamenn, hafi einfaldlega skort sannfæringu fyrir því að rétt væri að taka upp staðgreiðslu. Hann sagði:

*Afstaða mín til þessa máls er sú, að ég tel það ekki gefið að taka eigi upp staðgreiðslu opinberra gjalda hér á landi nú. Hins vegar taldi ég nauðsynlegt, þar sem þetta mál hefur verið til umfjöllunar í mörg ár, að gera yrði athugun á kostum og göllum þess að taka upp staðgreiðslu og samið frumvarp sem lagt væri fyrir Alþingi til umfjöllunar og ákvörðunar. Var á síðasta Alþingi í samræmi við það lagt fram frumvarp um staðgreiðslu opinberra gjalda sem ekki fékk endanlega afgreiðslu Alþingis. Ég tel að athuga þurfi mjög ýtarlega hvort staðgreiðslan auki ekki á skrifinnsku og sé dýrari í framkvæmd en núverandi innheimtukerfi og ennfremur hvort það innheimtukerfi sem notað er í dag sé ekki það nærri staðgreiðslu að við það megi una.<sup>27</sup>*

Tekjuskattsfrumvarpið var samþykkt í maí 1978 sem ný grunnlög og komu þau til framkvæmda árið 1980. Lögin fólu í sér meiri breytingar en gerðar höfðu verið á tekjuskattslögunum allt frá árinu 1921. Meðal annars fækkaði frádráttarliðum mikið. Skattgreiðendum var heimilað að velja á milli þess að nota fastan 10% frádrátt eða draga frá lífeyrissjóðsiðgjöld, iðgjöld af lífsábyrgð, gjöld til stéttarféлага, sjúkra- og styrktarsjóða, vaxtagjöld og gjafir til menningarmála. Lögin auðvelduðu því upptöku staðgreiðslukerfis.

## Endurskoðuðu staðgreiðslufrumvarpi hafnað árið 1981

Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar og ríkisstjórn Benedikts Gröndal, sem sátu að völdum á árunum 1978–1980, aðhöfðust ekkert í staðgreiðslumálinu. Hinn 8. febrúar 1980 tók ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen við stjórnartaumunum og í stjórnarsátt-

mála hennar var boðað að frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda yrði lagt fram. Forsætisráðherra áréttaði það í stefnuræðu sinni á Alþingi 23. október 1980. Í kjölfarið var Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri fenginn til að endurskoða frumvarpið frá árinu 1978. Það gerði hann og var hið endurskoðaða frumvarp lagt fram í nóvember 1981. Víða var um orðalagsbreytingar að ræða en í grundvallaratriðum var frumvarpið keimlíkt því gamla. Aðalbreytingarnar voru tvær. Sú fyrri fólst í fækkun gjaldanna sem vera áttu í staðgreiðslu. Hún átti að ná til tekjuskatts einstaklinga, útsvars, kirkjugarðsgjalds og sóknargjalds og til launatengdra gjalda launagreiðenda. Hin meginbreytingin var sú að staðgreiðslan átti ekki að ná til tekjuskatts félaga, eignarskatts einstaklinga og félaga, aðstöðugjalds og nokkurra fleiri liða. En eins og í gamla frumvarpinu átti ríkisskattstjóri að sjá um að skipta skatttekjunum en halda eftir 3% af þeim til að standa undir kostnaði af kerfinu. Gert var ráð fyrir ýmsum nauðsynlegum breytingum á gildandi tekjuskattslögum og jafnframt að samþykkt yrðu sérstök lög um gildistöku staðgreiðslunnar sem yrði varla fyrir en árið 1983.<sup>28</sup>

Fáir þingmenn tóku til máls um frumvarpið. Þeir sem það gerðu sögðust hlynntir staðgreiðslu en efuðust um að málið væri nægilega vel undirbúið. Athygli vekur að eini stjórnarþingmaðurinn sem tók til máls fyrir utan Ragnar Arnalds fjármálaráðherra sem mælti fyrir frumvarpinu, Halldór Ásgrímsson, lýsti þeirri skoðun sinni að höfundur frumvarpsins hefði ekki haft nægilegt samráð við hagsmunaaðila í þjóðfélaginu og það væri alls ekki frágengið í öllum atriðum. Ennfremur taldi Halldór frumvarpið torlesíð, í því væru endurtekningar og allt of mikið af tilvísunum fram og til baka í önnur númer, greinar og málsgreinar frumvarpsins og gildandi laga. Frumvarpinu var vísað til annarrar umræðu og til fjárhags- og viðskiptanefndar en var ekki tekið aftur á dagskrá.<sup>29</sup>

Fleiri aðilum en þingmönnum leist illa á frumvarpið. Má nefna sem dæmi að ASÍ, sem lengi hafði barist fyrir upptöku staðgreiðslukerfis, felldi niður kröfuna um staðgreiðslu á fundi 27. október. Um var að ræða ýmsar kröfur sem sambandið setti fram í viðræðum við atvinnurekendur og ríkið í kjarabaráttu um þær mundir. Alþýðusambandinu leist sem sagt svo illa á frumvarpið að samþykkt var að fara ekki fram á upptöku staðgreiðslu

heldur ekki þingsályktunartillaga þriggja þingmanna listans árið 1986.<sup>31</sup>

Á Vesturlöndum höfðu á undanförunum árum verið gerðar ýmsar breytingar á skattkerfum margra þjóða, þau einfölduð og gerð auðskiljanlegri. Jafnframt hafði áherslan víðast færest frá því að flytja fé frá þeim ríku til þeirra fátæku í gegnum skattkerfið yfir í það að tryggja að fólk með svipaðar tekjur borgaði sambærilega skatta. Víðast hvar hafði staðgreiðslu áður verið komið á og hún var því yfirleitt ekki liður í þessum endurbótum. Íslendingar fylgdust með þróuninni og sömu hugmyndir urðu loks ofan á hér heima. Nefnd sem vann að því að kanna umfang skattsvika skilaði Alþingi skýrslu 18. apríl 1986 þar sem talið var miklu skipta að einfalda skattkerfið. Undanþágum og frádráttarliðum hefði fjölgað frá setningu grunnlaganna árið 1978 og ýmis mál þróast á verri veg með breytingum á þeim. Einfalda mætti skattalöggjöfina með því meðal annars að koma til móts við mismunandi sérþarfir í tryggingalöggjöf, húsnæðislöggjöf og kjarasamningum í stað þess að gera það í skattalögum sjálfum. Niðurfelling undanþága og fækkun frádráttarliða myndi auðvelda öll skattskil, gæti stýtt fresti, dregið úr vinnuálagi á skattstofunum og gert þeim kleift að sinna betur endurskoðun skattframtala og rannsóknnum.<sup>32</sup>

Árið 1986 var Skúli Eggert Þórðarson, þá yfirlögfræðingur hjá ríkisskattstjóra, fenginn til að athuga hvort hægt væri að endurskoða staðgreiðslufrumvarp Sigurbjörns Þorbjörnssonar frá árinu 1981 en hann komst að þeirri niðurstöðu að það borgaði sig að semja nýtt frumvarp. Meðal annars benti hann á, líkt og Halldór Ásgrímsson hafði gert árið 1981, að frumvarpið væri flókið og ekki aðgengilegt fyrir ólöglerða vegna fjölda krossvísana í númer og greinar. Í nóvember skipaði Þorsteinn Pálsson fjármálaráðherra starfshóp til þess að gera tillögur um breytingar á skattalögum en þá hafði í mörg ár verið unnið að

**SKATTKORTIÐ ER ÁVÍSUN - á persónuafslátt þinn**

**SKATTKORT VEGNA STAÐGREIÐSLU OPINBERRA GJALDA VÉRÐA SEND LÖNDMÖNNUM Á NÆSTU DÖGUM. ALLIR SEM VÉRÐA 16 ÁRA OG ELÐRI 1986 FÁ SKATTKORT.**

**HLUTVERK SKATTKORTS**

Skattkort gegnir mikilvægu hlutverki í staðgreiðslu. Það er lykill að réttum aldrætti. Á skattkortinu kemur fram:

- Skattliðfallið það sem draga skal af launum.
- Mánaðarlegur persónuafsláttur.
- Persónulegar upplýsingar s.s. nafn, heimili, kennitala.
- Nafn og kennitala maka.

Telj launamaður að þær upplýsingar sem fram koma á skattkortinu séu ekki réttar, ber honum að snúa sér með skattkortíð til næsta skattsjóra, sem mætur hvort gefa beri út nýtt skattkort.

**NOTKUN SKATTKORTS**

Launamaður skal afhenda launagreiðanda sínum skattkortíð fyrir upphaf staðgreiðslu. Launagreiðandi reiknar síðan staðgreiðslu launamanns á grundvelli þessa upplýsinga sem fram koma á skattkortinu. Hafi launagreiðandi ekki skattort launamanns í vörslu sinni, reiknar hann staðgreiðslu launamannsins samkvæmt skattliðfalli (35,2%) og launamaður fær engan persónuafslátt frá staðgreiðslu. **Persónuafsláttur í staðgreiðslu fæst aðeins gegn framvisun skattkorts.**

Tekjulaus aðili getur afhent maka sínum skattkort sitt. Makinn getur þá nýtt 80% þess persónuafsláttar sem fram kemur á kortinu til viðbótar sínum.

Ef launamaður fylnir ekki persónuafslátt sinn á einum vinnustað, vinnur ef til vill á fleiri stöðum eða vill afhenda maka sínum öryrtan persónuafslátt, getur hann lengið aukaskattkort þar sem mánaðarlegum persónuafslátti er skipt.

**MEÐFERÐ SKATTKORTS**

Það er mikilvægt að lesa vel þær leiðbeiningar sem skattkortinu fylgja og gera viðeigandi ráðstafanir.

Síðan ber að afhenda launagreiðanda skattkortíð til vörslu, annars verður ekki tekið tillit til persónuafsláttar í staðgreiðslu.

Launagreiðandi ber ábyrgð á skattkort meðan það er í vörslu hans.

Þegar skipt er um vinnu afhendir launamaður nýjum launagreiðanda skattkort sitt.

Þeir sem ekki vinna utan heimilis varðveita kort sín sjálfir ef maki getur ekki nýtt sér persónuafsláttinn.

**Athugaðu vel.**

Afhentu launagreiðanda þínum skattkortíð í tæka tíð fyrir fyrsta launaútreikning næsta árs. **Mundu að það er ávísun á persónuafslátt þínum.** Lesu bæklinginn um staðgreiðsluna – það borgar sig.

**Án skattkorts - enginn persónuafsláttur**

**RSK RÍKISSKATTSTJÓRI**

til að koma í veg fyrir að það yrði gert á svo illa í grunduðum forsendum. Meðal annars nefndu fulltrúar sambandsins að fyrirtæki yrðu utan staðgreiðslu og að verið væri að þenja innheimtukerfið út.<sup>30</sup>

### Nýjar hugmyndir koma fram

Áskoranir um að staðgreiðsla yrði tekin upp héldu áfram að birtast í fjölmiðlum. Á haustþingi árið 1984 fluttu þingmenn Kvinnalista um það tillögu að ríkisstjórninni yrði falið að koma á staðgreiðslukerfi skatta en hún náði ekki fram að ganga og

endurskoðun allra meginþátta tekjuöflunar-kerfis ríkisins í ráðuneytinu. Hópnunum bar að kanna einföldun kerfisins, skattlagningu á fjármagnstekjur og aðrar eignatekjur og skattlagningu fyrirtækja, meðal annars með tilliti til reglna um afskriftir og þess hvort lækka mætti álagningarpróscentuna en fella í staðinn niður fjárfestingar- og varasjóðstillag. Loks átti starfshópurinn að íhuga upptöku staðgreiðslukerfis. Dr. Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur var formaður nefndarinnar en hann hafði fyrr um haustið skrifað tvær mjög athyglisverðar greinar í tímaritið *Vísbendingu* um nýlega skattkerfisbreytingu í Bandaríkjunum og nauðsynlegar breytingar á íslenskum skattalögum. Aðrir nefndarmenn voru Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri, Skúli Eggert Þórðarson yfirlögfræðingur og Sveinn Jónsson löggiltur endurskoðandi. Með nefndinni störfuðu frá desember Garðar Valdimarsson nýráðinn ríkisskattstjóri, Jón Guðmundsson deildarstjóri hjá embætti hans og Lárus Ögmundsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu. Bolli Héðinsson efnahagsráðunautur ríkisstjórnarinnar kom líka til starfa í janúar 1987. Við gerð kjarasamninga í nóvember og desember kom fram eindreginn vilji fulltrúa ASÍ og samtaka atvinnurekenda að staðgreiðsla yrði tekin upp. Þá var ákveðið að einföldun kerfisins og nauðsynlegar breytingar vegna staðgreiðslu yrðu forgangsverkefni nefndarinnar til þess að hægt yrði að skila álit og frumvarpsdrögum í lok janúar 1987. Stefnt var að því að breikka skattgrunninn með því að draga inn í hann allar tekjur og tekjuígildi og fella niður frádráttarliði. Það svigrúm sem myndaðist við það yrði fyrst og fremst notað til að hækka skattleysismörk og lækka skatthlutfall. Breytingar á skattlagningu fyrirtækja og bollalaggingar um skattlagningu fjármagnstekna yrðu að bíða þar til seinna.<sup>33</sup>

Nefndin átti gott samstarf við fulltrúa ASÍ, VSÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Um tíma var um það rætt hvort hægt væri að taka upp færeyska kerfið sem öllum þótti snjallt. Þar sá ein bankastofnun um staðgreiðsluna fyrir alla landsmenn. Launagreiðandi tilkynnti hvað starfsmaður væri með í laun og bankinn reiknaði staðgreiðsluna og afhenti launþeganum launin og ríkissjóði afganginn. Þó mat nefndin það svo að þetta fyrirkomulag gengi ekki á Íslandi. Einnig íhugaði nefndin hvort fara ætti út í einstaklingsbundna prósentu eins og Danir voru með um tíma. Þá hafði hver maður ákveðna prósentu, einn borgaði til dæmis 39% skatt, annar 38% eftir því hvað tekjurnar voru miklar. En niðurstaðan varð sú að það gengi ekki, kerfið yrði svo þungt í

vöfum og mannaflsfrekt því sífellt þyrfti að vera að breyta prósentunni eftir breyttum aðstæðum fólks. Þá mótaðist sú hugmynd að búa til kerfi með einni lágrí staðgreiðsluprósentu og háum persónufrádrætti og kom uppástungan um það upphaflega frá Birni Björnssyni og félögum hans hjá ASÍ. Á lokasperttinum byrjuðu sveitarfélög og ríkið að togast á um það hvað hvor aðili fengi hvað og varð það til þess að prósentan varð hærri en að hafði verið stefnt. Nefndin skilaði skýrslu sinni 1. febrúar 1987. Starf hennar, starfsmanna ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneytisins bar þann ávöxt að á fyrstu mánuðum ársins 1987 voru lögð fram fjögur frumvörp sem öll miðuðu að upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda. Voru hugmyndirnar byggðar á einfaldara kerfi en áður og í töluvert breyttu formi. Lögð var á það áhersla að staðgreiðslan væri sem mest sjálfvirk og að ekki þyrfti mikinn mannafla til að halda utan um hana. Tvö frumvarpanna voru samþykkt 16. mars sama ár og hin tvö tveimur dögum seinna. Jafnframt þurfti að gera breytingar á lögum um almannatryggingar. Samstaða náðist meðal stjórnmalaflokkanna um frumvörpin en sumir þingmenn voru þó á móti einstökum ákvæðum þeirra.<sup>34</sup>

## Viðamikil löggjöf um staðgreiðslu

Fyrstu lögin, „Staðgreiðsla opinberra gjalda“, skiptust í níu kafla. Fjallað var um gildisvið og aðild í þeim fyrsta. Meðal annars voru hugtökin launamaður, laun, reiknað endurgjald og launagreiðandi skilgreind. Staðgreiðslan náði til launþega og sjálfstætt starfandi manna en hvorki til tekjuskatts af rekstrarhagnaði né eignatekjum.

Annar kafli fjallaði um tilhögun staðgreiðslu. Gjaldskyldu launamanna á staðgreiðsluári bar að miða við lok þess almanaksárs sem næst fór á undan staðgreiðsluári. Um bráðbirgðagreiðslur var að ræða, uppgjör átti að koma eftir á í lok staðgreiðsluárs, í ágúst, og álagning á eignir. Til þess að staðgreiðslan væri sem réttust var kerfið lagað að verðlagsþróun í landinu með tengingu við lánskjaravísitölu. Launþegar áttu að fá skattkort sem þeim bar að afhenda aðalvinnuveitanda í ársbyrjun eða þegar þeir hófu störf. Einnig voru gefin út aukaskattkort, námsmannaskattkort og skattkort með uppsöfnuðum persónuafslætti í vissum tilvikum. Á skattkortum komu fram persónubundnar upplýsingar um viðkomandi, upplýsingar um skatthlutföll og staðfesting ríkisskattstjóra á því að viðkomandi ætti rétt á persónuafslætti. Ef maki stundaði ekki vinnu mátti líka leggja skattkort hans

inn og fá persónuafslátt hans til frádráttar skatti upp að 80% í stað 100% sem áður var. Kveðið var á um hvernig launagreiðandi ætti að reikna út staðgreiðslu og senda ríkissjóði. Sá sem greiddi laun þurfti innan átta daga frá launagreiðslu að tilkynna sig til ríkisskattstjóra sem bar að halda sérstaka launagreiðendaskrá.

Í þriðja kafla var fjallað um skil á staðgreiðslu. Launagreiðandi átti að skila aftekinni staðgreiðslu mánaðarlega til gjaldheimtna eða innheimtumanna og með varð að fylgja skilagrein í tvíriti til skattstjóra. Hiti og þungi innheimtunnar kom sem sagt til með að hvíla sameiginlega á launagreiðendum og hinu opinbera.

Fjórdi kafli var um yfirstjórn staðgreiðslu sem var í höndum ríkisskattstjóra. Honum bar að halda skrá sem sýndi greiðslustöðu launagreiðenda og launamanna, gefa út reglur og leiðbeiningar varðandi staðgreiðslu og láta gera eyðublöð.

Fimmti kafli fjallaði um upplýsinga- skyldu, eftirlit og fleiri atriði. Þar kom fram að öllum bar að afhenda skattstofum allt það sem þær báðu um. Í sjötta kafla voru ákvæði um viðurlög við brotum ef launagreiðendur skiluðu ekki staðgreiðslufénu og málsmeðferð. Ríkisskattstjóra bar að úrskurða um sektargreiðslur vegna brota á lögnum nema máli væri vísað til rannsóknar og dómsmeðferðar. Sektir gátu numið allt að tífaldrí þeirri fjárhæð sem dregin var undan staðgreiðslu eða vanrækt var að skila. Alvarlegustu brotin gátu leitt til fangelsisvistar.

Sjöundi kafli tók til skiptingar á innheimtufé staðgreiðslu. Í þeim áttunda var fjallað um álagningu skatta og gjalda, uppgjör staðgreiðslu og innheimtu. Skattstjórar áttu að semja álagningarskrá að lokinni álagningu og senda ríkisskattstjóra sem ákvað greiðslustöðu hvers gjaldanda með samanburði á álagningarskrá og staðgreiðsluskrá. Síðan átti hann að búa til innheimtuskrá sem innheimtumenn ríkissjóðs og sveitarsjóða fengju og líka endurgreiðsluskrá um þá sem höfðu borgað of mikið. Í níunda kaflanum voru meðal annars ákvæði þess efnis að lögin tækju ekki gildi fyrr en Alþingi hefði sett sérstök lög um gildistöku þeirra.<sup>35</sup>

## Tekjustofnar sveitarfélaga, skattstofn og álagningarreglur

Sama dag, 16. mars 1987, voru samþykktar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem varð að samræma fyrrnefndum lögum. Aðalbreytingarnar fólust í breyttu fyrirkomulagi álagningar útsvara og í öðru lagi í breytingum á innheimtu þeirra. Stofn til álagningar útsvars varð sá hinn sami og

tekjuskattstofn. Hundraðshluti hámarks útsvars var lækkaður úr 11% í 7,5% og úr 3% í 2% hjá börnum. Eftir sem áður gátu sveitarstjórnir hækkað og lækkað álagninguna um 10% og komu þau frávik eftir á samkvæmt álagningu eftir skattframtali. Hægt var að lækka útsvarið þar sem útsvarsstofn hækkaði við að felldir voru niður eða lækkaðir ýmsir frádráttarliðir og vegna þess að staðgreiðslukerfið leiddi til þess að útsvarið átti að fylgja launabreytingum. Einnig reyndist nauðsynlegt að breyta örlítið innheimtu aðstöðugjalda og bar að greiða þau tíu sinnum á ári. Löggin áttu að taka gildi 1. janúar 1988 og koma til framkvæmda við álagningu útsvara árið 1989 vegna tekna á árinu 1988.<sup>36</sup>

Þriðju löggin fjölluðu um skattstofn og álagningarreglur. Um var að ræða viðamikil lög sem voru í raun aðalatriði staðgreiðslunnar. Helsta breytingin fólst í myndun eins sameiginlegs skattstofns og nýjum álagningarreglum en breytingar á þeim voru eitt helsta skilyrði þess að hægt yrði að taka upp einfalt og skilvirkt staðgreiðslukerfi. Áður var mismunur á tekjuskattstofni og útsvarsstofni sem einkum stafaði af því að ekki voru í báðum tilfellum heimilaðir sömu frádráttarliðir. Árið 1986 var til dæmis útsvarsstofninn af tekjum ársins 1985 um 57,9 milljarðar króna hjá um 161 þúsund framteljendum en tekjuskattstofninn 51,1 milljarður vegna fleiri og hærri frádráttarliða. Með lögum var myndaður einn skattstofn af öllum vergum greiðslum atvinnurekenda til launþega, launum, fríðindum, hlunnindum og tryggingabótum. Einn nýr gjaldstofn kom í stað gamla tekjuskattsins, útsvarsins, sjúkra-tryggingagjalds, gjalds til framkvæmdasjóðs aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds. Einnig var tekið upp eitt skatthlutfall. Hluttur ríkisins var 28,5% en sveitarfélaga á bilinu 6,25%–7,5%. Skatthlutfallið gat því verið á bilinu 34,75%–36%.

Flestir frádráttarliðir sem tilheyrðu gamla tekjuskattinum voru felldir niður: kostnaður við stofnun heimilis, iðgjöld af lífeyrissjóði, stéttarfélagsgjöld, iðgjöld af lífsábyrgð, vaxtagjöld, gjafir til menningarmála og 10% fasti frádrátturinn. Eftir stóðu útgjöld vegna ökutækjastyrkja og dagpeninga, sérstök verðlaun og tilgreindir happdrættisvinningar, vaxtatekjur, afföll og gengishagnaður utan atvinnurekstrar, fenginn arður og fé fært félagsmanni til séreignar í stofnsjóði félags og fjárfesting í atvinnurekstri. Þessir liðir voru þó utan staðgreiðslunnar. Á móti hækkaði persónuafslátturinn um helming, varð 11.500 krónur á mánuði, og átti að hækka tvisvar á ári eftir lánskjaravísitölu. Afslátturinn

svaraði til þess að tekjur neðan við um það bil 33 þúsund krónur á mánuði væru skattfrjálsar hjá einstaklingum og 59–66 þúsund hjá barnlausum hjónum. Með þessum breytingum hefði sameiginlegur skattstofn á árinu 1986 orðið 64,7 milljarðar króna í stað áður nefndra upphæða, 57,9 milljarða og 51,1 milljarðs. Þegar búið var að draga persónuafslátt frá staðgreiðsluskattstofni kom skatturinn út og honum var skipt milli ríkis og sveitarfélaga í hlutföllunum 28,5% og 6,25%. Af ríkishlutanum reiknuðust 0,26% sem sóknargjöld og 0,13% sem kirkjugarðsgjöld. Af honum voru einnig reiknaðar barnabætur og barnabótaauki, sjómannaafsláttur sem kom í stað sjómannafrádráttar, og húsnæðisbætur sem komu í stað vaxtafrádráttar húsbýggjenda.



## Skattbyrðin og dreifing hennar átti að vera svipuð og áður var að því frátöldu að skattleysismörk áttu að hækka verulega

Þær voru 55 þúsund krónur á ári í sex ár til þeirra sem byggðu eða keyptu íbúð í fyrsta sinn. Með þessu móti var hægt að halda þessum liðum utan skattkerfisins og þar með staðgreiðslunnar.

Reglur um reiknað endurgjald voru hertar nokkuð. Ríkisskattstjóra bar að ákveða lágmark endurgjalds sem maður sem stundaði rekstur átti að miða staðgreiðslu sína við og nú varð hann að gera það á árinu en ekki í lok tekjuárs eins og áður. Gjöldin sem ekki komu inn í staðgreiðslukerfið voru skattar af eignatekjum og rekstrarhagnaði, eignarskattar og skattar lögaðila.

Reiknistofnun Háskóla Íslands sá um margháttada útreikninga og gerð líkana varðandi breytingarnar og sýndu útreikningarnir að skattleysismörk hækkuðu og ofan þeirra myndu skattar lækka um allt að 5–6%, minnst hjá einhleypu fólki og þeim tekjuhæstu. Jafnframt var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs gætu lækkað um næstum 300 milljónir króna. Það var þó óvissu háð því breikkaður skattstofn, staðgreiðslukerfið sjálft og betri framtalsskil tekna sjálfstætt starfandi manna voru liðir sem reiknað

var með að skilufðu ríkinu auknum tekjum. Gildistaka laganna var sú sama og í fyrrnefndum lögum.<sup>37</sup>

## Sérstök lög um gildistöku

Loks voru samþykkt sérstök lög með yfirskriftinni „Gildistaka laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.“<sup>38</sup> Það var nýmæli í íslenskrum löggjöf að setja sérstök lög um gildistöku áður samþykkt laga en víða gert erlendis. Í fyrstu grein laganna stóð: „Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda öðlast gildi 1. janúar 1988.“ Auk þess voru líka reglur í lögum um það hvernig háttu bæri skattlagningu á tekjur fólks á síðasta tekjuári áður en staðgreiðslan tæki gildi. Skattlagning tekna ársins 1987 á árinu 1988 átti að fara fram með hefðbundnum hætti og allir áttu að skila framtali í ársbyrjun 1988. Að lokinni álagningu bar að fella innheimtu tekjuskatts og útsvars á allar venjulegar launatekjur manna niður en komið var í veg fyrir að þeir sem aðstæður hefðu til gætu talið fram óeðlilega háar tekjur á skattlausu árinu, til dæmis sjálfstætt starfandi menn. Af slíkum umframtekjum voru viðkomandi látnir greiða skatta og voru samþykkt um það sérstök lög.<sup>39</sup> En þeir voru margir sem vildu nýta sér skattlausu árið. Þannig minntist Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra ársins þegar hann var seinna að vinna við ævisögu sína:

*Þenslan árið 1987 á sér fáar hliðstæður í Íslandssögunni. Gullgrafaraandi var ríkjandi í öllu efnahagslífinu. .. Námsmenn tóku sér hlé frá námi til að afla sér skattfrjálsra peninga. Allir sem vettlingi gátu valdið unnu myrkranna á milli. Framkvæmdir og fjárfestingar voru gríðarlegar. Í höfuðborginni risu stórhýsi og verslunarhallir á hverju horni. Alls staðar vantaði fólk í vinnu. Launaskrið og yfirborganir gengu yfir allan vinnumarkaðinn. Lánsfé virtist á hverju strái. Einkaneyslan jókst að sama skapi. Bílar, heimilistæki, tölvur og utanlandsferðir seldust eins og heitar lummur. Bjartsýni jókst og lántökur ekki síður. Kaupleigufyrirtæki stórjuku starfsemi sína.<sup>40</sup>*

## Breytingar á síðustu stundu

Eins og nánar er fjallað um á eftir í þætti um framkvæmd staðgreiðslulaganna störfuðu nokkrir hópar á árinu 1987 við að undirbúa upptöku hins nýja kerfis og meðan á þeirri vinnu stóð komu upp hugmyndir um nokkur atriði sem betur væri fyrir komið með öðrum hætti en kveðið var á um í nýsettum lögum. Þess vegna komu fram nokkrar síðbúnar lagabreytingar en frá upphafi hafði verið reiknað með að það myndi gerast.

Fyrsta lagabreytingin af þremur var samþykkt 18. desember 1987. Helstu atriðin voru þau að gerð skattkorta var flýtt til þess að launafólk gæti afhent launagreiðendum þau fyrir byrjun staðgreiðsluár svo þeir hefðu tíma til að gera allt klárt, til einföldunar var leyft að undanskilja lágar upphæðir staðgreiðslu, launagreiðendum var gert að halda sérstakt launabókhald, heimildir ríkisskattstjóra til að gefa út aukaskattkort voru rýmkaðar, sjómannaafslátturinn var tekinn inn í staðgreiðsluna og sérstakri nefnd var falið að sjá um sektarúrskurði vegna brota á staðgreiðslulögunum í stað ríkisskattstjóra. Í henni sátu tveir fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu og einn frá embætti ríkisskattstjóra. Fjórum dögum seinna voru enn samþykktar breytingar á ákvæðum um persónuafslátt, barnabætur, barnbótaauka og húsnæðisbætur. Þessir liðir voru hækkaðir um allt að 10% umfram það sem búið var að samþykkja til þess að staðið yrði við þau áform að skattlagning ykist ekki um of, en líka til þess að verðbólgan ylli því ekki að skattbyrðin lækkaði eftir því sem ofar drægi í tekjustiganum eins og ljóst var orðið að gerst hafði árið 1987. Skattbyrðin og dreifing hennar átti að vera svipuð og áður var að því frátölu að skattleysismörk áttu að hækka verulega. Sjómannaafslættinum var líka breytt nokkuð; hann bar að telja til skattskyldra tekna en hann hækkaði sem nam áætlaðri hækkun skatta á sjómenn vegna þess. Þá voru nokkrir frádráttarliðir í atvinnurekstri heimilaðir upp að vissu marki: gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastarfa, líknarstarfsemi og kirkjufélaga. Húsnæðisbótunum var breytt þannig að þær bar að greiða hverjum manni eða einstaklingi beint í stað þess að greidd yrði tiltekin upphæð fyrir hverja einingu íbúðarhúsnæðis og henni deilt niður á eigendur.<sup>41</sup>

Hinn 29. desember voru samþykktar breytingar á tekjuskattslögunum sem vörðuðu fyrirtæki. Skattþröskulur þeirra var ákveðin 45% og hámark fjárfestingartillags varð 30%. Í greinargerð með lagafrumvarpinu kom fram að þetta væri fyrsti liður í að einfalda skattlagningu fyrirtækja með niðurfellingu frádráttarliða. Jafnframt var boðað að ekki yrði lagt fram frumvarp um að framlengja heimild til skattfrjáls framlags í varasjóð.<sup>42</sup>

### „Stóra stökkið“ – framkvæmd staðgreiðslulaga

Hinn 1. maí 1987 var stofnuð staðgreiðsludeild hjá embætti ríkisskattstjóra með 10 starfsmönnum. Forstöðumaður hennar var Skúli Eggert Þórðarson yfirlögfræðingur og starfsmannastjóri embættisins.

Deildin skiptist í þrjú svið: tölvusvið, upplýsinga- og þjónustusvið og lögfræðisvið. Starfsmennirnir hófu þegar í stað að undirbúa staðgreiðsluna og höfðu samvinnu við ríkisbókhald, skattstofur, ráðuneyti, Skýrr, sveitarstjórnir og fleiri aðila. Í apríl skipaði fjármálaráðherra svo nefnd til að annast samræmingu við undirbúning staðgreiðslunnar. Hún var skipuð þeim Indriða H. Þorlákssyni skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins sem jafnframt var formaður, Garðari Valdimarsyni ríkisskattstjóra, Skúla Eggerti Þórðarsyni forstöðumanni staðgreiðsludeildar, Birni Friðfinnssyni formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, Magnúsi Guðjónssyni framkvæmdastjóra sömu samtaka og Gesti Steinþórssyni skattstjóra í Reykjavík sem var fulltrúi Skattstjórafélags Íslands. Samræmingarnefndin fylgdist með undirbúningnum



Það var almenn skoðun að með staðgreiðslunni hefði ásýnd skattfyrivalda breyst til hins betra. Kerfið hefði færst nær fólkinu og misst mikið til af sér þann grýlustimpil sem áður var á því

og kom með tillögur um ýmis úrlausnarefni. Sérstökum starfshópi var falið að undirbúa móttöku staðgreiðslufjárins. Hann undirbjó gjaldheimtur og innheimtumenn, skipulagði samskipti þeirra við staðgreiðslukerfi ríkisskattstjóra og kom með tillögur um skipulag gjaldheimtusvæða. Loks var skipuð millipinganefnd um sumarið sem hafði það hlutverk að huga að ýmsum málum staðgreiðslunnar, gæta þess að skattbyrði yrði svipuð og hún var árið 1986 og semja nýjar lagagreinar ef það var talið nauðsynlegt til að auðvelda framkvæmdina. Kjartan Jóhannsson var formaður nefndarinnar og fulltrúi Alþýðuflokksins. Aðrir nefndarmenn voru Ragnar Árnason frá Alþýðubandalagi, Óli Þ. Guðbjartsson frá Borgaraflokki, Geir H. Haarde frá Sjálfstæðisflokki, Björn Þórhalls-son frá ASÍ, Ólafur Nilsson frá VSÍ, Sigurgeir Bóasson frá Framsóknarflokki, Kristín

Sigurðardóttir frá Kvinnalista og Indriði H. Þorláksson frá fjármálaráðuneytinu. Með nefndinni störfuðu Björn Björnsson aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Snorri Olsen deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Ævar Ísberg vararíkisskattstjóri og Skúli Eggert Þórðarson forstöðumaður staðgreiðsludeildar ríkisskattstjóra. Nefndin skoðaði allt það sem við kom tæknilegri framkvæmd staðgreiðslunnar og skipulagningu og lagði fram tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar.<sup>43</sup> Þeirra hefur áður verið getið.

Í mörgu var að snúast hjá embætti ríkisskattstjóra, einkum hjá nýstofnaðri staðgreiðsludeild. Hanna þurfti, senda út og vinna úr eyðublöðum vegna launagreiðendaskrár og eyðublöðum vegna þeirra sem voru með reiknað endurgjald. Skipuleggja þurfti upplýsinga- og útgáfustarf, námskeið fyrir starfsfólk á skattstofunum og huga að aukinni tölvu- væðingu. Til voru gögn um launagreiðendur en tryggja varð með öllum ráðum að launagreiðendaskráin nýja yrði eins fullkomin og hægt væri því eftir að hún lá fyrir voru launagreiðendum send kynningargögn, enda voru þeir taldir lykilmenn við framkvæmd staðgreiðslunnar. Einnig beindist kynningin að launþegum, starfsmönnum skattkerfisins og ýmsum opinberum stofnunum. Haldnir voru kynningarfundir, útbúnað kynningarmöppur með efni um staðgreiðslu fyrir launagreiðendur, sérstök handbók samin fyrir starfsfólk skattstofanna og ítarlegur upplýsingabæklingur, *Staðgreiðsla opinberra gjalda*, sendur öllum skattgreiðendum með skattkorti. Þá voru auglýsingar birtar í fjölmiðlum og haldnir fréttamannafundir. Loks er þess að geta að um þessar mundir var skammstöfunin RSK, með ákveðinni hallandi stafagerð, tekin upp en hún var valin í samráði við GBB Auglýsingaþjónustuna sem einnig sá um auglýsingaferferðina við kynningu staðgreiðslunnar.<sup>44</sup>

Hönnun og uppsetning tölvukerfis var eitt aðalverkefni staðgreiðsludeildar en staðgreiðslukerfið var fyrsta tölvukerfi skattfyrivalda sem alfarið var hannað með tilliti til sívinnslu. Þetta brautryðjendastarf vann deildin í samvinnu við Skýrr. Gert var mjög ítarlegt yfirlit yfir hvernig staðgreiðslan mundi ganga fyrir sig tæknilega og í kjölfarið annaðist Skýrr kerfissetningu og forritun. Af hálfu staðgreiðsludeildar völdust til að sinna þessu verkefni Jón Zóphóníasson, nýráðinn forstöðumaður tölvusviðs deildarinnar, og Guðríður Jóhannesdóttir lögfræðingur. Kerfið var hannað með það í huga að meginhluti tölvuvinnslunnar kæmi til með að fara fram hjá Skýrr en notendurnir, starfsmenn skattkerfisins, gjaldheimtna, sýslumanna og



bæjarfógeta ynnu í skráum staðgreiðslunnar við tölvuskjá í sívinnslu. Það þýddi að tölvan ynni strax úr þeim upplýsingum sem skráðar yrðu í staðgreiðslukerfið og hægt yrði að nálgast þær á augabragði. Fram að þessu þurfti að safna færslum upp yfir daginn, síðan þurfti að loka kerfinu meðan unnið var úr upplýsingunum og einnig oft þess utan þegar stórar vinnslur fóru fram, jafnvel þótt þær vörðuðu aðeins einstaka aðila sem notuðu kerfið. Staðgreiðsluskráin var tengd nafna- og fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands og fékk því alltaf nýjustu upplýsingar þaðan. Var nú hægt að skoða á skjá allar færslur vegna tiltekns launagreiðanda í staðgreiðslunni, bæði þær sem vörðuðu starfsemi hans, rekstrarform, aðalatvinnugrein, starfssvið og annað. Einnig var hægt að fá ýmsar aðrar upplýsingar, til dæmis úr mánaðarlegum skilgreinum um fjölda starfsmanna með laun, heildarfrjáfhæð greiddra launa, fjölda starfsmanna með skilaskylda staðgreiðslu og niðurstöðutölu skilaskyldrar staðgreiðslu. Á sama hátt var hægt að nálgast upplýsingar um launþega.<sup>45</sup>

Þegar stutt var til áramóta var allt að verða klárt. Þó leit ekki alveg nógu vel út með skattkortin því ekki var hægt að láta prenta þau fyrir en bútt var að ákveða persónuafslátt og skattprósentu. Ráðgert hafði verið að á kortunum stæði bæði fjárhæð afsláttarins og prósentan en millipinganefndin sem samdi áður nefnd breytingarfrumvörp var stöðugt að velta fyrir sér nýjum og nýjum upphæðum og prósentum fram á síðustu stundu. Þess vegna var ákveðið að sleppa þessum upplýsingum og láta nægja að vísa í lögina á skattkortunum. Þá var hægt að láta prenta þau og stilla tölvukerfin.<sup>46</sup>

Árið 1988 gekk í garð og þar með byrjuðu launagreiðendur í fyrsta sinn að draga staðgreiðslu af launum starfsmanna sinna. Mikið annríki var á skattstofunum frá því í desember og fyrstu mánuði ársins 1988. Flest gekk átakalaust og á tilsettum tíma ef frá er talin skráning sundurliðunarfærslna. Í júní 1988 var lokið við uppsetningu launamannaskrár. Mikið verk beið innheimtumanna og gjaldheimtna við að færa sundurliðunarfærslur, sundurliðun á staðgreiðslu launamanna og skráningu annarra upplýsinga, inn í upplýsingakerfi ríkisskattstjóra. Verkinu miðaði hægt sem varð til þess að ýmis sveitarfélög tóku að ókyrrast þegar líða tók á árið þar sem skipting greiðslna til þeirra var byggð á sundurliðunum. Einkum varð ástandið slæmt hjá Gjaldheimtunni í Reykjavík, enda um langstærsta innheimtuáðilann að ræða. Eftir minniháttar byrjunarerfiðleika tók verkið að vinnast hraðar og var komið í eðlilegt horf þegar nær dró áramótum. Á árinu 1988 urðu

launafærslurnar í kerfinu um 2,7 milljónir á samtals 183.700 launamenn eða um 14,7 færslur á hvern. Stærstu launagreiðendurnir sendu sundurliðunina strax í upphafi á tölvutæku formi en minni aðilar á pappír. Þegar í stað var byrjað að flytja vinnuna sem mest í pappírslaus verkefni og gera hana vélræna.<sup>47</sup>

Vel þótti hafa verið staðið að kynningu á staðgreiðslukerfinu. Á hátíð fyrirtækja í gerð auglýsinga í febrúar 1988 var GBB Auglýsingaþjónusta veitt sérstök viðurkenning, Gjallarhornið, fyrir athyglisverðustu auglýsingaherferðina árið 1987 en hún var unnin fyrir ríkisskattstjóra um upptöku staðgreiðslukerfisins. Að lokinni álagningu lýstu skattstjórar yfir ánægju sinni með það hvernig til hafði tekist. Ljóst þótti um áramótin að staðgreiðslan hafði reynst mun virkara innheimtukerfi en margir höfðu þorað að vona. Í upphafi árs 1988 var talið að tekjur úr staðgreiðslu þyrftu að vera á bilinu 17–18 milljarðar króna en þegar upp var staðið reyndist upphæðin vera 21 milljarður króna.<sup>48</sup>

Það var almenn skoðun að með staðgreiðslunni hefði ásýnd skattfyrvalda breyst til hins betra. Kerfið hefði færst nær fólkinu og misst mikið til af sér þann grýlustimpil sem áður var á því. Fólk vissi hvað það borgaði í skatt og það var liðin tíð að menn fengju taugaáfall þegar þeim bæriskattseðilinn. Staðgreiðslunni hefði einnig fylgt mikil þjónusta sem væri veruleg og jákvæð breyting.<sup>49</sup>

#### Heimildir

- <sup>1</sup> Skjalasafn FJ í vörslu VM – Félagstjórn og málmteknimanna. Gjörðabók félagsfunda 8.7. 1935–4.6. 1947.
- <sup>2</sup> *Vísir* 15.8. 1964, 1. - Hrefna Einarsdóttir: „Var aldrei laus við skattamálin“, 17–18. *Tíund. Fréttablað* RSK nóvember 1993. - *Morgunblaðið* 3.11. 1950, 11.
- <sup>3</sup> *Vísir* 15.8. 1964, 1.
- <sup>4</sup> *Alþingistíðindi* 1966 A, 1228. *Alþingistíðindi* 1977 B, 3605–3606. - *Vísir* 15.8. 1964, 1; 28.1. 1966, 4; 9.2. 1966, 6. - *Þjóðviljinn* 9.2. 1967, 1. - *Tíminn* 28.1. 1966, 1 og 14.
- <sup>5</sup> Skjalasafn RSK. „Skýrsla til fjármálaráðherra 14.3. 1967“, 1–2. Nefnd um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. - *Alþingistíðindi* 1966 A, 1228. - *Morgunblaðið* 9.2. 1967, 19 og 28.
- <sup>6</sup> *Alþingistíðindi* 1966 D, 524–532.
- <sup>7</sup> Skjalasafn RSK. „Skýrsla til fjármálaráðherra 14.3. 1967“. Nefnd um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda.
- <sup>8</sup> *Alþingistíðindi* 1966 A, 1228, 1344. *Alþingistíðindi* 1970 D, 317.
- <sup>9</sup> *Alþingistíðindi* 1966 B, 1865. - Skjalasafn RSK. „Nefndarálit um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda.“ Janúar 1970. - *Morgunblaðið* 8.4. 1967, 32, 14 og 19. - *Alþýðublaðið* 20.4. 1967, 1 og 14.
- <sup>10</sup> Skjalasafn RSK. „Nefndarálit um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda“, II–III. - *Vísir* 15.1. 1969, 1.
- <sup>11</sup> Skjalasafn RSK. „Nefndarálit um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda“, 80.
- <sup>12</sup> Skjalasafn RSK. „Nefndarálit um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda“, 91–92. - *Tíminn* 7.3. 1970, 2.
- <sup>13</sup> *Alþingistíðindi* 1969 D, 596–597. - „Nefndarálit um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda“, 95–97: Fylgiskjal 2.
- <sup>14</sup> *Alþýðublaðið* 22.1. 1970, 16.
- <sup>15</sup> *Alþingistíðindi* 1969 A, 1670.

- <sup>16</sup> *Alþingistíðindi* 1969 D, 587–599. - *Morgunblaðið* 9.9. 1970, 27–28.
- <sup>17</sup> *Alþingistíðindi* 1970 A, 229–230. - *Alþingistíðindi* 1970 D, 317–319. - *Morgunblaðið* 22.10. 1970, 19.
- <sup>18</sup> *Alþingistíðindi* 1970 B, 1122. - *Morgunblaðið* 9.9. 1970, 27–28.
- <sup>19</sup> *Morgunblaðið* 16.2. 1971, 3; 19.2. 1971, 16; 19.3. 1971, 20. - *Vísir* 18.2. 1971, 8; 28.6. 1971, 8.
- <sup>20</sup> Skúli Eggert Þórðarson: „40 ára meðganga en fæðingin gekk eins og í sögu“, 22. *Tíund. Fréttablað* RSK maí 2008.
- <sup>21</sup> *Morgunblaðið* 12.8. 1971, 2; 14.3. 1972, 27. - *Tíminn* 18.3. 1972, 1.
- <sup>22</sup> Skjalasafn RSK. „Skýrsla til fjármálaráðherra.“ Nefnd um tekjuöflun ríkisins. Nóvember 1973.
- <sup>23</sup> *Morgunblaðið* 24.10. 1973, 14. - Guðmundur Magnússon: „Staðgreiðsla skatta“, 29. *Friðs verslun* 12. tbl 1973.
- <sup>24</sup> *Alþingistíðindi* 1977 A, 2590–2616; B, 3607–3608. - *Morgunblaðið* 9.11. 1977, 2; 10.11. 1977, 3 og 37.
- <sup>25</sup> *Alþingistíðindi* 1977 A, 2590–2616; B, 3605–3612, 3645. - *Morgunblaðið* 10.11. 1977, 3 og 37; 20.4. 1978, 20–21; 18.4. 1978, 1, 20–21 og 30.
- <sup>26</sup> *Alþingistíðindi* 1977 B, 3593, 3597, 3602, 3605–3612, 3645.
- <sup>27</sup> *Morgunblaðið* 29.8. 1978, 13.
- <sup>28</sup> *Alþingistíðindi* 1981 A, 609–639. - *Þjóðviljinn* 6.11. 1981, 6.
- <sup>29</sup> *Alþingistíðindi* 1981 B, 644–654.
- <sup>30</sup> *Tíminn* 28.10. 1981, 3. - *Alþýðublaðið* 29.10. 1981, 8.
- <sup>31</sup> *Alþingistíðindi* 1986 A, 572–573. - *Dagblaðið Vísir-DV* 27.10. 1986, 3.
- <sup>32</sup> *Alþingistíðindi* 1986 B, 3037–3038. - Skjalasafn RSK. „Skýrsla fjármálaráðherra til Alþingis 18. apríl 1986.“
- <sup>33</sup> Skúli Eggert Þórðarson, viðtal 8.6. 2011. - *Alþingistíðindi* 1986 A, 2952–2955. - Sigurður B. Stefánsson: „Skattkerfisbreyting Bandaríkjamanna og tekjuöflunarkerfi íslenska ríkisins.“ *Vísibending, tímarit um erlend viðskipti og efnahagsmál* 15.10. 1986, 1–4; 22.10. 1986, 1–4. - *Morgunblaðið* 22.11. 1986, 64.
- <sup>34</sup> *Alþingistíðindi* 1986 A, 2952–2955; B, 3037–3040, 3049–3054. - Skjalasafn RSK. „Einföldun skattkerfisins og staðgreiðsla opinberra gjalda.“ Starfshópur um endurskoðun tekjuskattslaga 1.2. 1987. - Skúli Eggert Þórðarson, viðtal 8.6. 2011.
- <sup>35</sup> Lög nr. 45 30.3. *Stjórnartíðindi* 1987, 72–84. - *Alþingistíðindi* 1986 A, 2940–2963; B, 3047–303084, 3818–3824, 3828–3829.
- <sup>36</sup> Lög nr. 28 27.3. *Stjórnartíðindi* 1987, 59–61. - *Alþingistíðindi* 1986 B, 3086–3090.
- <sup>37</sup> Lög nr. 49 30.3. *Stjórnartíðindi* 1987, 93–99. - *Alþingistíðindi* 1986 B, 3041–3047. - Garðar Valdimarsson: „Breytingar framundan – nokkur aðalatriði“, 4–5. *Tíund. Fréttablað* RSK október 1987.
- <sup>38</sup> Lög nr. 46 30.3. *Stjórnartíðindi* 1987, 84–86.
- <sup>39</sup> *Alþingistíðindi* 1986 B, 3085. - Lög nr. 85 28.12. *Stjórnartíðindi* 1987, 673.
- <sup>40</sup> Dagur B. Eggertsson: *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson* III, 202.
- <sup>41</sup> Lög nr. 90 28.12. *Stjórnartíðindi* 1987, 679–682. - Lög nr. 92 28.12. *Stjórnartíðindi* 1987, 685–691.
- <sup>42</sup> Lög nr. 2 5.1. *Stjórnartíðindi* 1988, 6–8.
- <sup>43</sup> *Alþingistíðindi* 1986 A, 2952–2955. - Skúli Eggert Þórðarson: „Staðgreiðsludeild ríkisskattstjóra“, 6. *Tíund. Fréttablað* RSK október 1987. - Garðar Valdimarsson: „Langur aðdragandi, tímabærar breytingar“, 8. *Tíund. Fréttablað* RSK október 1987.
- <sup>44</sup> *Tíund* 1.tbl. 1987, 2–3; október 1987, 2. - *Morgunblaðið* 18.11. 1987, 31; 3.12. 1987, B 10–11.
- <sup>45</sup> Skúli Eggert Þórðarson: „Staðgreiðsludeild ríkisskattstjóra“, 6. *Tíund. Fréttablað* RSK október 1987. - *Tíund* október 1987, 4.
- <sup>46</sup> Skúli Eggert Þórðarson, viðtal 8.6. 2011.
- <sup>47</sup> Skúli Eggert Þórðarson: „Reynslan af fyrsta árinu í staðgreiðslu“, 18–19. *Tíund. Fréttablað* RSK mars 1989. - *Tíund. Fréttablað* RSK mars 1989, 13.
- <sup>48</sup> *Tíund* júlí 1988, 2, 9 og 13; mars 1989, 3.
- <sup>49</sup> Skúli Eggert Þórðarson: „Viðtal við Bjarna Björgvinsson fráfarandi skattstjóra Austurlandsmæmis“, 20. *Tíund. Fréttablað* RSK mars 1989.

# Handreikningur



**Þann 1. janúar 2010 var landið gert að einu skattumdæmi með sameiningu skattstofa við embætti ríkisskattstjóra. Í kjölfar þessa var skipulega unnið að því að efla og auka samvinnu og samræmingu milli starfsmanna alþjóðamála og svokallaðs handreiknihóps svo allir skattaðilar fengju sambærilega og rétta skattlagningu m.t.t. gildandi lagaákvæða. Handreiknihóp skipa starfsmenn sem fara yfir skattframtöl þeirra skattaðila sem fá tekjur erlendis frá eða eiga eignir erlendis, og þeirra skattaðila sem búa erlendis en fá tekjur frá Íslandi eða eiga eignir á Íslandi.**

## Hrefna Björnsdóttir

er viðskiptafræðingur. Hún hefur starfað við skattframkvæmd frá árinu 1992 og er nú skrifstofustjóri á einstaklingsviði auk þess að vera starfsstöðvarstjóri RSK á Egilsstöðum.

Það er ekkert nýtt að fjöldi einstaklinga flytji á milli landa eða fari tímabundið til starfa eða náms erlendis, en það eru ekki allir sem átta sig á því að slíkt hefur áhrif á skattlagningu þessara aðila hér á landi.

Aðila sem ber fulla skattskyldu hér á landi skv. 1. eða 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt ber að greiða skatta hérlendis af öllum tekjum sínum og öllum eignum, hvar sem teknanna er aflað og hvar sem eignir eru staðsettar. Takmarkaða skattskyldu skv. 3. gr. ber aftur á móti sá sem aflar tekna hér á landi eða á eignir hér, en er ekki heimilisfastur hérlendis. Sá aðili ber væntanlega fulla skattskyldu í því ríki þar sem hann hefur heimilisfesti og er skattskyldur þar af tekjum og eignum hér á landi.

Við yfirferð skattframtals þarf starfsmaður ríkisskattstjóra að meta hvort skattaðili teljist hafa fulla eða takmarkaða skattskyldu hér á landi. Kallar þetta oftast á handvirka yfirferð á skattframtali, þar sem við skattlagningu þessara tekna og eigna ber að hafa til hliðsjónar ákvæði 119. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Annars vegar ber að meta hvort í gildi er tvísköttunarsamningur við viðkomandi ríki og hins vegar hvort taka þarf tillit til skattgreiðslna í ríki sem ekki er tvísköttunarsamningur við. Meginefni tvísköttunarsamninga varðar skiptingu réttar til að skattleggja tiltekna tegundir tekna og eigna milli samningsríkja. Heimilisfesti skattgreiðanda skiptir miklu máli við beitingu tvísköttunarsamninga, enda er nánar skilgreint í öllum slíkum samningum hvað í því hugtaki felst. Talað er um að þannig skattframtöl fari í „handreikning“.

## Hvenær er þörf á að handreikna skattframtal?

Það geta verið margar ástæður fyrir handreikningi og verða hér nefndar þær sem algengastar eru um þessar mundir.

## Tekjur eða eignir erlendis

Sem dæmi um aðstæður sem geta fallið undir handreikning er að aðili sé með lögheimili hér á landi allt árið, en hafi tekjur erlendis frá, svo sem lífeyristekjur eða launatekjur. Í þeim tilfellum þarf að taka tillit til skattlagningar tekna sem eiga uppruna sinn á Íslandi með hliðsjón af hinum erlendu tekjum. Ef gerður hefur verið tvísköttunarsamningur við hið erlenda ríki fer það eftir tvísköttunarsamningnum hvort beitt er hlutfallsaðferð eða frádráttaraðferð.

Algengast er að við skattlagningu manns sem heimilisfastur er hér á landi og aflað hefur tekna bæði hérlendis og í samningsríki, sé beitt hlutfallsútreikningi. Útreikningurinn felur í sér að tekjur/eignir erlendis sem ekki koma til skattlagningar hér vegna ákvæða tvísköttunarsamninga geta samt sem áður haft áhrif á fjárhæð skatta (persónuafslátt og skattþrep) og ákvörðun bóta (barna- og vaxtabóta) vegna tekna sem aflað er hér á landi. Tekjuskattur og útsvar reiknast af heildartekjum, en reiknaðir skattar eru síðan lækkaðir hlutfallslega miðað við hlutfall erlendra tekna í heildartekjum. Séu heildartekjur undir skattleysismörkum kemur hins vegar ekki til frekari skattlagningar þrátt fyrir erlendar tekjur sem eru hlutfallaðar.

Frádráttur vegna greiddra skatta í samningsríki vegna tekna sem uppruna sinn eiga þar fer eftir frádráttaraðferð eða svokallaðri kreditaðferð. Hún byggir á því að allar tekjurnar séu einnig skattlagðar hér á landi en skattinn skuli að hámarki lækka sem nemur jafnháris fjárhæð og skatti þeim sem greiddur var af tekjunum í samningsríkinu. Lækkunin takmarkast þó við þá skatta sem komið hefðu til greiðslu hér á landi ef fullur skattlagningarréttur hefði verið hér.

Þegar álagningarseðlarnir berast í lok júlí, og aðilar sem handreiknaðir hafa

verið standa sumir hverjir frammi fyrir því að skulda skattgreiðslur sem koma þá til greiðslu eftir álagningu, er oft spurt hvernig skattaðili geti komið í veg fyrir að lenda í slíkri aðstöðu. Er þessum aðilum ráðlagt að meta hversu stór hluti tekna á uppruna sinn erlendis og nýta aðeins þann hluta persónuafsláttar sem eftir stendur á móti íslensku tekjunum. Best er að skipta skattkortinu í byrjun árs, ef mögulegt er, og geyma sjálfur þann hluta skattkortsins sem á að ganga á móti hinum erlendu tekjum.

### Maki starfar eða býr erlendis

Færst hefur í vöxt að annað hjóna vinni erlendis og allur gangur er á hvort sá aðili er með lögheimili hér á landi eða erlendis. Í báðum tilfellum þarf ríkisskattstjóri að fá upplýsingar um tekjur maka erlendis svo hægt sé að ákvarða barnabætur þess maka sem býr hérlendis. Jafnframt liggur fyrir Alþingi frumvarp þar sem segir að við ákvörðun vaxtabóta þurfi að liggja fyrir tekjur beggja hjóna. Sé um það að ræða að skattaðili hafi allar tekjur sínar erlendis en haldi samt sem áður lögheimili sínu á Íslandi, þá á viðkomandi engan rétt til persónuafsláttar. Getur þetta leitt til þess að sá aðili sem býr og starfar hér, og nýtt hefur skattkort maka á tímabilinu, þurfi við álagningu að greiða til baka persónuafslátt sem veittur hafði verið út á makakortið.

### Aðfluttir eða brottfluttir á tekjuárinu

Ef aðili flytur heimilisfesti til eða frá landinu þarf í þeim tilfellum að ákvarða skattlagningu miðað við dvalartíma hér á landi samkvæmt ákvæðum 69. gr. áður-nefndra laga. Á það jafnt við um álögð gjöld og bætur. Skattaðili gerir sér ekki

”

Við yfirferð skattframtals þarf starfsmaður ríkisskattstjóra að meta hvort skattaðili teljist hafa fulla eða takmarkaða skattskyldu hér á landi

alltaf grein fyrir því að til dæmis er ekki réttur til vaxtabóta eftir flutningsdag þó svo að viðkomandi sé enn að greiða vaxtagjöld af íbúðarhúsnæði sínu hér á landi, en það eru aðeins þeir sem skattlagðir eru samkvæmt 1. gr. tekjuskattslaganna sem hafa rétt til vaxtabóta.

Ef tekjur falla til eftir brottflutning eða fyrir komudag þarf einnig að meta hvort ríkið á skattlagningarréttinn. Það hefur færst í vöxt að skattaðili þiggi launatekjur frá Íslandi en sé búsettur erlendis. Eins og kom fram áður er það tvísköttunarsamningur milli viðkomandi ríkja sem tekur á því hver á skattlagningarréttinn. Sem dæmi má nefna að í samningi milli Norðurlandanna er það hið erlenda ríki sem á skattlagningarréttinn, en skattaðili verður þó sjálfur að sýna fram á að skattskyldan sé þar.

### Skattaleg heimilisfesti vegna náms erlendis eða vegna veikinda

Þeir sem dveljast erlendis við nám eða vegna veikinda geta sótt um að halda skattalegri heimilisfesti hér á landi og haldið þannig öllum réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir samkvæmt tekjuskattslögnum og öðrum lögum um opinber gjöld. Sækja þarf um skattalega heimilisfesti árlega á skattframtali. Þessir aðilar eru alltaf skoðaðir handvirkir þar sem meta þarf hvort tilskilin gögn hafi fylgt skattframtali og hvort lagaskilyrði séu uppfyllt.

Þau dæmi sem tekin hafa verið hér að ofan eru aðeins hluti af þeim aðstæðum sem geta komið upp og verða til þess að skattframtal þarfnist handvirkrar yfirferðar. Reglulega er fundað innan þess hóps starfsmanna embættisins sem ber ábyrgð á þessum málaflokki, og er leitast við að samræma verkferla og finna leiðir til að auka sjálfvirkni.



Guðrún Ásta Sigurðardóttir, Esther Sigurðardóttir, Hrefna Björnsdóttir, Kristjana Magnúsdóttir og Þórir Jóhannesson eru meðal starfsmanna skrifstofu alþjóðamála og skrifstofu handreiknings.

# Tíund í afmælisútgáfu aldarfjórðungur liðinn

**Það var á vormánuðum ársins 1987 sem starfsmenn ríkisskattstjóra ræddu hvort hefja skyldi útgáfu á fréttabréfi embættisins. Ástæðan var sú að þá skömmu áður höfðu verið samþykkt lög um staðgreiðslu opinberra gjalda. Lá fyrir að mikið kynningarstarf væri að hefjast til að kynna staðgreiðsluna.**

Hugmyndin um fréttabréf var e.t.v. ekki alveg ný en fram að þessu hafði ekki verið talin ástæða til að hrinda í framkvæmd slíkri útgáfu, og var hugmyndin sannast sagna aldrei rædd í fullri alvöru þótt hana hafi borið á góma af og til. Með upptöku á staðgreiðslu varð strax ljóst að hefja yrði margháttað kynningarstarf. Á sama tíma lá ljóst fyrir að stefnt væri að upptöku virðis- aukaskatts í stað söluskatts áður, þótt mörg ár ættu eftir að líða áður en af því yrði. Þar með höfðu skapast nýjar aðstæður og ný þörf.

Garðar Valdimarsson, sem þá gegndi embætti ríkisskattstjóra, ræddi möguleika á fréttablaði eða fréttabréfi við hóp samstarfsmanna sinna og þar á meðal höfund greinarkorns þessa. Okkur leist öllum vel á hugmyndina og töldum hana vera í takt við þær væntingar sem uppi voru um mikið kynningarstarf á nýjum skattkerfum. Á þessum tíma var tölvupóstur ekki orðinn almennur og rafræn samskipti voru takmörkuð þótt fyrstu skref hefðu verið stigin í gegnum tölvakerfi SKÝRR. Aðeins fáir starfsmenn skattyfirvalda höfðu þá tölvubúnað á skrifborði sínu til að skoða upplýsingar eða gera útreikninga, og engin samtenging var á milli þeirra. Fundir stjórnenda skattyfirvalda voru fáir og í formlegum farvegi. Engir almennir starfsmannafundir tíðkuðust á þeim árum og miðlun fræðslu fór fram í gegnum bréf eða á fræðslufundum sem einungis voru ætlaðir fyrir hluta starfsmanna. Þörfin var því brýn að finna nýjan miðil til að koma upplýsingum á framfæri og rík ástæða til að skoða hvort ekki væru efni til að hrinda í framkvæmd þessari hugmynd. Leitað var til Gunnars Steins Pálssonar almannatengils um hvernig unnt væri að standa að útgáfu fréttabréfs og með hvaða

hætti slíkri útgáfu skyldi hagað. Skilgreina þurfti markhópin, ákveða útgáfustjórn og ábyrgð, hönnun, framleiðslustjórn, umbrot og síðast en ekki síst nafn blaðsins. Þá voru skiptar skoðanir á því hvort nota ætti hugtakið fréttabréf eða fréttablað.

”

**Með breytingum á Tíund eftir efnahagshrunið var leitast við að opna umræðu um skattamál og gera betur grein fyrir ýmsum tölulegum staðreyndum sem birtast í framtölum, og auka þannig gagnsæi í stjórnsýslunni**

Að lokinni undirbúningsvinnu lá fyrir að markhópurinn væri starfsmenn skattyfirvalda, innheimtumanna, ráðuneyta, sveitarfélaga og fjölmiðlar. Það kom í hlut starfsmanna sem undirbjuggu staðgreiðsluna að leiða undirbúningsstarfið að útgáfunni. GBB Auglýsingaþjónustan (síðar Hvíta húsið) sá um hönnun og framleiðslu. Snemma sumars á því herrans ári 1987 – skattlausu árinu – var undirbúningurinn

kominn á fulla ferð. Það að þetta ár væri skattlaust vegna kerfisbreytingarinnar yfir í staðgreiðslu gerði það aðlaðandi tíma til að hrinda í framkvæmd hugmyndinni um útgáfu fréttabréfs skattyfirvalda, en megin tilgangurinn var að koma á framfæri upplýsingum til þeirra sem féllu undir markhópin, og síðan almennings í gegnum fjölmiðla.

Nafn blaðsins var rætt oftsinnis og margar hugmyndir reifaðar. Það var að lokum Garðar Valdimarsson sem kom með hugmyndina um að nefna blaðið eftir fyrsta skatti sem lagður var á Íslendinga, Tíund. Nafnið þótti strax þjált og þægilegt þótt vissulega væri rétt að það endurspeglaði ekki skattþróun þá sem stefnt var að í staðgreiðslu, og raunar enn síður eftir því sem tímar liðu og skattþróun hækkaði.

## Útgáfa Tíundar

Fyrsta tölublað Tíundar kom út í ágúst 1987. Brotið var svokallað lagabrot, þ.e. að stærð blaðsins var sú sama og var á lagafrumvörpum. Fyrsta tölublaðið var átta síður og myndskreyting mjög takmörkuð. Framtíkið vakti nokkra athygli á þessum tíma og margur henti gaman að nafni blaðsins, taldi það boða betri tíð og að framvegis gætu menn vænst þess að hlutfall skattlagningar myndi verða 10%. Slíkt átti reyndar eftir að rætast í fjármagnstekjuskatti sem lagður var á einstaklinga árið 1996 og bar blaðið nafn með rentu í röskan áratug eftir það.

Á fyrsta útgáfuári blaðsins komu út tvö tölublöð og reyndar var það svo að efni var tilbúið í þriðja tölublaðið á því sama ári, en vegna anna við skattabreytingar varð það tölublað að bíða fram yfir áramót. Næstu ár

# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • OKTÓBER 2010

**Tapað hlutafé**

**Afskriftir og greiðsluúrræði**

# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • DE



Viðtalið

**Angantýr Einarsson**  
skrifstofustjóri

**Hvað vitum við**  
um misferli?

var útgáfan frekar óreglubundin, oftast komu tvö tölublöð út á ári en stundum aðeins eitt. Blaðsíðum fór þó fjölgandi og röskum þremur árum eftir að útgáfa blaðsins hófst var stærð þess og umbroti breytt. Var það fært í hefðbundna stærð tímarita eða A4. Jafnframt var ákveðið að gefa blaðið út reglulega tvisvar á ári og

málefni. Þessi hópur mótaði blaðið fyrstu árin og lagði

að stærð þessi skyldi verða 20 síður.

Ríkisskattstjóri skipaði þá Jón Guðmundsson, Kristján Össur Jónasson og Ríkarð Ríkarðsson í ritnefnd sem undirbyggi blaðið á hverjum tíma. Auk ritnefndar skrifuðu ýmsir starfsmenn embættisins greinar í blaðið um skattaleg

grunninn að útgáfunni og efnistöku í blaðinu ásamt ábyrgðarmanni sem fram til ársloka 1998 var Garðar Valdimarsson.

Fljótlega var sú stefna tekin að birta frásagnir af því sem efst væri á baugi hjá skattfyrvöldum hverju sinni. Þannig var jöfnum höndum greint frá helstu mannatilfærslum, skipulagsbreytingum og þróunarmálum, sem og aðalefni blaðsins sem skipaði þar stærstan sess, en það voru greinar um skattamál. Ýmsar greinar voru birtar um mörg fagleg álitamál og þá þætti skattframkvæmdarinnar sem ástæða var til að ræða opinberlega um.

Tíund hefur þróast í gegnum árin eins og önnur mannanna verk. Tilgangur blaðsins hefur þó alltaf verið hinn sami, að upplýsa almenning og þá sem starfa við skattframkvæmd með einum eða öðrum hætti um það sem er til umfjöllunar hjá skattfyrvöldum á hverjum tíma. Þar skiptir umfjöllun fjölmörgu miklu en þeir



# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • NÓVEMBER 2009

**Skuldaup  
í skj**

~ Viðtalið

**Guðmundur Árnason**  
í fjármálaráðuneyti

**Eignir og skuld**  
**Íslendinga**

**KVÓTINN**  
**Gull í greipum Æ**

# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • OKTÓBER 2012



**RSK**<sub>50</sub>ÁR

hafa reglubundið birt fréttir úr blaðinu og endursagt það efni sem þeir hafa talið að ætti erindi við almenning.

Með nýjum ábyrgðarmanni frá 1999 fjölgaði tölublöðum blaðsins úr tveimur á hverju ári í þrjú. Indriði H. Þorláksson, sem þá hafði tekið við embætti ríkisskattstjóra, sá meiri möguleika í útgáfunni en áður hafði verið horft til. Hóf Indriði að rita leiðara í blaðið sem fljótlega vöktu athygli fyrir beinskeytta umræðu – gott ef einhver talaði ekki um munnsöfnuð. Eftir að Indriði hóf leiðaraskrif sín varð blaðið mun þekktara en verið hafði. Vefur ríkisskattstjóra var þá aðeins nýkominn í loftið og því var ekki unnt að nálgast blaðið rafrænt fyrstu árin.

Á þessum árum stækkaði blaðið nokkuð og var blaðsíðufjöldi hvers tölublaðs kominn upp í 32 síður. Hélt sú stærð blaðsins í rösken áratug, eða fram á árið 2007, en þá um vorið var blaðið stækkað í 36 síður og svo aftur um haustið í 40 síður. Árið eftir stækkaði blaðið enn og fór upp í 48 síður, og tveimur árum síðar, að vori 2010, var blaðið orðið 56 síður að stærð og nú 72 síður nema afmælisblaðið, sem nánar verður vikið að síðar í greinarkorni þessu. Blaðsíðufjöldinn er þó ekki endilega einhlítur mælikvarði á efni blaðsins. Þar ráða mestu efnistökin þeirra sem rita í blaðið og gæði þeirra upplýsinga sem þar birtast.

### Áherslur endurmetnar

Á haustmánuðum 2008, eftir að viðskiptabankarnir gáfust upp og efnahagslífið hrundi, var tekin meðvitund ákvörðun um að opna blaðið meira og fjalla í auknum mæli um tölulegar upplýsingar sem embættið býr yfir og eru öllum aðgengilegar á vefsíðu þess. Að sjálfsögðu er gætt vandlega að því að hvergi sé rofin nafnleyn þótt meira sé lagt upp úr því að birta tölfræðilegar upplýsingar úr álagningu opinberra gjalda en var fram á síðustu ár. Þannig


voru áherslur útgáfunnar endurmetnar í ljósi breyttra þjófélagsaðstæðna, og hafist var handa við að rita ítarlegar greinar um helstu niðurstöður álagningar opinberra gjalda þegar þær upplýsingar lágu fyrir. Átti það við bæði um einstaklinga og lögaðila. Því til viðbótar var myndskreytingu slíkra greina breytt verulega og framsetning þeirra tölfræðiupplýsinga sem birtust í blaðinu gerð auðskiljanlegri en verið hafði. Sömuleiðis var leitast við að birta greinar um álitamál í skattlagningu og umfjöllun um með hvaða hætti undanskot eða skattasniðganga hafði verið stunduð. Blaðið vakti mun meiri athygli eftir þessar breytingar og uppflettingum á vefsíðu ríkisskattstjóra fjölga að jafnaði mjög þegar blaðið kemur út. Jafnframt var ákveðið að leggja aðaláhersluna á rafræna útgáfu blaðsins þótt ætíð sé prentað þökkalegt upplag af blaðinu til dreifingar á meðal starfsmanna, til stjórnsýslunnar og fjölmiðla. Nú birtist blaðið bæði á rsk.is og einnig á sérstakri vefsíðu, tíund.is, sem tekin var í notkun á árinu 2009. Kostnaður við blaðið hefur farið lækkandi á liðnum árum og skiptir hin rafræna útgáfa þar verulegu máli.

### Afmælisrit í tilefni af 50 ára afmæli RSK

Á 50 ára afmæli ríkisskattstjóra var ákveðið að minnast þeirra tímamóta með ýmsum hætti. Sérstök afmælisútgáfa Tíundar kom út í breyttri og stærri mynd frá því sem áður hafði verið. Í tilefni þeirra tímamóta voru í blaðinu viðtöl við eða umfjöllun um alla þá sem skipaðir höfðu verið í embætti ríkisskattstjóra en látið höfðu af störfum, þá Sigurbjörn Þorbjörnsson, Garðar Valdimarsson og Indriða H. Þorláksson. Augljóslega var rætt við Garðar og Indriða um störf þeirra en í greininni um Sigurbjörn rifjuðu samstarfsmenn hans upp embættisstörf hans og þá persónu sem þar var á bakvið. Annað efni í blaðinu var um margt ítarlegra en áður hafði verið, og birtist sérstök hátíðargrein eftir Pál Skúlason heimspeking og fyrrum háskólarektor um vangaveltur sem hann flutti á hátíðarfundum starfsmanna í tilefni af afmæli

# TÍUND

FRÉTTABLAÐ RSK JÚNÍ 2009



**Uppvakin viðskiptavild**  
– víti til varnaðar

**Skjól gegn skatti**

# TÍUND

FRÉTTABLAÐ

attasmugur  
rítekjuman



# TÍUND

FRÉTTABLAÐ RSK • MAÍ 2010



Eva Joly  
Skatta- og  
efnahagsbrot  
hafa aðeins  
einn hvata:  
græðgi

Ísland eitt  
skattumdæmi

Umhverfisskattar

og stefnumótunarfundur

# D

FRÉTTABLAÐ RSK MARS 2009



# TÍUND

FRÉTTABLAÐ RSK DESEMBER 2008

Bankahrúnið

Settar yfirtökur

Skattaparadísir

Eftirgjöf skulda

# ND

# pú

# tt

# af mörkum?

## Efling góðra atvinnuhátta

embættisins. Í greininni velti Páll fyrir sér tilgangi skattgreiðslna og skattareglna yfir höfuð. Þá var ítarleg grein eftir Friðrik Olgeirsson sagnfræðing um

aðdragandann að stofnun embættis ríkisskattstjóra. Blaðið hafði auk þess að geyma úttekt á niðurstöðu álagningar einstaklinga, umfjöllun um virðisaukaskatt og annað hefðbundið efni. Blaðið var að þessu sinni 108 síður. Enda þótt vissulega hafi verið mikið um að vera hjá skattyfirvöldum síðustu misseri er stefnt að því að blaðið verði framvegis svipað og

stefnir að áframhaldandi miðlun upplýsinga úr skattagögnum sem auka munu þekkingu stjórnsýslunnar, fjölmiðla og almennings alls á skattamálum og þýðingu þeirra við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu.

efnistök sambærileg og verið hefur síðustu tvö ár eða rúmlega það.

Með breytingum á Tíund eftir efnahagshrunið var leitast við að opna umræðu um skattamál og gera betur grein fyrir ýmsum tölulegum staðreyndum sem birtast í framtölum, og auka þannig gagnsæi í stjórnsýslunni. Breytingum þessum hefur verið vel tekið og fjölmiðlar hafa tekið mikið efni úr blaðinu síðustu fjögur ár. Ríkisskattstjóri

SEP

# Samruni niður fallinn!

*Ábyrgð félaga á að tilkynna breytingar innan rétttra tímamarka*

**Bryndís Gunnlaugsdóttir**  
er lögfræðingur og hefur starfað hjá fyrirtækjaskrá  
ríkisskattstjóra frá árinu 2010.



Samkvæmt 7. gr. laga um fyrirtækjaskrá er þeim sem í hana eru skráðir skylt að tilkynna allar breytingar er varða skráningu, svo sem heiti, heimilisfang, rekstrar- eða félagsform, nöfn, lögheimili og kennitölur forráðamanna, svo og slit félags. Þetta felur í sér að fyrirtæki ber að eiga frumkvæði að því að tilkynna breytingar á skráningarskyldum atriðum. Fyrirtækjum ber ekki aðeins að hafa frumkvæði að því að tilkynna breytingar á skráningarskyldum atriðum heldur einnig að tilkynna breytingarnar innan ákveðinna tímamarka. Tímáfrestir eru mismunandi eftir því hvað verið er að tilkynna en tímáfrestur er ákveðinn í lögum fyrir hvert félagaform. Almenna reglan er sú að tilkynna skal allar breytingar innan mánaðar.

Tímáfrestir eru mjög mikilvægir þegar skila á tilkynningum til fyrirtækjaskrár. Í raun eru þeir mun mikilvægari en stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar gera sér almennt grein fyrir. Berist tilkynning ekki innan tímáfrests þarf að boða aftur til fundar og staðfesta fyrri ákvörðun. Það þýðir að ef hluthafafundur kys stjórn en tilkynnir það ekki til fyrirtækjaskrár innan mánaðar, þá þarf að boða til nýs hluthafafundar og staðfesta fyrri ákvörðun hluthafa. Slíkt getur verið mjög bagalegt í stórum félögum. Síðan eru aðrar ákvarðanir sem geta fallið niður séu þær ekki tilkynntar innan tímamarka.

Sem dæmi um slíkt má nefna að samkvæmt 28. gr. laga um einkahlutafélög (ehfl.) verður tilkynning um hækkun hlutafjár ekki skráð í hlutafélagaskrá fyrir en heildarhlutaféð hefur verið greitt, svo og það sem mögulega á að greiða umfram nafnverð. Ef tilkynning hefur ekki verið send innan árs frá því að ákvörðun var tekin, eða skráningar er synjað, fellur ákvörðunin um hlutafjárhækkunina niður, sem og skuldbindingar þeirra hluthafa er þegar hafa skráð sig fyrir hlutum. Fjárhæðir sem greiddar hafa verið skal endurgreiða áskrifendum án tafar. Getur það því haft mjög slæmar og afdrifaríkar afleiðingar þegar félög sinna ekki skyldu sinni um að tilkynna breytingar til fyrirtækjaskrár að eigin frumkvæði og á réttum tíma.

Nýlega var staðfest ákvörðun fyrirtækjaskrár um að samruni tveggja félaga væri niður fallinn þar sem tilkynning um lok samrunans barst ekki innan tímáfrests. Fyrirtækjaskrá taldi ekki nægilega sannað að hluthafafundur hefði farið fram innan þess tímáfrests er lög setja um samruna félaga. Félögin kærðu ákvörðun fyrirtækjaskrár til fjármálaráðuneytisins og héldu því fram að fundirnir hefðu verið haldnir innan tímamarka og tilkynningar verið sendar til fyrirtækjaskrár á réttum tíma, en þær einhverra hluta vegna ekki borist skránni. Einnig var því haldið fram að fyrirtækjaskrá hefði brotið á hinum ýmsu greinum stjórn-

sýslulaga (ssl.). Í forsendum og niðurstöðum úrskurðar ráðuneytisins er farið mjög vel yfir skyldu fyrirtækja til að tilkynna breytingar til fyrirtækjaskrár og þær skyldur sem hvíla á félögum um að tilkynna breytingar innan tímáfrests. Þykir því rétt að birta forsendur og niðurstöður úrskurðarins í heild sinni.

## **Forsendur og niðurstaða úrskurðarins**

Í forsendum og niðurstöðu úrskurðarins segir eftirfarandi:

*Í máli þessu er deilt um hvort fyrirtækjaskrá var heimilt að líta svo á að samruni A hf. og B ehf. hafi fallið niður. Að auki er deilt um hvort fyrirtækjaskrá hafi verið heimilt að eyða út athugasemdum um fyrirhugaðan samruna*



og synja kærendum um að skrá samrunann á grundvelli samrunaáætlunar sem tilkynnt var um í Lögbirtingablaðinu hinn xx.xx.2009.

Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. ehfl. tekur hluthafafundur ákvörðun um samruna í yfirteknu félagi og skv. 2. mgr. 99. gr. ehfl. tekur félagsstjórn ákvörðun um samruna í yfirtökufélagi, nema hluthafafundur þurfi að gera breytingar á samþykktum að öðru leyti en snertir heiti yfirtökufélagsins. Í 4. mgr. greinir að halda megi hluthafafund í yfirtökufélaginu í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunar skv. 98. gr. og yfirlýsingu skv. 4. mgr. 97. gr. og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir birtingu. Ákvæðið kveður á um að sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar eða fundurinn ekki haldinn innan tímamarka skv. 1. másl. teljist samrunaáætlunin fallin.

Í 1. mgr. 103. gr. ehfl. er kveðið á um fortaklausu skyldu stjórnar hvers samrunafélags til að tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um samruna innan tveggja vikna eftir að réttaráhrif hans komu til skv. 1. mgr. 102. gr. laganna. Þá greinir í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá, að þeim sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá sé skylt að tilkynna ríkisskattstjóra allar breytingar er varða skráningu skv. 1.-8. tölul. 4. gr. laganna. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 17/2003 er ítrekað að fyrirtæki eigi að greina að eigin frumkvæði frá breytingum á skráningaratriðum. Í 123. gr. ehfl. segir m.a. að breytingar á félagssamþykktum eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skuli tilkynna innan mánaðar sé ekki kveðið á um annað í lögum. Þá segir að krefjast megi sannana fyrir lögmeiti breytinga.

Ljóst er að þau félög sem skyldug eru að lögum til að senda tilkynningu til hlutafélagaskrár bera sönnunarbýrði fyrir því að tilkynning hafi verið send. Þá kemur m.a. fram í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 48/1988 að hlutafélagaskrá beri lagaskylda til að ganga úr skugga um lögmeiti þess, sem tilkynnt hefur verið og ganga eftir sönnunargögnum og skýringum ef þau fylgja ekki gögnum. Fyrirtækjaskrá hefur metið það svo að kærendur hafi ekki lagt fram haldbæra sönnun þess efnis að umræddir fundir hafi verið haldnir innan lögboðinna tímamarka. Við meðferð máls þessa hjá ráðuneytinu hefur ekki verið lögð fram staðfesting á því að fundirnir hafi farið fram innan lögboðinna tímamarka og kærendur hafa aukin-heldur ekki lagt fram staðfestingu þess efnis að tilkynning hafi verið send til hlutafélagaskrár, aðra en afrit af fundargerðum og tilkynningu, dags. 10. júlí 2009, sem lögð voru fram með kæru. Að mati ráðuneytisins getur það eitt ekki talist fullnægjandi sönnun fyrir því að fundir hafi farið fram og tilkynning hafi verið send

hlutafélagaskrá innan lögboðinna tímamarka. Er við það mat haft í huga að kærendum var í löfa lagið að leggja fram staðfestingu þess efnis, líkt og bent er á í umsögn fyrirtækjaskrá, en í fundargerðum, dags. 10. júlí 2009, kemur fram að boðað var til funda með dagskrá og löglegum fyrirvara og í 12. gr. samþykktu A hf. kemur fram að félagsstjórn skuli boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sammanlegan hátt. Boða skal til fundarins með minnst sjö daga fyrirvara og fundarefnis skuli getið í fundarboði. Þá greinir að hluthafafundur sé lögmeitur ef hann er löglega boðaður og að hann sæki hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða að minnsta kosti helmingi hlutafjár í félaginu. Er samsvarandi ákvæði að finna í 3.3. gr. samþykktu B ehf. Enn fremur



## Tímafrestrir eru mjög mikilvægir þegar kemur að tilkynningum til fyrirtækjaskrár. Í raun eru þeir mun mikilvægari en stjórnarmenn og framkvæmdastjórar almennt gera sér grein fyrir

hafa kærendur ekki greitt fyrir afskráningu á yfirtekna félaginu, B ehf., og fyrir að skrá nýjar samþykktir fyrir yfirtökufélagið, A hf.

Hlutafélagaskrá er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að skrá upplýsingar og veita aðgang að upplýsingum um hluta- og einkahlutafélög og að skrá og veita aðgang að breytingum á því sem áður hefur verið tilkynnt og skráð. Opinber skráning upplýsinga um félög, almennur aðgangur að þeim og birting þeirra er talin ein meginforsenda viðskiptaöryggis á þessu sviði. Líkt og fram kemur í umsögn fyrirtækjaskrár yrði því viðskiptaöryggi sem hlutafélagaskrá er ætlað að tryggja stórlega ógnað ef unnt yrði að breyta skráningu félaga langt aftur í tímann og í bága við ófrávíkjanleg skilyrði laga.

Samkvæmt framansögðu telur ráðuneytið að fyrirtækjaskrá hafi verið rétt að telja samrunann á grundvelli samrunaáætlunar, sem birt var í Lögbirtingablaðinu hinn xx.xx.2009, fallinn.

Af hálfu kærenda er því haldið fram að leiðbeiningarskylda sbr. 1. mgr. 7. gr. ssl., hafi verið brotin. Í samrunaáætlun, dags. 30. apríl 2009, undirritaðri af stjórnnum kærenda, kemur fram að stjórnirnar séu sammála um að sameina félögin undir nafni A hf. á grundvelli XIV. kafla ehfl. Samkvæmt því voru stjórnir kærenda meðvitaðir um ákvæði laga um einkahlutafélög en engin gögn liggja fyrir í máli þessu um að kærendur hafi fengið leiðbeiningar um að eitthvað annað fyrirkomulag myndi gilda um tilkynningar eða samruna en fram kemur í þeim lögum. Í 4. mgr. 99. gr. og 1. mgr. 103. gr. í XIV. kafla ehfl. er kveðið á um fortaklausu skyldu félaga og eru tímamörk þeirra án undantekninga. Þá verður ekki séð af frásögn kærenda að meintur skortur á leiðbeiningum hafi haft áhrif á réttarstöðu þeirra þar sem þeir fullyrða sjálfir að þeir hafi sent fyrirtækjaskrá tilkynningu, dags. 10. júlí 2009, um samþykki hluthafafunda, haldinn þann sama dag, á samrunanum og jafnframt óskað eftir því að annað félagið yrði afskráð úr hlutafélagaskrá.

Í málinu halda kærendur því fram að brotið hafi verið gegn rannsóknarreglu og andmælarétti, sbr. 10. og 13. gr. ssl. Það er mat ráðuneytisins að kærendur hafi ekki lagt fram nein gögn sem staðfesta að umræddir fundir hafi verið haldnir 10. júlí 2009, og að tilkynning þess efnis hafi verið send sama dag til fyrirtækjaskrár. Tímafrestrir sem koma fram í 4. mgr. 99. gr. og 1. mgr. 103. gr. ehfl. eru skýrir og án undantekninga og hvílir því upplýsingaskylda og tilkynningaskylda fyrst og fremst á kærendum sjálfum. Ákvæði 2. mgr. 124. gr. ehfl. um heimild til að bæta úr göllum á einungis við í þeim tilvikum þegar tilkynningar fullnægja ekki fyrirmælum ehfl., en ekki þegar tilkynningar eru ekki sendar. Þá er það mat ráðuneytisins að ekki hafi verið brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. ssl., þar sem hinar kærðu ákvarðanir byggjast á lagareglum sem ekki veittu fyrirtækjaskrá svigrúm til mats. Að auki er það mat ráðuneytisins að hlutafélagaskrá hafi ekki farið gegn 9. gr. ssl. um málshraða með því að hafa fyrst 16 mánuðum eftir birtingu samrunaáætlunar kærenda í Lögbirtingablaðið, brugðist við vöntun tilkynningar og annarra gagna um samrunann og þá með þeim hætti að lýsa hann fallinn. Við það mat er litið til þess að samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum 1. mgr. 103. gr. ehfl. og 1. mgr. 7. gr. laga um fyrirtækjaskrá var kærendum sjálfum skylt að greina frá breytingum á skráningaratriðum að eigin frumkvæði.

Með vísan til framanritaðs staðfestir ráðuneytið ákvarðanir fyrirtækjaskrár, dags. 22. september 2010, um að líta svo á að samruni A hf. og B ehf. sé fallinn.

# Álagning lögaðila 2012



## Páll Kolbeins

er rekstrarhagfræðingur og hefur starfað hjá ríkisskattstjóra frá árinu 1999. Áður starfaði hann hjá fjármálaráðuneytinu. Páll hefur séð um birtingu og vinnslu skattatölfræði á vef ríkisskattstjóra og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga til birtingar í Tíund síðustu ár.

Nú voru 45.924 lögaðilar á skattgrunnskrá en þar af voru 37.243 tekjuskattsskyld félög og 8.681 lögaðili sem undanþeginn er tekjuskatti. Hér er aðallega um að ræða opinbera aðila, sveitarfélög og ýmis félagasamtök sem ekki eru rekin í ágóðaskyni. Ríkisskattstjóri áætlaði tekjur og gjöld 11.800 félaga sem ýmist skiluðu ekki framtali áður en framtalsfrestur var liðinn eða eru talin hafa vantalið tekjur. Þetta eru um 31,7% félaga, sem er svipað hlutfall og við álagningu í fyrra. Félögum á skattgrunnskrá hefur fjölgað mjög mikið á undanförunum árum. Árið 2002 voru 21.699 skattskyld félög á skattgrunnskrá, 15.544 færri en nú. Þeim hefur því fjölgað um 71,6% á 10 ára tímabili en einstaklingum á skattgrunnskrá fjölgaði um 35.302 á tímabilinu, eða um 15,6%. Fjölgun félaga má rekja til breytinga sem gerðar voru á lögum um hlutafélög sem auðvelduðu

Undir lok október sl. voru opinber gjöld lögð á lögaðila í landinu. Af skattframtölum sem lögaðilar voru búnir að skila 14. nóvember að dæma er ekki hægt að merkja að veruleg breyting hafi orðið á afkomu fyrirtækja í landinu á milli árunna 2010 og 2011. Lítil breyting varð á rekstrartekjum og rekstrargjöldum. Hagnaður hefur hins vegar aukist en þar skiptir nokkru að 354 milljarðar hafa verið gefnir eftir af lánardrottnum og taldir til tekna hjá fyrirtækjum á síðustu tveimur árum, 269 milljarðar árið 2011 og 84 milljarðar árið 2010. Yfirfærnanlegt tap er enn í hæstu hæðum og hækkar þrátt fyrir gjaldprot og afskriftir. Efnahagsreikningur fyrirtækja sem blés út á árunum fyrir hrun hefur dregist saman, skuldir sýnu meira en eignir. Eigið fé hefur því aukist. Svo virðist sem rekstur fjórða hvers félags sé í þokkalegu horfi, félagið sé rekið með hagnaði og eigi sjóð til vara. Þessi félög greiða bróðurpartinn af tekjuskatti. Álagning hækkar í samræmi við hækkun tekjuskatts. Raunvirði launagreiðslna í þjóðfélaginu hefur litið breyst frá árinu 2009.

mönnum að flytja einstaklingsrekstur yfir í einkahlutafélög, til lægri skatta á fyrirtæki, sem þýddi að margir sáu skattalegt hagræði í því að flytja rekstur yfir í einkahlutafélög, og til aukinna fjármálaumsvifa í þjóðfélaginu.



**Tekjuskattsskyldum félögum á skattgrunnskrá fjölgaði um 406 á milli árunna 2010 og 2011, sem er mun minni fjölgun en á milli árunna þar á undan**

Sem fyrr segir fjölgaði félögum um 15.544 á árabílinu 2002 til 2011. Þar af voru 14.534 einkahlutafélög. Það má því rekja 93,5% fjölgunarinnar til einkahlutafélaga. Nú voru 32.918 einkahlutafélög á skrá, sem eru 88,4% félaga. Á sama tíma hefur þeim einstaklingum sem eru með rekstur í eigin nafni fækkað. Það heyrir því til tíðinda að mjög hefur dregið úr fjölgun lögaðila. Tekjuskattsskyldum félögum á skattgrunnskrá fjölgaði um 406 á milli árunna 2010 og 2011, sem er mun minni fjölgun en á milli næstu ára þar á undan, en þá fjölgaði um 1.128 félög.

Fleiri reikna sér hins vegar endurgjald fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur. Það er ekki óvarlegt að álykta að hærri skattar á lögaðila séu farnir að segja til sín en á síðustu árum hafa skattar á félög hækkað um þriðjung. Lögaðilar greiddu 15% skatt af hagnaði ársins 2009 en nú var lagður 20% skattur á hagnað lögaðila.

Annað sem skýrir mikla fjölgun lögaðila er mikill fjöldi eignarhaldsfélaga sem stofnuð hafa verið á síðustu árum um eignarhald og fjárfestingar einstaklinga. Eignarhaldsfélögum fjölgaði mikið fram til ársins 2008 en þá dró nokkuð úr fjölgun þessara félaga. Árið 2002 voru 727 félög skráð í atvinnugreinina *rekstur eignarhaldsfélaga*. Árið 2011 voru 3.086 félög skráð í atvinnugreinina *starfsemi eignarhaldsfélaga*. Eignarhaldsfélögum hafði því fjölgað um 2.359 á tímabilinu. Það heyrir hins vegar til tíðinda að nú fækkaði eignarhaldsfélögum um 76 á milli ára. Þetta er annað árið í röð sem eignarhaldsfélögum hefur fækkað og því virðist hafa orðið nokkur breyting á. Eignarhaldsfélög eru ekki rekstrarfélög sem framleiða vörur eða þjónustu á markaði heldur snýst starfsemi þeirra fyrst og fremst um umsýslu með verðbréf í eigu ákveðinna einstaklinga. Ætla má að það sé ekki ósjaldan sem eignarhaldsfélög snúist fremur um eignarhaldið sjálft en eignirnar sem félögin hafa umsjón með. Oft er eina eign eignarhaldsfélagsins eign í öðrum eignarhaldsfélögum, sem eins er farið með. Hvort heldur litið er til fjölda eða efnahagslegra umsvifa þessara félaga er hér um mjög þýðingarmikinn þátt í íslensku efnahagslífi að ræða.


## Áætlanir

Lögaðilar áttu að skila skattframtali til ríkisskattstjóra fyrir miðjan maí en endurskoðendur fengu frest fram yfir miðjan september. Mánuði síðar hefur ríkisskattstjóri afgreitt framtölin og lagt skatt á tekjur félaga. Álagningarseðlar eru sendir út undir lok október og er álagningarskrá lögð fram í kjölfarið. Ef framtöl hafa ekki borist fyrir lok framtalsfrests áætla ríkisskattstjóri tekjur og leggur á samkvæmt því. Þegar líður frá álagningu halda síðbúin framtöl hins vegar áfram að berast og er álagning viðkomandi lögaðila, sem byggir á áætlun, þar með kærð. Hinn 14. nóvember sl. höfðu 26.502 félög skilað skattframtali. Enn eiga því hátt í 11 þúsund félög eftir að skila. Ef hliðsjón er höfð af skilum undanfarinna ára má þó reikna með að um 15% félaga hirði ekki um að skila framtali eins og þeim ber að gera lögum samkvæmt, og gera má ráð fyrir að um fjögur þúsund framtöl eigi enn eftir að berast. Oftar en ekki er hér um að ræða fyrirtæki með lítinn eða engan rekstur.

Ríkisskattstjóri getur endurákvæðað gjöld fyrirtækja í sex ár eftir að framtalsfresti er lokið og því er viðbúið að niðurstöður álagningar eigi eftir að taka nokkrum breytingum þegar lengra er liðið frá álagningu og kærufrestur útrunninn. Eins og vera ber hafa þó flest stærstu fyrirtæki landsins þegar skilað framtali vegna álagningar opinberra gjalda árið 2012, og því má ætla að þær upplýsingar sem þegar hafa borist skattýfirvöldum gefi nokkuð góða mynd af rekstri fyrirtækja árið 2011.

## Velta og rekstrartekjur

Ýmsar ástæður kunna að vera fyrir því að menn stofna fyrirtæki. Sumir vilja starfa að ákveðnum málum. Aðrir sjá þarfir í þjóðfélaginu sem er ekki fullnægt, vilja láta gott af sér leiða, vera sjálfs síns herra, hafa brennandi áhuga á atvinnurekstri eða eygja hagnaðarvon. Flest fyrirtæki hafa það að markmiði að selja vörur eða veita þjónustu. Fyrirtæki kaupa hráefni sem varið er til framleiðslu og því er umbreytt í vöru sem síðan er seld til einstaklinga eða annarra fyrirtækja. Fyrirtækin skapa þannig tekjur og arð fyrir viðskiptavini, starfsmenn, fjárfesta, lánardrottna og eigendur, sem og verðmæti fyrir samfélagið allt. Hið opinbera tekur hluta af arðinum í formi skatta og gjalda sem er aftur varið til að fjármagna opinberar framkvæmdir og þjónustu, almannatryggingakerfið, uppeldis- og sjúkrastofnanir, öldrunarheimili, fangelsi og ýmis félagsleg úrræði, hús, stofur, nefndir og ráð. Opinber rekstur skapar aftur tekjur fyrir einstaklinga



og fyrirtæki á markaði sem ýmist er varið er til kaupa á vörum og þjónustu eða til fjárfestingar. Launin eru síðan skattlögð af hinu opinbera. Það sem eftir stendur af launum einstaklinga eru ráðstöfunartekjur. Það sem ekki fer í að kaupa vörur og þjónustu af fyrirtækjum er sparað eða fjárfest í fyrirtækjum. Þannig snúast hjól efnahagslífsins. Tekjur verða að gjöldum og gjöld aftur að tekjum og svo koll af kolli, allt eftir því hver á í hlut.

Það lítur út fyrir að óveruleg breyting hafi orðið á tekjum fyrirtækja á milli árunna 2010 og 2011. Rekstrartekjur fyrirtækja voru 3.362 milljarðar árið 2011, 139 milljörðum hærri en árið 2010. Ef horft er til raunverulegra verðmæta er hins vegar um lækkun upp á 29 milljarða að ræða. Enn eiga þó fleiri skattframtöl eftir að berast þannig að ekki er útséð um að einhver hækkun verði.

Fyrirtæki sem hafa skilað skattframtali seldu vöru og þjónustu fyrir 3.277 milljarða árið 2011, en þetta er um 212 milljörðum minna að raunvirði en árið áður. Tekjur af starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti, en hér er aðallega um að ræða starfsemi fjármála-fyrirtækja, drögust saman um 198 milljarða. Umfang þessarar starfsemi hefur minnkað um rúman helming frá árunum 2007 og 2008. Tekjur af undanþeginni starfsemi voru um 30,6% af sölu vöru og þjónustu árið 2008 en eru nú komnar niður í 15,9%. Skýringar er vitanlega að leita í minnkandi fjármálaumsvifum í landinu. Tekjur af starfsemi undanþeginni virðisaukaskatti hafa dregist saman um 760 milljarða að raunvirði síðan árið 2008.

Önnur velta hefur breyst minna. Velta sem undanþegin er virðisaukaskatti, en hér er aðallega um að ræða útflutning sem ber ekki virðisaukaskatt, er enn nær óbreytt frá því í fyrra. Virðisaukaskattsskyld sala á innanlandsmarkaði dróst hins vegar saman um 14 milljarða að raunvirði, var nú 1.590 milljarðar.

Félög geta haft tekjur af sölu eigna sem ekki hafa verið keyptar til endursölu. Ef tekjur af sölu eða afhendingu, söluhagnaður, eða aðrar tekjur hafa verið færðar með öðrum hætti í ársreikningi en á skattframtali þá þarf að leiðrétta tekjurnar þannig að rekstrartekjur í skattframtali verði jafnar rekstrartekjum skv. ársreikningi félagsins. Mismunur á sölu og rekstrartekjum er því aðrar tekjur, söluhagnaður og skattalegar leiðréttingar.

Áformum um glæsta fjármálamiðstöð á landinu var sjálfhætt á haustdögum árið 2008. Fjármálastarfsemi er þó greinilega ekki dauð úr öllum æðum því fyrirtæki sem skráð eru í *aðra fjármálastarfsemi* veltu mestu allra skattskyldra fyrirtækja árið 2011. Undir þessa atvinnugrein falla nú 21 fyrirtæki sem samanlagt voru með tæpa 399 milljarða í rekstrartekjur. Þrjú þessara fyrirtækja voru ekki með neinar tekjur árið 2011. Hér er um að ræða 11,9% rekstrartekna fyrirtækja í landinu. Þá er einnig athyglisvert að fjögur félög í *álframleiðslu* veltu 227 milljörðum, sem eru um 6,7% heildarveltu fyrirtækja. Þá veltu 89 fyrirtæki sem starfa við *frystingu fiskafurða, krabbadyra og lindýra* um 163 milljörðum, sem eru um 4,9% seldrar vöru og þjónustu í landinu. Það er athyglisvert að 1.478 fyrirtæki í þeim 10 atvinnugreinum sem velta mestu standa undir 42,9% allrar seldrar vöru og þjónustu í landinu. Þá er það ekki síður athyglisvert að þau 10 fyrirtæki sem voru með mestu rekstrartekjurnar árið 2011 voru með 755 milljarða í tekjur, sem eru um 22,5% tekna fyrirtækja.

Rétt er að taka fram að það er ýmsum erfiðleikum bundið að flokka fyrirtæki eftir atvinnugreinum. Hér er miðað við skráningu félags hjá fyrirtækjaskrá. Eins og gefur að skilja eru mörg félög í margþættri starfsemi. Þá breytast áherslur í rekstri fyrirtækja frá einu ári til þess næsta. Þetta er því ekki klippt og skorið, en þó má ætla að í flestum tilvikum gefi atvinnugreinamerking nokkra mynd af meginstarfsemi fyrirtækisins.

## Rekstur

Sem fyrr segir eru fyrirtækin uppspretta verðmætasköpunar. Rekstrartekjur af sölu vöru og þjónustu ganga til að greiða kostnað sem fellur til við að afla teknanna og halda þeim við. Það sem eftir stendur er hagnaður eða tap af venjulegri starfsemi. Þessi hagnaður þarf að duga til að greiða þeim sem hætt



## Fjármálastarfsemi er þó greinilega ekki dauð úr öllum æðum því fyrirtæki sem skráð eru í aðra fjármálastarfsemi veltu mestu allra skattskyldra fyrirtækja árið 2011

hafa tíma og fjármunum í rekstrinum, starfsmönnum, lánardrottum og eigendum, laun, vexti og arð. Ríkið telur sig einnig eiga tilkall til hluta hagnaðarinnar. Yfirleitt er lítið á vinnuafli sem hvert annað hráefni sem þarf til rekstrarinnar, en hráefni eiga sjaldnast hagsmuna að gæta og því er ekki óeðlilegt að líta á starfsmenn sömu augum og aðra þá sem hætt hafa tíma sínum og kröftum til verksins og gera tilkall til afkasturs starfseminnar.

Rekstrargjöld fyrirtækja voru samanlagt 3.016 milljarðar árið 2011, eða um 89,7% af tekjum fyrirtækjanna. Þar af voru laun 528 milljarðar, sem eru 17,5% af heildarrekstrargjöldum. Rekstrartekjur að frádregnum kostnaði, þ.e. rekstrarhagnaður, var 346 milljarðar, sem þýðir að 10 kr. af hverjum 100 kr. sem komu inn í sölu skiptast á milli lánardrottna, ríkisins og eigenda. Þetta er reyndar hærra hlutfall en sést hefur á undanförunum árum. Ef launinum er bætt aftur

inn í þá tölu þá skilaði reksturinn 874 milljörðum sem eru til skiptanna fyrir þá sem lögðu af mörkum við framleiðsluna og eiga eitthvað undir starfseminni. Sem fyrr segir voru starfsmönnum greiddir 528 milljarðar í laun árið 2011, sem voru um 60,4% af þeim 874 milljörðum sem starfsemin gaf af sér. Afgangurinn skiptist á milli lánardrottna, ríkis og hluthafa.

## Hagnaður af rekstri

Það er hins vegar ekki jafnt á komið með öllum fyrirtækjum að þessu leyti. Rekstur 15.473 fyrirtækja skilaði 1.029 milljörðum í arð fyrir launagreiðslur. Hér er um að ræða fyrirtæki sem sköpuðu verðmæti, umbreyttu hráefni og aðföngum í eitthvað sem var meira virði en það sem varið var til framleiðslunnar. Afraksturinn skiptist á milli starfsmanna, fjárfesta og ríkisins, og samfélagið allt nýtur góðs af. Þessi 15.473 fyrirtæki seldu vöru og þjónustu fyrir 3.240 milljarða. Kostnaður þeirra var 2.717 milljarðar, en þar af voru laun 505 milljarðar. Í hlut starfsmanna komu því 49,1% þess arðs eða ágóða sem til varð í framleiðslunni. Hinn helmingurinn skiptist á milli lánardrottna og eigenda. Hrein vaxtagjöld þessara fyrirtækja voru 105 milljarðar, sem eru 10,2% af afrakstri starfseminnar. Fyrirtækin greiddu 27 milljarða í tekjuskatt af þessum virðisauka sem voru um 2,6%, og þau greiddu 53 milljarða út sem arð, eða 5,2% af mismuni á rekstrartekjum og rekstrargjöldum að frádregnum launakostnaði. Þá voru 339 milljarðar afgangssummu sem voru ýmist endurfjárfestir í vélum og tækjum eða gengu upp á móti óreglulegum kostnaði. Má ætla að stjórnendur þessara fyrirtækja líti svo á að þeir geti ávaxtað þetta fé betur í rekstrinum en eigendur gætu sjálfir gert ef tekjurnar væru greiddar út úr fyrirtækinu. Það þarf hins vegar ekki að vera að þessar tekjur séu í hendi þó að þær hafi verið færðar til tekna í bókhaldi. Aðrar tekjur og leiðréttingar geta haft mikil áhrif á rekstrartekjur. Vaxtakostnaður fyrirtækja er ekki sundurliðaður eftir því hvort lánin sem vextirnir eru greiddir af hafi verið notuð til kaupa á rekstrareignum, það er eignum sem eru notaðar í starfseminni til að skapa rekstrartekjur, eða þeim varið í eitthvað annað, t.d. verðbréf. Hluti vaxtakostnaðar er því hugsanlega ótengdur meginstarfsemi fyrirtækisins. Þá er rétt að árétt að hér er ekki um greiðslustreymi að ræða heldur tekjur og gjöld skv. bókhaldi. Það er því ekki rétt að ætla að stjórnendur geti ráðstafað mismuni á rekstrartekjum og rekstrargjöldum að vild. Þá leggur ríkið virðisaukaskatt á sölu vöru og þjónustu

sem og tryggingagjald af launum starfsmanna. Hlutur ríkisins er því umtalsvert meiri en tekjuskattur af hagnaði.

## Arðsemi


Með öllum þeim fyrirvörum sem þegar hafa verið gerðir um tekjur og gjöld eru tekjur að frádregnum gjöldum mælikvarði á arðsemi fyrirtækjanna. Árið 2011 voru 18.530 félög með rekstrartekjur. Gjöld 12.200 félaga dugðu fyrir rekstrarkostnaði, þ.á.m. launum. Rekstrarhagnaður umfram gjöld var 549 milljarðar. Flest félög, eða 4.137, voru með rekstrarhagnað sem var minni en 10% af tekjum, og 10.120 félög voru með rekstrargjöld sem voru minni en 50% af tekjum, en hér er um að ræða 54,6% félaga.

Stór hluti arðsköpunar fyrirtækja árið 2011 var í banka- og fjármálastarfsemi. 11 fyrirtæki sem eru skráð í atvinnugreinina önnur fjármála fyrirtæki voru með 224 milljarða í arð fyrir launagreiðslur, sem er 21,8% af heildararði af starfsemi fyrirtækja í landinu. Þessi fyrirtæki greiddu 29 milljarða í laun. Þá var mikil arðsköpun í framleiðslugreinunum sjávarútvegi og álframleiðslu. Fyrirtæki í þessum greinum voru með 179 milljarða í rekstrartekjur en þar af komu um 80 milljarðar í hlut starfsmanna fyrirtækjanna. Rekstrartekjur þeirra 10 fyrirtækja sem mestan arð skópu voru 324 milljarðar, sem voru um 31,5% af verðmætasköpuninni í landinu, alltjént þegar aðeins er horft til þeirra fyrirtækja sem höfðu skilað skattframtali 14. nóvember sl.

## Tap af rekstri

Það er ekki síður áhugavert að skoða hvar tapið var mest. Árið 2011 stóð starfsemi 8.685 fyrirtækja ekki undir daglegum rekstri, jafnvel þótt engin laun hefðu verið greidd. Tap í þessum rekstri nam 155 milljörðum og starfsmenn þessara fyrirtækja eyddu þannig verðmætum árið 2011 í staðinn fyrir að skapa þau. Kostnaður við aðföng sem lögð voru til framleiðslunnar var hærrí en tekjurnar sem reksturinn skapaði og því þurfti að greiða starfsfólki laun af eigin fé eða með peningum sem komu annars staðar frá, s.s. bankalánum eða auknu framlagi eigenda, sparnaði sem til hefur orðið í uppbyggilegri starfsemi á öðrum stað eða öðrum tíma.

Það felast ekki síður mikilvægar upplýsingar í tapinu en í hagnaðinum fyrir efnahagslífið. Þeir sem tapa og eyða verðmætum eru að framleiða eitthvað sem ekki er þörf fyrir eða eftirspurn eftir á því verði sem sett er upp. Til langframa gengur slík framleiðsla ekki og rekstraraðilarnir þurfa því að róa á önnur mið þar sem þörfum markaðarins er betur fullnægt. Það er sagt að fimmta




hvert fyrirtæki nái sér á strik og dafni og því þarf það ekki að koma á óvart að mörg fyrirtæki séu rekin með tapi á hverju ári. Það er heldur ekkert óeðlilegt við það. Ýmis kostnaður, rannsóknar- og þróunarkostnaður, og kostnaður við markaðsmál fellur til þó svo að tekjurnar komi ekki fyrir en seinna. Árið 2011 voru 32,8% fyrirtækja rekin með tapi fyrir launagreiðslur, sem er svipað hlutfall og árið 2009. Þetta er þó töluvert hærra hlutfall en á árunum fyrir hrun en þá var þetta hlutfall rúmlega 20%.

Af þeim 18.530 félögum sem voru með tekjur af rekstri dugðu tekjur 6.330 fyrirtækja ekki fyrir rekstrargjöldum. Rekstrargjöld

umfram rekstrartekjur voru 153 milljarðar. Flest þessara félaga töpuðu einni til tveimur krónum fyrir hverjar 10 sem komu í kassann. Nokkur hópur félaga var með tap af rekstri sem var langt umfram tekjur. Þessi fyrirtæki töpuðu meira en krónu fyrir hverja krónu sem kom inn í tekjur. Bróðurpart rekstrartaps þessara félaga er að finna í 236 félögum í fjármálastarfsemi, eignarhaldsfélögum og leigufélögum.

Þó að rekstrartap félaga sé vissulega umtalsvert nú er það þó lítið miðað við það sem menn eiga orðið að venjast. Áður en laun höfðu verið greidd töpuðu félög 7.625 milljörðum árið 2008, 1.650 milljörðum

## Hagnaður samkvæmt ársreikningi



Rekstrartekjur voru 3.362 milljarðar árið 2011. Rekstrargjöld voru 3.016 milljarðar en þar af voru laun 528 milljarðar. Rekstrarhagnaður var því 346 milljarðar. Vaxtagjöld umfram vaxtatekjur voru 235 milljarðar. Þrátt fyrir að hagnaður af rekstri eftir hreinar vaxtagreiðslur væri aðeins um 111 milljarðar er hagnaður skv. ársreikningi nú 976 milljarðar. Ástæðan er tekjufærsla vegna eftirgjafar skulda, gengismunur, óreglulegar tekjur og söluhagnaður, eða liðir sem lúta ekki að langtímahorfum rekstrarins.

## Tap samkvæmt ársreikningi



Frá árinu 2008 hefur tap minnkað ár frá ári. Íslensk fyrirtæki töpuðu 504 milljörðum árið 2011. Í sögulegu samhengi er um smáræði að ræða en þegar tapið er skoðað í ljósi hagnaðar af rekstri er um tölurverðar upphæðir að ræða.

## Hagnaður/ tap skv. ársreikningi

Þegar starfsmönnum hafa verið greidd laun, gert hefur verið upp við lánardrottna og vaxtagjöld jöfnuð á móti vaxtatekjum, stendur eftir hagnaður eða tap af rekstri fyrirtækisins. Tekjur eða tap af viðskiptum með hlutabréf og ýmis konar fjárfestingarstarfsemi, sem hefur í raun ekkert með grunnstarfsemi fyrirtækisins að gera, er talin hér til tekna eða gjalda. Þá geta fyrirtæki hagnast eða tapað á sölu rekstrarfjármuna en slík viðskipti eru færð fyrirtækinu til tekna eða gjalda eftir því sem við á. Fyrirtæki sem selur vörur á lægra verði en þær kosta í innkaupum getur þannig hugsanlega fjármagnað tapreksturinn með tekjum af fjármálastarfsemi sem er óskyld rekstrinum.

Þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnsliða, óreglulegra tekna og gjalda og eftirgjafar skulda stendur eftir hagnaður eða tap skv. ársreikningi. Árið 2011 voru 12.042 fyrirtæki rekin með hagnaði eftir að vextir höfðu verið greiddir og jafnaðir á móti vaxtatekjum og gengishagnaði, og verðbréfaeign færð niður til samræmis við ákvæði skattalaga. Samanlagður hagnaður þessara félaga var rúmir 976 milljarðar, nokkru hærra en hagnaður af rekstri, sem var 445 milljarðar. Þetta þýðir að óreglulegar tekjur og gjöld hafa verið rúmur 531 milljarður. Inni í hagnaði skv. ársreikningi eru óreglulegar tekjur og endurmat verðbréfaeignar sem og tekjufærsla vegna skulda sem gefnar hafa verið eftir af lánardrottnum. Af þeim 15.473 félögum sem voru með hagnað af rekstri fyrir launagreiðslur voru 10.860 með hagnað samkvæmt ársreikningi. Það er athyglisvert að 1.034 félög sem rekin voru með tapi áður en laun voru greidd skiluðu samt hagnaði skv. ársreikningi. Það má því ætla að þau 10.860 félög sem skiluðu hagnaði af rekstri eftir fjármagnsliði, þ.e. skv. ársreikningi, séu þau félög sem standa einna sterkast.

Árið 2011 voru um 45,4% félaga rekin með hagnaði. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi frá árinu 2008 en þá skiluðu aðeins 34,5% fyrirtækja eigendum sínum hagnaði. Sömu sögu er að segja af hagnaðinum. Hann hefur aukist frá ári til árs allt frá árinu 2008. Árið 2007 skiluðu íslensk fyrirtæki eigendum sínum rúmunum 1.380 milljörðum í hagnað. Ári síðar var hagnaðurinn 408 milljarðar og hafði þá fallið um 70,5% að raunvirði milli ára. Frá þeim tíma hefur samanlagður hagnaður fyrirtækja aukist um 139%. Félög sem rekin voru með hagnaði voru með 2.772 milljarða í rekstrartekjur. Hagnaðurinn var 976 milljarðar, eða 35,2% af rekstrartekjum. Í fyrra var þetta hlutfall 27,9% en 40,5% árið 2009 og 31,6% árið 2008. Það árið var

örðum árið 2009 og 379 milljörðum árið 2010. Það má því segja að hér horfi til betri vegar. Um þriðjungur rekstrartaps félaga var hjá eignarhaldsfélögum sem töpuðu 52 milljörðum árið 2011. Hér er um að ræða 1.561 félag. Þá töpuðu 18 félög sem skráð eru sem starfsemi höfuðstöðva hjá fyrirtækjaskrá 39 milljörðum. Þetta eru 25,5% af heildartapinu. Um 59% taps ársins 2011 var að finna í þessum tveimur atvinnugreinum en ekki er hægt að segja

að eðlismunur sé á starfsemi þessara fyrirtækja. Í báðum atvinnugreinum er aðallega um að ræða fjárfestingarfélag en ekki framleiðslufyrirtæki. Tekjurnar byggja því að miklu leyti á matsbreytingum á eignaverði en ekki seldri vöru og þjónustu. Það er vissulega athyglisvert að þau 10 fyrirtæki sem töpuðu mestu af rekstri töpuðu tæpum 107 milljörðum, eða 68,8% af tapinu. Öll félögin, utan eitt, eru skráð í einhvers konar fjármálaumsýslu.

mörgum fyrirtækjum erfitt en 9.807 félög voru þá rekin með hagnaði sem var um 34,5% félaga. Þá var 14.571 félag rekið með tapi, eða 51,2% félaga. Síðan þá hefur staðan því farið batnandi.

Stór hluti þessara tekna er hins vegar vegna niðurfærslu taps vegna nauðasamninga og gjaldþrota eignarhaldsfélaga. Hér er um að ræða kröfur sem félögin geta ekki greitt og því er ekki hægt að segja að um raunverulega verðmætasköpun sé að ræða í þessum félögum, þó að málið kunni að horfa öðruvísi við eigendunum tapsfélaganna, sem þurfa ekki að standa í skilum og eru betur settir fyrir vikið. Tekjufærslan er gjaldfærð í félagi lánardrottins sem gefur kröfuna eftir.


Fjármálastarfsemi stendur undir stórum hluta hagnaðar fyrirtækja. Í starfseminni önnur fjármálafyrirtæki voru 11 fyrirtæki með rúma 259 milljarða í hagnað skv. ársreikningi ársins 2011. Þetta eru 26,5% af heildarhagnaði fyrirtækja.

Félög sem voru rekin með tapi árið 2011 færðu 504 milljarða tap í ársreikninga sína. Á bak við tapið stóðu 12.723 félög. Þetta er mun minna tap en fyrir ári. Þá töpuðu félög 1.415 milljörðum sem var þá mun minna en árið þar áður, en þá var 3.474 milljarða tap af rekstri félaga. Árið 2008 töpuðu íslensk félög 13.893 milljörðum í krónum ársins 2011. Eins og gefur að skilja var mest af tapinu til komið vegna fjármálaumsvifa banka og eignarhaldsfélaga en ekki vegna rekstrarfélaga. Af þeim 504 milljörðum sem töpuðust árið 2011 voru 337 vegna eignarhaldsfélaga og félaga sem reka hér höfudstöðvar. Hér er um að ræða 67% tapsins.

## Yfirfæranlegt tap

Félög sem eru rekin með hagnaði mega draga frá hagnaðinum eftirstöðvar rekstrartaps síðustu 10 ára á undan tekjuárinu. Þannig er tekjunum dreift yfir allt að 10 ára tímabil. Félag sem rekin eru með hagnaði greiða hins vegar skatt af tekjunum svo framarlega sem ekkert tap er til að nýta á móti þeim. Þau geta ekki nýtt tap sem til verður af rekstri til að lækka skatt sem þegar hefur verið greiddur. Fyrirtæki sem eru með sömu tekjur á ákveðnu árabili geta því greitt misháa skatta af sömu tekjum. Heildarskatturinn fer eftir því hvenær teknanna var aflað og hvenær tap varð af rekstrinum. Tekjufærslutími skýrir því að nokkru mun á hagnaði skv. ársreikningi og tekjuskattstofni fyrirtækja.

Yfirfæranlegt tap jókst nokkuð framan af fyrsta áratugi þessarar aldar. Um miðjan áratuginn fór það að aukast mjög mikið samfara auknum umsvifum alþjóðlegrar fjárfestingastarfsemi. Yfirfæranlegt tap jókst



um tæp 70% að raunvirði á milli árunna 2005 og 2006. Það jókst aftur um 65,6% á milli árunna 2006 og 2007 en þá áttu íslensk félög 971 milljarð í yfirfæranlegt tap. Við fall bankanna hátt í áttfaldaðist yfirfæranlegt tap félaga, fór úr 971 milljarði í 7.517 milljarða. Yfirfæranlegt tap minnkaði aðeins á milli árunna 2008 og 2009, um 848 milljarða. Það lækkaði svo um 142 milljarða á milli árunna 2009 og 2010. Yfirfæranlegt tap jókst nú aftur um 255 milljarða að raunvirði.

Þegar hliðsjón er höfð af þeim upphæðum sem um er að tefla og smæð íslensks atvinnulífs þarf ekki að koma á óvart að langmest af tapinu er vegna fjármálafyrirtækja. Bróðurpartur tapsins, eða 58,2%, er vegna 18 banka og sparisjóða sem samanlagt eiga 3.946 milljarða í yfirfæranlegt tap. Þá eiga 1.685 eignarhaldsfélög 1.561 milljarð af yfirfæranlegu tapi. Samanlagt er hér um að ræða 5.507 milljarða, 81,2% yfirfæranlegs taps. Stór hluti þessa taps er vegna verðbreytinga á eignum og skuldum. Eignir hafa fallið í verði á sama tíma og skuldir hafa hækkað. Það er vert að hugleiða að yfirfæranlegt tap félaga er nú hátt í sjöfaldur hagnaður skv. ársreikningum fyrirtækja í landinu.

Það er fremur ólíklegt að megnið af því tapi sem félög eiga frá fyrri árum verði nokkurn tímann nýtt á móti tekjum. Í flestum tilvikum er um að ræða tapað fé sem varið var til kaupa á verðbréfum á yfirverði, oft í öðrum eignarhaldsfélögum, sem síðan voru notuð sem veð gegn frekari lánum. Úr því sem komið er, þá er borin von að þessar eignir muni nokkurn tíma skila hagnaði hjá fyrir-

tækjunum sem færa sér þær til eignar, þ.e. fyrir en þær verða afskrifaðar og tekjufærðar hjá fyrirtækinu sem tapaði peningunum.

Það er rétt að taka fram að eignarhald á íslenskum eignarhaldsfélögum var oft og tíðum ákaflega flókið. Eignarhaldsfélög voru stofnuð um eignarhald á eignarhaldsfélögum sem voru keypt á yfirverði. Í mörgum tilvikum þarf því ekki að vera að um viðskipti hafi verið að ræða þar sem rekstrarfyrirtæki með tekjustreymi færðust á milli handa, heldur viðskipti með hlutabréf þar sem verðmætið var byggt á mati þeirra sem áttu í viðskiptunum. Tekjur sem verða til í rekstrarfélagi í eigu eignarhaldsfélags eru svo færðar eignarhaldsfélögunum til tekna einu af öðru eftir því sem ofar dregur í eignakeðjunni. Þar sem oft var ekki um raunveruleg verðmæti að ræða er e.t.v. ofsagt að halda því fram að raunveruleg verðmæti hafi tapast.

## Hreinar tekjur og tekjuskattur

Aðeins lítill hluti þeirra 976 milljarða sem voru hagnaður félaga skv. ársreikningum er skattlagður. Hagnaður fyrirtækja byggist ekki einvörðungu á rekstrartekjum umfram rekstrargjöld heldur einnig á matsbreytingum á eignum, gengisbreytingum, vaxtatekjum og óreglulegum tekjum, s.s. söluhagnaði. Munur á hagnaði skv. ársreikningi og hreinum, skattskyldum hagnaði liggur aðallega í því að yfirfæranlegt tap fyrri ára nýtist til að lækka skattstofninn. Þá mega fyrirtæki færa birgðir niður og arður sem fyrirtækið fær frá félögum sem þegar hafa

## Tryggingagjaldsstofn



Tryggingagjaldsstofn samanstendur af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir störf. Það er einnig lagt á greiðslur í lífeyrissjóði sem undanþegnar eru tekjuskatti einstaklinga. Kaupmáttur launa landsmanna rýrnaði um rúma 200 milljarða á milli árunna 2007 og 2009, eða um 21,6%. Tryggingagjald var 69,8 milljarðar í álagningu nú, 500 milljónum hærra en við álagningu í fyrra að raungildi.

greitt skatt af tekjunum er ekki skattlagður í fyrirtækinu sem tekur við arðgreiðslunni. Tekjuskattur var lagður á 7.047 þeirra 12.042 félaga sem voru með hagnað skv. ársreikningi en 4.995 félög greiddu engan tekjuskatt af hagnaði. Tekjuskattur var lagður á 290 félög sem ekki voru rekin með hagnaði. Ástæðan er sem fyrr segir skattaletgar leiðréttingar og tekjur sem hafði verið frestað og eru skattlagðar nú.

Hreinar tekjur eða tekjuskattstofn félaga var 176 milljarðar. Hagnaður skv. ársreikningi var 976 milljarðar þannig að 18,1% hagnaðarins var skattlagt. Tekjuskattur var nú lagður á 7.338 félög skv. skattframtali. Hagnaður þessara félaga var 238 milljarðar þannig að 73,9% hagnaðarins var skattlagt. Sem fyrr segir höfðu 26.502 félög skilað skattframtali hinn 14. nóvember sl. Af þessum félögum voru 15.473 rekin með hagnaði af rekstri fyrir launakostnað, þar af voru 10.086 fyrirtæki með hagnað skv. ársreikningi, og aðeins 6.674 félög voru með hreinar tekjur eftir fjármagnsliði og eftir skattaletgar leiðréttingar. Með öðrum orðum þá voru 6.674 þeirra 7.338 félaga sem lagður var á tekjuskattur með hagnað af rekstri fyrir launagreiðslur. Þessi félög voru með 377 milljarða í rekstrarhagnað fyrir launakostnað sem er 36,6% af heildarrekstrarhagnaði allra fyrirtækja fyrir launakostnað, þau greiddu 38,5% af launum, 11,5% af vaxtagjöldum, voru með 21,5% hagnaðar skv. ársreikningi, og



Það er því ekki hægt að fullyrða að skattarnir sem lagðir eru á verði nokkur tímann að fullu greiddir. Reyndar má draga það í efa

greiddu 72,5% tekjuskatts. Þau greiddu út 51,8% af þeim 84 milljörðum sem greiddir voru út til hluthafa í arð. Hér er um að ræða rúman fjórðung þeirra fyrirtækja sem hafa skilað skattframtali.

Það er athyglisvert að þrátt fyrir slæmt gengi margra eignarhaldsfélaga skiluðu 308 eignarhaldsfélög hagnaði eftir skattaletgar leiðréttingar og yfirfæranlegt tap árið 2011. Nokkur þessara félaga eru meðal stærstu skattgreiðenda í landinu. Rúmur fjórðungur tekjuskatts lögaðila var lagður á þessi félög. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að hér er verið að fjalla um tekjuskattstofn og álagningu en ekki greidda skatta. Það er því ekki hægt að fullyrða að skattarnir sem lagðir eru á verði nokkur tímann að fullu greiddir. Reyndar má draga það í efa. Matsverð eigna

getur breyst og ákvæði tekjuskattslaga um afskriftir tapaðra krafna eru mun stífari en reglur reikningsskilanna. Samkvæmt skattalögum mega fyrirtæki aðeins draga frá rekstrarkostnaði tap á útstandandi viðskiptakröfum, ábyrgðum og lánveitingum, sem tengjast atvinnurekstrinum beint, á því tekjuári sem þessar eignir eru sannanlega tapaðar. Samkvæmt reikningsskilum ber fyrirtækjum hins vegar að varast að ofmeta eignir eða vanmeta skuldir. Þá er ekki víst að til séu peningar í mörgum þessara félaga til að greiða skattana sem voru lagðir á félagið. Tekjurnar geta þannig verið ótengdar tekjustreyminu, sérstaklega þegar um endurmat eigna er að ræða.

Rúmur tíundi hluti tekjuskatts lögaðila var lagður á þrjú fyrirtæki í álframleiðslu. Þessi fyrirtæki voru með tæpa 18 milljarða í skattskyldan hagnað. Ríkið krefur þau um fimmtung í tekjuskatt, eða tæpa 3,6 milljarða. Þá voru rúmir 5,7 milljarðar lagðir á fyrirtæki sem starfa við frýstingu fiskafurða, krabbadýra og lindýra og útgerð fiskiskipa. Þannig var rúmur fjórðungur tekjuskatts lögaðila, um 26,4%, lagður á 94 framleiðslufyrirtæki í sjávarútvegi og stóriðju. Um þessar mundir lítur út fyrir að vel ári hjá fyrirtækjum sem veita lögfræðihjónustu, því af tekjuskatti lögaðila að dæma má ætla að hér sé um að ræða eina blómlegustu atvinnugreinina í landinu. Ríkisskattstjóri lagði einn milljarð á 179 fyrirtæki í þessari grein.

### Tekjuskattur

Nú í haust voru lagðir tæpir 42,2 milljarðar á 15.240 félög í tekjuskatt, en þar af voru rúmir 6,8 milljarðar áætlaðir á félög sem ekki skiluðu fyrir framtalsfrest, eða eru talin hafa vantalið tekjur. Heildarálagningin hækkaði um tæpa 5,9 milljarða á milli ára, eða um 16,1%. Hlutfall áætlaðs tekjuskatts hefur farið lækkandi á síðustu árum. Það var 37,2% við álagningu 2010 og 19% við álagningu í fyrra. Þó að skattframtöl séu enn að berast ætti álagningin nú að gefa betri mynd af endanlegri niðurstöðu en oft áður.

Skýringar á hækkingu tekjuskatts er fyrst og fremst að leita í hækkingu tekjuskattshlutfalls. Tekjuskattur var hækkaður úr 18% í 20%, eða um rúmlega 11,1% á milli ára. Það verður ekki betur séð en að hlutur ríkisins í hagnaði fyrirtækja hafi aukist í nokkuð góðu samræmi við breytinguna á skattshlutfallinu. Skattstofninn hefur vaxið þrátt fyrir að skattar á fyrirtæki hafi verið hækkaðir, úr 15% á tekjur ársins 2009 í 20% á tekjur ársins 2011, eða um fjórðung á þremur árum.



## Tryggingagjald

Um árabíl hefur tryggingagjald verið sá skattur sem lagður hefur verið á atvinnulífið sem mestu hefur skilað til ríkisins. Tryggingagjaldsstofn samanstendur af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem slíkt nefnist: vinnulaunum, þóknunum, hlunnindum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tegundum greiðslna og launa. Þar að auki er lagt tryggingagjald á greiðslur í lífeyrissjóði sem undanþegnar eru tekjuskatti einstaklinga. Launagreiðslur hækkuðu mikið í þjóðfélaginu á uppgangsrárunum, eða fram til ársins 2008. Þegar bankarnir féllu lækkuðu launagreiðslur úr tæpum 845 milljörðum árið 2008 í rúma 747 milljarða ári síðar. Á sama tíma féll gengi krónunnar svo um munaði. Ef tryggingagjaldsstofn er settur á fast verðlag í desember 2011 sést að kaupmáttur launa landsmanna rýrnaði um rúma 200 milljarða á tveimur árum. Fór úr 1.029 milljörðum árið 2007 í 807 milljarða árið 2009. Þetta er lækkun um 21,6% á tveimur árum. Hækkun á milli árána 2007 og 2008 varð að engu þegar verðmæti gjaldmiðilsins féll. Stofninn óx óverulega á milli árána 2010 og 2011. Heildarlaunagreiðslur í landinu voru 799 milljarðar árið 2011, um fimm milljörðum hærra en árið áður. Ekki er því hægt að segja að um verulega breytingu sé að ræða. Laun hafa rétt haldið í við verðlag síðastliðin þrjú ár. Margt bendir reyndar til þess að árið 2004 hafi markað upphaf glæsilegs framfaraskiðs sem snerist í einni svipan upp í þungbæra örlagátíma fyrir þjóðina, og því e.t.v. ekki rétt að miða kaupmátt launa í dag við ástandið þegar leikar stóðu hæst.

Tryggingagjaldsstofninn er kostnaður launagreiðandans af þeirri þjónustu sem launþeginn veitir vinnuveitandanum. Launagreiðandinn þarf að greiða móttframlag í lífeyrissjóð sem er að lágmarki 8%. Þá er einnig greitt móttframlag í séreignarsjóð sem getur verið 2%, eða meira, af launum. Það er því ekki alveg ljóst að hve miklu leyti launagreiðandinn eða launþeginn ber kostnaðinn af skattinum, ekki frekar en það er ljóst að hve miklu leyti kaupmenn eða viðskiptavinir bera kostnað af virðisaukaskatti. Verðið ræðst af getu manna til að greiða uppsett verð, ekki síður en af kostnaðinum við að framleiða og selja vöruna.

Tryggingagjald var óbreytt árin 2010 og 2011 og því fylgir álagningin þróun stofnsins. Nú var 16.838 lögaðilum gert að skila 69,3 milljörðum í tryggingagjald af launum starfsmanna sinna. Í fyrra voru lagðir 65,4 milljarðar á lögaðila en þar sem verðbólga var rúmlega 5% árið 2011 er ekki um að

ræða raunverulega hækkun á gjaldinu, frekar en stofninum.

Tryggingagjald er ekki aðeins lagt á tekjuskattskyld félög heldur einnig á laun opinberra starfsmanna og lögaðila sem undanþegnir eru tekjuskatti. Af þeim 69,8 milljörðum sem lagðir voru á launafólk í tryggingagjald vegna launa árið 2011



## Ef tryggingagjaldsstofn er settur á fast verðlag í desember 2011 sést lækkun um 21,6% á tveimur árum


voru 23,7 milljarðar lagðir á laun starfsmanna 1.538 lögaðila sem undanþegnir eru tekjuskatti og þurfa því ekki að skila skattframtali. Bróðurparturinn er lagður á laun opinberra starfsmanna. Hér er um að ræða rétt rúman þriðjung launagreiðslna í þjóðfélaginu sem er svipað hlutfall og verið hefur undanfarin ár. Þannig greiðir 101 lögaðili í opinberri stjórnsýslu 207 milljarða í laun, sem er 25,9% heildarlauna-

greiðslna, 85 félög sem starfa við frystingu fiskafurða greiða 38 milljarða í laun, sem eru 4,7% launagreiðslna í landinu. Þá var launakostnaður 24 banka og fjármála-fyrirtækja 33 milljarðar, sem var um 4,1% af heildarlaunum. Athygli vekur að 481 veitingastaður greiddi 12 milljarða í laun, sem er um 1,6% af tryggingagjaldsstofni. Þetta er um tveimur milljörðum minna en fimm álv greiddu starfsmönnum sínum. Skiljanlega er launakostnaði í landinu öðruvísi dreift á hinar ýmsu starfsgreinar en tekjum og tapi.


## Eignir, skuldir og eigið fé

Framan af síðasta áratug jukust eignir félaga hröðum skrefum samfara vexti alþjóðlegrar fjármálastarfsemi hér á landi. Árið 2007 áttu íslensk fyrirtæki eignir sem metnar voru á 32.132 milljarða. Samanlagðar eignir stóðu í 14.249 milljörðum árið 2011, og hafa þær því rýrnað um rúma 17.883 milljarða að raunvirði, eða nær 55,7% frá árinu 2007. Að einhverju leyti er um tapaðar eignir vegna gjaldþrota eða endurmatas að ræða.


Rétt rúmur þriðjungur eigna félaga er í eigu fyrirtækja sem starfa í atvinnugreininni önnur fjármálastarfsemi. Hér um að ræða 22 banka og sparissjóði sem áttu samanlagt eignir sem metnar voru á 4.811 milljarða. Þá voru eignir 2.075 eignarhaldsfélaga metnar á 3.054 milljarða, en þessi eignarhaldsfélög áttu 21,4% eigna félaga. Samanlagt er því rúman helming eigna félaga að



## Félög flokkuð eftir hagnaði samkvæmt ársreikningi sem hlutfalli af eignum alls



## Hagnaður / tap félaga



Hagnaður skv. ársreikningi sem hlutfall af eignum er mælikvarði á arðsemi þeirra eigna sem bundnar eru í fyrirtækinu. Hversu miklar tekjur eru eignirnar að skapa fyrir þá sem lagt hafa fjármuni í reksturinn. Árið 2011 skiluðu 12.749 félög hagnaði af þeim eignum sem bundnar voru í félaginu en þar af voru 7.525 með innan við 20% ávöxtun á eigið fé. Hins vegar var enginn arður af eignum 12.031 félags en þar af var tap 1.534 félaga meira en nam öllum eignum félagsins. Þessi félög töpuðu 147 milljörðum.

finna í þessum tveimur atvinnugreinum og ætti engan að undra. Þá eru tvær aðrar atvinnugreinar sem fást aðallega við fjárfestingastarfsemi, leigu atvinnuhúsnæðis og starfsemi höfuðstöðva einnig umsvifamiklar með um 1.128 milljarða í eignir. Þetta eru um 7,9% eigna félaga. Eignir fjármálfyrirtækja eru því í engu samhengi við eignir íslenskra framleiðslufyrirtækja.

Með nokkurri einföldun má segja að eignirnar sem rekstrarfyrirtækin telja fram á skattframtali séu verðmæti sem einstaklingar hafa sparað, fjárfest eða lánað í rekstur, hvort heldur í gegnum milliliði eða milliliðalaust, með það að markmiði

að ávaxta þau. Einstaklingar og fyrirtæki leggja peninga í fyrirtækin með beinni fjárfestingu. Hagnaður sem ekki er greiddur út úr rekstrinum er nýttur til fjárfestingar sem aftur á að skila arði til eigenda.

Sumir eyða öllu því sem þeir afla og meiru til. Aðrir spara og leggja fyrir til mögru árána. Ef menn ætla að fá vexti þarf einhver að greiða vexti, og ef einhver ætlar að greiða vexti þarf hann að eiga fyrir þeim. Það er því nauðsynlegt að það sem tekið er að láni skapi tekjur eða arð. Þegar hægt er að fá vexti á það sem lagt er fyrir stendur valið á milli þess að neyta í dag, eða neyta minna í dag og meira á morgun. Menn vilja

uppskera eins og til er sáð, helst ríkulega. Það er því áhugavert að skoða hversu miklum hagnaði eignirnar skiluðu eignum sínum árið 2011.

Sem fyrr segir voru 26.502 félög búin að skila skattframtali hinn 14 nóvember sl., en þar af voru 12.042 rekin með hagnaði skv. ársreikningi. Flest þeirra félaga sem voru rekin með hagnaði, eða 6.546, voru með innan við 20% ávöxtun á eignir. Nokkur hópur var með meira en 100% ávöxtun á eignir, en skýringin er sú að hér er oft um að ræða eignalaus félög eða félög sem hafa fengið niðurfelldar skuldir sem hafa verið tekjufærðar. Félög sem rekin voru með tapi voru 12.738 talsins. Flest þeirra, eða 7.392 félög, voru með innan við 20% tap af eignumum.

## Skuldir

Sem kunnugt er jukust eignir félaga vegna mikilla fjárfestinga á uppgangstímunum þegar lánsfé var auðsött. Fjárfestar með fullar hendur fjár buðu og yfirbuðu í eignir sem hækkuðu í verði eftir því sem fleiri höfðu meira umleikis. Iðulega voru stofnuð eignarhaldsfélög um kaupin. Eignarhaldsfélögin voru svo aftur seld á yfirverði. Á meðan eignirnar hækkuðu í verði hækkaði eigið fé, sem aftur varð til þess að veðhæfi eigna jókst og hægt var að taka meira að láni til kaupa á eignarhaldsfélögum á yfirverði. Efnahagsreikningar fyrirtækja blésu því út þrátt fyrir að tekjustreymið í rekstrarfélaginu sem hagnaðarvonirnar voru byggðar á breyttist lítið.

Árið 2004 voru samanlagðar eignir fyrirtækja metnar á 11.158 milljarða. Á móti þessum eignum stóðu skuldir upp á 6.975 milljarða og eigið fé var því 4.183 milljarðar. Árið 2007 voru eignir metnar á 32.132 milljarða og höfðu því hátt í þrefaldast á þremur árum. Félögin skulduðu þá 21.922 milljarða og því hafði eigið fé meira en tvöfaldast, stóð í 10.211 milljörðum. Ári síðar höfðu orðið alger umskipti. Eignir lækkuðu um 3.990 milljarða á sama tíma og skuldir jukust um 7.525 milljarða að raunvirði, og stóðu þá í 29.450 milljörðum. Á einu augabragði rýmnaði eigið fé um 11.518 milljarða, þurrkaðist út og gott betur.

Nú hefur aftur dregið saman með eignum og skuldum sem hafa lækkað ár frá ári allt frá árinu 2008, skuldirnar sýnu meira en eignirnar sem eru þó enn 1.943 milljörðum lægri en skuldirnar. Skuldir voru nú 16.193 milljarðar, eignirnar 14.249 milljarðar. Staðan hefur því skánað nokkuð. Skuldir eru, eins og eignir, aðallega bundnar við félög sem störfuðu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Rúmur helmingur, eða

55,1%, er vegna 20 banka og sparisjóða. Þessi félög skulda 8.918 milljarða. Eignarhaldsfélög eiga um 17,3% af skuldunum en 1.854 eignarhaldsfélög skulda 2.794 milljarða. Þá skulda félög sem stunda heildverslun með lyf og lækningar um 691 milljarð og fasteignafélög 573 milljarða. Það má því rekja að minnsta kosti 80% skuldanna til ýmiss konar fjármálastarfsemi sem er ótengd rekstri eða framleiðslu, þ.e. fjárfestingu í vélum og tækjum.

## Eigið fé

Eins og sést hér að framan er bróðurpartur eigna og skulda til á bókum til þess að gera litils hluta fyrirtækja. Það getur því verið óvarlegt að draga of víðtækar ályktanir af þessum tölum eins og þær standa. Þar sem hér er um eignir og skuldir óskyldra aðila að ræða gefa þær ófullnægjandi eða jafnvel villandi mynd af stöðu mála. Það sem skiptir höfuðmáli er hversu miklar eignir eru bundnar í starfsemi sem skapar arð og hversu mikinn arð þessar eignir eru að skapa. Sem fyrr segir höfðu 26.502 félög skilað skattframtali hinn 14. nóvember sl. Þar af áttu 16.059 félög eignir sem voru verðmætari en skuldirnar. Þetta eru 60,6% félaga. Þessi fyrirtæki færðu til bókar eignir sem metnar voru á 10.537 milljarða en á móti stóðu skuldir upp á 6.415 milljarða. Þau áttu því 4.122 milljarða í eigið fé. Þetta er um 490 milljörðum minna að raunvirði en árið 2010. Á hinn bóginn skulduðu 9.707 félög meira en nam bókfærðu matsverði eigna. Eignir þessara fyrirtækja voru metnar á 3.711 milljarða en á móti eignum stóðu skuldir upp á 9.776 milljarða. Skuldirnar voru því 6.066 milljörðum hærrí en eignirnar. Neikvætt eigið fé hefur lækkað um 1.005 milljarða að raunvirði frá því í fyrra.


Hlutfall eigna og skulda segir til um það hversu vel fyrirtækið getur staðið af sér áföll, t.d. vegna tekjuburrðar eða ófyrirséðra útgjalda. Tap er ýmist greitt af eigin fé, framlögum eigenda, eða með því að taka meira að láni. Þá má einnig semja við kröfuhafa. Sem fyrr segir dugðu eignir fyrir skuldum í 16.059 félögum. Hlutfall eiginfjár af efnahagsreikningi þessara félaga var mjög mismunandi. Um 17,4% fyrirtækja, eða 4.630 fyrirtæki, skulduðu minna en 10% af eignum og eigið fé var meira en 90% af efnahagsreikningi. 1.607 fyrirtæki áttu eigið fé sem var minna en 10% af efnahagsreikningi og á móti stóðu skuldir. Annars var eiginfjárlutfall nokkuð jafnt dreift, 7-10% fyrirtækja sem á annað borð áttu eitthvað meira en skuldir, á hverju bili.

Það má segja að hér sé ýmist í ökkla eða eyra. Skuldir voru hærrí en eignir í 9.707


félögum, eða í 36,6% félaga. Félög með neikvætt eigið fé færðu til bókar um 9.776 milljarða í skuldir, eða 60,4% samanlagðra skulda félaga. Á móti stóðu eignir upp á 3.711 milljarða, sem er um 26% eigna. Í

3.802 félögum voru skuldirnar helmingi hærrí en eignirnar og neikvætt eigið fé því meira en 100% af eignum. Þessi félög, sem óhætt er að fullyrða að eigi sér vart viðreisnar von, skulduðu 7.781 milljarð.

## Fjöldi félaga með hækkun eða lækkun á eigin fé frá árinu áður




## Breyting á eigin fé




Munur á eignum og skuldum er eigið fé. Eigið fé segir til um það hversu vel fyrirtækið getur staðið af sér áföll. Eigið fé 16.030 fyrirtækja lækkaði um 12.030 milljarða á milli árunna 2007 og 2008. Á móti lækkun eigin fjár þessara fyrirtækja vó hækkun eiginfjár 10.579 félaga um 3.484 milljarða. Síðan þá hafa skuldir fyrirtækja verið meiri en eignir. Efnahagur íslenskra fyrirtækja hefur minnkað á undanförunum árum þegar skuldir hafa verið felldar niður og félög verið tekin til gjaldþrotaskipta. Eigið fé 13.988 félaga hækkaði á milli árunna 2010 og 2011 um 1.545 milljarða. Eigið fé 15.171 félags lækkaði um 1.152 milljarða. Samanlagt eigið fé hækkaði um 393 milljarða.

## Félög flokkuð eftir hlutfalli eigin fjár af eignum



## Eigið fé félaga



Árið 2011 áttu 16.059 félög, eða 60,6% félaga, eignir umfram skuldir. Rúmlega 73,9% eigna félaga og 39,6% skulda voru í þessum félögum. Stór hópur félaga, eða 28,8%, skuldaði minna en 10% af efnahag. Á hinn bóginn skulduðu 9.707 félög meira en þau áttu. Þessi félög töldu fram 26% eigna og 60,4% skulda félaga. Í 3.273 félögum voru skuldir meira en tvöfalt hærra en eignir. Hér er um að ræða 14% félaga, þau áttu 14,5% af eignum og 48,1% af skuldum félaga í landinu. Skuldir þeirra eru 5.719 milljarðar umfram eignir, sem er um 94,3% af því sem félög skulda umfram eignir.

Þetta eru 48,1% skulda félaga. Eignir á móti skuldum voru 2.063 milljarðar, sem er 14,5% heildareigna. Mismunurinn er 5.719 milljarðar í skuldir umfram eignir, sem er tæplega 94,3% skulda umfram eignir.

Tæpur þriðjungur eiginfjár félaga er bundinn í eignarhaldsfélögum. Eignarhaldsfélög áttu 1.326 milljarða í eignir umfram skuldir. Þá voru bankar og sparisjóðir með töluvert eigið fé, eða 444 milljarða. Fyrirtæki sem starfa í atvinnugreininni starfsemi höfuðstöðva voru með 375 milljarða í eigið

fé. Rúmur helmingur eigin fjár fyrirtækja er því bundinn í eignum fyrirtækja í fjárfestingastarfsemi. Það skiptir í tvö horn í þessum geira því að um 94,9% taps umfram skuldir er að finna í fyrirtækjum tengdum fjárfestingastarfsemi. Um 4.552 milljarðar í skuldir umfram eignir eru vegna fimm banka og sparisjóða. Þetta eru 75% skulda umfram eignir í landinu. Þá skulduðu 770 eignarhaldsfélög 1.066 milljörðum meira en þau áttu. Alls skulduðu félög í fjárfestingastarfsemi 5.754 milljarða umfram eignir árið 2011.

## Önnur gjöld

Til viðbótar við tekjuskatt og tryggingagjald lagði ríkisskattstjóri nokkur smærri gjöld á lögaðila: búnaðargjald, jöfnunargjald alþjónustu, útvarpsgjald og skatt á laun starfsmanna fjármálafyrirtækja. Búnaðargjald er 1,2% gjald sem lagt er á veltu búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum. Nú voru 190 milljónir lagðar á 607 búvöruframleiðendur, sem er 15 milljónum meira en fyrir ári. Þú sem rekin eru sem félög voru 33 fleiri við álagningu í ár. Jöfnunargjald alþjónustu er 0,1% gjald sem lagt er á veltu fjarskiptafyrirtækja. Gjaldið var lagt á 47 félög, sex fleiri en í fyrra. Gjaldið var nú 42 milljónir, þremur milljónum hærra en fyrir ári. Útvarpsgjald var lagt á tekjuskattsskylda lögaðila. Nú voru 602 milljónir lagðar á 32.002 lögaðila í útvarpsgjald sem varið er til að reka ríkisútvarpið. Lögaðilum sem greiða útvarpsgjald fækkaði um 2.888. Útvarpsgjald er lagt á skattsskylda lögaðila. Það er hins vegar ekki lagt á dánarbú, þrotabú og lögaðila undanþegna skattsskyldu. Þetta skýrir hvers vegna lögaðilum sem greiða 18.800 kr. fyrir ríkisútvarp fækkar á sama tíma og skattsskyldum lögaðilum fjölga um 465.

Skattur á fjármálafyrirtæki er 0,04% skattur sem lagður er á heildarskuldir fjármálafyrirtækja. Skatturinn var nú lagður á öðru sinni og nam álagningin 1.046 milljónum, sem er 68 milljónum meira en í fyrra. Skatturinn er lagður á 20 fjármálafyrirtæki. Til viðbótar við sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki var nú í fyrsta sinn lögð á viðbót á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, sem er 0,0875% skattur sem lagður er á sama stofn og skattur á fjármálafyrirtæki. Viðbótin skilaði 2.233 milljónum. Þá var einnig lagt í fyrsta sinn sérstakt gjald á lífeyrissjóði. Gjaldið er 0,0814% og lagt á hreina eign til greiðslu lífeyris í árslok 2011 hjá lífeyrissjóðum.

Að lokum er rétt að geta þess að tekjuskattsstofn 70 félaga var lækkaður um rúmar 834 milljónir vegna rannsóknarkostnaðar. Þar af nýttust rúmar 70 upp í tekjuskatt en 764 milljónir voru greiddar út. Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum geta félög dregið frá tekjuskattsstofni kostnað sem lagt var í vegna nýsköpunarverkefna á tekjuárinu 2011. Frádrátturinn er 20% af styrkhæfum kostnaði. Ef kostnaðurinn er meiri en tekjuskattsstofninn er mismunurinn greiddur út. Þetta er í annað sinn sem þessi frádráttur er reiknaður og hefur hann hækkað um 323 milljónir á milli ára.

# Skipting fyrirtækja eftir rekstri, hagnaði, tekjuskattstofni og eignastöðu

Hinn 14. nóvember höfðu 26.502 félög skilað rafrænu skattframtali. Félögin voru með 3.362 milljarða í rekstrartekjur. Rekstrargjöld voru 3.016 milljarðar. Heildarhagnaður að frádregnu tapi skv. ársreikningi var 473 milljarðar. Tekjuskattur var lagður á 176 milljarða af þessum hagnaði. Félögin áttu eignir sem metnar voru á 14.249 milljarða. Á móti eignum stóðu skuldir upp á 16.193 milljarða.

Ýmist var hagnaður eða tap af starfsemi fyrirtækjanna fyrir fjármagnsliði og óreglulegar tekjur og gjöld. Rekstrartekjur 12.213 félaga dugðu fyrir rekstrargjöldum, 11.922 félög voru rekin með tapi. Þá voru 2.367 félög rekin á núlli. Hagnaður skv. ársreikningi félaga sem rekin voru með hagnaði var 597 milljarðar en þar af var lagður skattur á 127 milljarða. Tap skv. ársreikningi var 103 milljarðar.

Hagnaður var skv. ársreikningi 10.545 þeirra félaga sem rekin voru með

## Öll fyrirtæki

Fjöldi	26.502
Rekstrartekjur	3.362
Rekstrargjöld	3.016
Hagnaður skv. ársreikningi	473
Hreinar tekjur	176
Eignir	14.249
Skuldir	16.193

afgang af rekstri. Á hinn bóginn voru 1.650 félöganna sem voru með hagnað af rekstri með tap skv. ársreikningi. Þá var tap skv. ársreikningi 10.549 félaga sem rekin voru með tapi af rekstri.

Fresta má skattlagningu söluhagnaðar, ýmsar skattalegar leiðréttingar eru gerðar og þá má nýta tap síðustu ára til að lækka tekjuskattstofninn. Árið 2011 var lagður tekjuskattur á 6.588 félög sem voru með 208 milljarða í hagnað af rekstri og hagnað skv. ársreikningi. Þessi félög fullnýttu yfirfærnanlegt tap eða gátu ekki frestað tekjum og var lagður skattur á 127 milljarða hagnaðarins. Flest þessara félaga, eða 5.052, áttu eignir umfram skuldir. Um 71,8% tekjuskatts er lagt á fjórðung félaga. Þessi félög áttu eignir sem metnar voru á 2.539 milljarða á móti skuldum upp á 1.474 milljarða. Skuldir voru 58,1% af eignum en hagnaður var um 8% af efnahag. Það vekur athygli að 515 þessara félaga voru með skuldir umfram eignir, eða neikvætt eigið fé. Á hinn bóginn var ekki lagður tekjuskattur á 3.957 félög sem voru með 434 milljarða í hagnað skv. ársreikningi. Hér er um að ræða 45,1% hagnaðar. Þessi félög voru öll með rekstrarhagnað og hagnað skv. ársreikningi. Þau skulduðu 7.663 milljarða og áttu eignir sem metnar voru á 3.768 milljarða. Í þessum félögum voru 26,4% eigna og 47,3% skulda félaga.

## Félög með rekstrarhagnað

Fjöldi	12.213
Rekstrartekjur	2.734
Rekstrargjöld	2.184
Hagnaður skv. ársreikningi	597
Hreinar tekjur	127
Eignir	7.323
Skuldir	10.103

## Núll félög

Fjöldi	2.367
Rekstrartekjur	1
Rekstrargjöld	1
Hagnaður skv. ársreikningi	-21
Hreinar tekjur	2
Eignir	359
Skuldir	254

## Félög með rekstrartap

Fjöldi	11.922
Rekstrartekjur	627
Rekstrargjöld	831
Hagnaður skv. ársreikningi	-103
Hreinar tekjur	47
Eignir	6.567
Skuldir	5.835

## Félög með hagnað skv. ársreikningi

Fjöldi	10.545
Rekstrartekjur	2.479
Rekstrargjöld	1.970
Hagnaður skv. ársreikningi	642
Hreinar tekjur	127
Eignir	6.307
Skuldir	9.138

## Félög með tap skv. ársreikningi

Fjöldi	1.650
Rekstrartekjur	255
Rekstrargjöld	214
Hagnaður skv. ársreikningi	-46
Hreinar tekjur	0
Eignir	1.011
Skuldir	960

## Félög með hagnað skv. ársreikningi

Fjöldi	1.347
Rekstrartekjur	293
Rekstrargjöld	357
Hagnaður skv. ársreikningi	320
Hreinar tekjur	47
Eignir	4.180
Skuldir	2.878

## Félög með tap skv. ársreikningi

Fjöldi	10.549
Rekstrartekjur	334
Rekstrargjöld	474
Hagnaður skv. ársreikningi	-423
Hreinar tekjur	1
Eignir	2.340
Skuldir	2.913

## Hreinar tekjur

	Eigið fé			
	Jákvætt	Neikvætt	Núll	
Fjöldi	6.052	515	21	6.588
Rekstrartekjur	1.123	12	4	1.139
Rekstrargjöld	952	9	3	965
Hagnaður skv. ársreikningi	205	2	1	208
Hreinar tekjur	123	3	1	127
Eignir	2.531	6	1	2.539
Skuldir	1.463	10	1	1.474

Fjöldi	1.935	2.002	20	3.957
Rekstrartekjur	913	425	3	1.340
Rekstrargjöld	790	214	2	1.006
Hagnaður skv. ársreikningi	138	295	1	434
Hreinar tekjur	0	0	0	0
Eignir	1.838	1.930	0	3.768
Skuldir	1.218	6.445	0	7.663

Fjöldi	66	10	1	77
Rekstrartekjur	5	0	0	6
Rekstrargjöld	5	0	0	5
Hagnaður skv. ársreikningi	0	0	0	0
Hreinar tekjur	0	0	0	0
Eignir	12	0	0	12
Skuldir	7	1	0	8

Fjöldi	552	1.020	1	1.573
Rekstrartekjur	178	71	0	249
Rekstrargjöld	149	61	0	209
Hagnaður skv. ársreikningi	-14	-32	0	-45
Hreinar tekjur	0	0	0	0
Eignir	720	279	0	999
Skuldir	553	400	0	953

Fjöldi	398	12	3	413
Rekstrartekjur	15	0	0	15
Rekstrargjöld	42	0	0	42
Hagnaður skv. ársreikningi	26	2	0	28
Hreinar tekjur	46	1	0	47
Eignir	816	1	0	816
Skuldir	392	1	0	393

Fjöldi	521	395	18	934
Rekstrartekjur	262	16	0	277
Rekstrargjöld	292	22	0	314
Hagnaður skv. ársreikningi	235	38	18	292
Hreinar tekjur	0	0	0	0
Eignir	3.164	199	0	3.364
Skuldir	1.984	501	0	2.486

Fjöldi	173	24	1	198
Rekstrartekjur	3	1	0	4
Rekstrargjöld	4	1	0	5
Hagnaður skv. ársreikningi	-2	-2	0	-4
Hreinar tekjur	1	0	0	1
Eignir	36	7	0	43
Skuldir	19	8	0	27

Fjöldi	5.168	5.087	96	10.351
Rekstrartekjur	170	153	7	330
Rekstrargjöld	246	205	18	469
Hagnaður skv. ársreikningi	-169	-239	-12	-419
Hreinar tekjur	0	0	0	0
Eignir	1.062	1.235	0	2.298
Skuldir	544	2.341	0	2.886

Tekjuskattstofn

Eignin tekjuskattstofn

Tekjuskattstofn

Eignin tekjuskattstofn

Tekjuskattstofn

Eignin tekjuskattstofn

Tekjuskattstofn


Eignin tekjuskattstofn

# Um áætlanir í virðisaukaskatti

Við álagningu virðisaukaskatts á hverju uppgjörstímabili er áætlaður skattur á þá aðila sem ekki hafa skilað skýrslum og þar af stóðu sumir heldur ekki skil á innheimtum virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Í skýrslu ríkisskattstjóra frá janúar 2008 um áætlanir í virðisaukaskatti kom fram að fjöldi þeirra sem að jafnaði sætti áætlun við frumálagningu hvers tveggja mánaða tímabils næmi u.þ.b. 20% skráðra aðila á virðisaukaskattsskrá, eða upp undir 5.000 aðilar. Af þeim sem sættu áætlun skiluðu u.þ.b. 73% skýrslu í stað áætlunar þannig að eftir sátu u.þ.b. 27% áætlana. Eins og gefur að skilja dró ekki úr áætlunum fyrstu árin eftir efnahagshrunið í október 2008 og heldur fleiri en áður, eða liðlega 30%, skiluðu ekki skýrslu í stað áætlunar.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2009 kom fram að skv. upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins innheimtust að meðaltali tæplega 88% af þeim virðisaukaskatti sem fram komi á skýrslum allt frá upphafi, þ.e. frá gildistöku laga um virðisaukaskatt hinn 1. janúar 1990, og til ársloka 2009. Væru áætlanir hins vegar taldar með lækkaði innheimtuhlutfallið í rúmlega 60% en einungis innheimtast u.þ.b. 2% áætlaðs virðisaukaskatts. Áætlanir í virðisaukaskatti hafa verið viðvarandi vandamál því auk þess sem þær gefa ranga mynd af stöðu ríkissjóðs á hverjum tíma þá skekkir það samkeppnisstöðu þeirra sem standa skil á skýrslum, lögboðnum gjöldum og innheimtum virðisaukaskatti ef einstaka aðilar gera það ekki heldur sæta áætlun sem þeir aldrei greiða.

Í framangreindri skýrslu ríkisskattstjóra frá árinu 2008 voru gerðar ýmsar tillögur að úrbótum í þessum efnum og hafa nokkrar



**Óskar Helgi Albertsson**  
er skrifstofustjóri á  
atvinnurekstrarsviði.  
Hann hefur starfað við  
skattframkvæmd  
frá árinu 1988.

Þeirra þegar komið til framkvæmda. Veigamestu breytingarnar komu fram í lögum nr. 163/2010, sbr. 27. gr. A laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, en skv. þeim var ríkisskattstjóra veitt heimild til þess að fella aðila af virðisaukaskattsskrá sem sætt höfðu áætlun samfellt í tvö ár eða lengur.

Jafnframt var með sömu lögum gerð sú breyting á 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988 að sett var sem skilyrði fyrir innskattsfrádrætti að seljandi vöru og þjónustu væri skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskipti ættu sér stað. Þriðja breytingin í þessum efnunum sem gerð var á lögum um virðisaukaskatt með lögum nr. 163/2010 felst í því að bætt var við lögina nýju ákvæði, sbr. 27. gr. B, sem kveður á um að skattaðili sem sætt hefur áætlun skuli greiða sérstakt gjald, kr. 5.000, fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem hefur ekki verið skilað á réttum tíma, þ.e. þegar henni er skilað eftir að áætlun hefur farið fram.

### Tækifæri gefst til breytinga

Með þessum heimildum, og með sameiningu embætta skattstjóra og ríkisskattstjóra í eitt embætti ríkisskattstjóra, sköpuðust forsendur til þess að taka á þessu vandamáli með samræmdum hætti. Í apríl 2011 voru teknar saman upplýsingar úr álagningarkefni virðisaukaskatts yfir aðila sem sætt höfðu áætlun samfellt í tvö ár eða lengur á árunum 2005-2010 án þess að viðkomandi hafi gert reka að því að fá þær áætlanir felldar niður. Í ljós kom að um 713 aðila var að ræða, þ.e. 551 einstakling og 162 lögaðila. Í framhaldi af því var hafið átak sem miðaði að því að fella þessa aðila af virðisaukaskattsskrá á grundvelli framangreindrar heimildar í 27. gr. A laga, um virðisaukaskatt. Fyrsta áfanga þess átaks lauk hinn 30. júní 2011 er 319 aðilar voru felldir af virðisaukaskattsskrá á grundvelli þessarar heimildar, 256 einstaklingar og 63 lögaðilar, og að auki 46 einstaklingar og 14 lögaðilar af öðrum ástæðum. Í flestum tilvikum var um að ræða aðila sem sættu stöðugt áætlun virðisaukaskatts þegar átakið hófst en virtust samt hafa



Hlutverk þessa hóps er m.a. að fylgjast reglulega með þeim aðilum sem sífellt sæta áætlun og grípa til viðeigandi aðgerða ef svo ber undir


með höndum skráningarskyldan rekstur, og voru því með framferði sínu að valda ríkissjóði verulegu tjóni sem tekið var fyrir með þessari aðgerð.

Rétt er að taka fram að framangreindu heimildarákvæði 27. gr. A laga, um virðisaukaskatt, er ekki beitt fyrr en í lengstu lög,

þ.e. eftir að önnur úrræði hafa brugðist. Hér er þó um að ræða svipað úrræði og aðrar þjóðir beita í þessum tilgangi eins og fram kemur í skýrslu Samtaka evrópska skattfirvalda, IOTA, um áhættusvið í virðisaukaskatti (VAT Risk Areas), sem greint er frá í októberhefti „Tíundar“ 2010, á bls. 23.

Áður, eða í apríl 2011, voru 149 lögaðilar felldir af virðisaukaskattsskrá vegna félagslita og vegna gjaldþrots, og í framhaldi af skiptalokum. Þar af höfðu 24 sætt áætlun í tvö ár eða lengur, en 125 sætt áætlun við frumákvörðun virðisaukaskatts en þó skemur en í tvö ár. Í lok júní 2011 var því búið að fella af virðisaukaskattsskrá samtals 528 aðila að frumkvæði RSK, þar af 403 sem sætt höfðu áætlun í tvö ár eða lengur, 302 einstaklinga og 101 lögaðila, og að auki 125 lögaðila sem sættu reglulega áætlun en þó samtals skemur en í tvö ár. Bætt var um betur í lok árs 2011 er á annað hundrað lögaðilar voru felldir af skrá vegna félagslita og vegna gjaldþrots og skiptaloka. Í engum þessara tilvika hafði tilkynning um afskráningu borist

## Samanburður milli ára og tímabila



Súluritið sýnir verulega lækkun áætlaðs virðisaukaskatts.

## Aðgerðir skila árangri

Framangreindar aðgerðir og sektarákvæði 27. gr. B í lögum um virðisaukaskatt hafa haft þau áhrif að nú sæta að jafnaði 1.500-2.000 færri aðilar áætlan á hverju tveggja mánaða uppgjörstímabili árið 2012 en fyrir árið 2010. Hlutfall áætlaðra við frumálagningu hvers tveggja mánaða tímabils hefur því lækkað úr u.þ.b. 20% í 15,7% fyrir árið 2011, og 13,1%, fyrir fyrstu fjögur tímabil ársins 2012, þar af 11,7% fyrir tímabilið júlí-ágúst 2012. Eins og gefur að skilja hefur áætlaður virðisaukaskattur lækkað verulega, eða úr 2,4 milljörðum að jafnaði á hverju tveggja mánaða tímabili í u.þ.b. 1,7 milljarða fyrir árið 2011, og fyrir fyrstu fjögur tímabil ársins 2012 í u.þ.b. 880 milljónir. Nánar má greina þróunina í meðfylgjandi mynd.

Nauðsynlegt er að halda áætlunum í virðisaukaskatti í skefjum og er það viðvarandi verkefni. Í september sl. flutti sú eining VSK-skrifstofunnar sem annast skráningu og afskráningu á virðisaukaskattsskrá aðsetur sitt í höfuðstöðvar embættisins á Laugavegi 166 í Reykjavík, og var starfsemi hópsins jafnframt að fullu aðgreind frá öðrum verkefnum skrifstofunnar. Hlutverk þessa hóps er m.a. að fylgjast reglulega með þeim aðilum sem sífellt sæta áætlun og grípa til viðeigandi aðgerða ef svo ber undir. Nú þegar er að hefjast annað átak sem miðar að því að fella síáætlaða aðila af virðisaukaskattsskrá á grundvelli heimildarinnar í 27. gr. A í lögum um virðisaukaskatt.

til ríkisskattstjóra, eins og þó er skylt skv. 1. mgr. 5. gr. laga, um virðisaukaskatt, og 8. gr. reglugerðar nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

### Sektarákvæðum beitt

Á árinu 2011 var í fyrsta sinn beitt sektarákvæði skv. framangreindu ákvæði 1. mgr. 27. gr. B laga, um virðisaukaskatt, sem kveður á um að leggja skuli kr. 5.000 gjald fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem hefur ekki verið skilað á réttum tíma. Þetta gjald er hugsað til þess að mæta kostnaði skattyfirvalda og innheimtumanna við umsýslu vegna áætlaðra aðila, þ.e. við að ákvarða og tilkynna um áætlun, taka á móti innsendum skýrslum, yfirfara þær,

skrá skýrslu, fella niður áætlanir og senda tilkynningu þess efnis. Í þessu sambandi má geta þess að fyrir árin 2009, 2010, 2011, og það sem af er 2012 er búið að fella niður tæplega 54.000 áætlanir af tæplega 90.300.

Tekin var upp sú nýbreytni að u.þ.b. þremur vikum frá gjalddaga fá þeir sem ekki hafa staðið skil á skýrslu fyrir yfirstandandi uppgjörstímabil senda áminningu þess efnis í tölvupósti, og er athygli þeirra jafnframt vakin á sektarákvæðinu. Í kjölfar þessarar áminningar bregðast margir skjótt við og skila virðisaukaskattsskýrslu sem þeir hefðu ella ekki gert heldur sætt áætlun við frumálagningu virðisaukaskatts. Reynslan hefur því sýnt að gjaldið hefur fyrirbyggjandi áhrif.



Frá vinstri: Kristinn Jónasson, Sveinbjörn F. Strandberg, Sigurbjörg Jónsdóttir, Guðríður S. Hauksdóttir, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, Óskar H. Albertsson, Þórhildur Albertsdóttir og Guðrún Ólafsdóttir.



# Atli Gunnarsson gegn íslenska ríkinu

## Nýting persónuafsláttar – takmörkuð skattskylda – lífeyrisþegar

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 13. nóvember 2012 var ógilt ákvörðun ríkisskattstjóra þess efnis að stefnanda væri óheimilt að nýta skattkort eiginkonu sinnar.

Málsatvik eru þau að stefnandi og eiginkona hans voru búsett í Danmörku frá því í ársbyrjun 2004. Stefnandi fékk á þeim tíma sem hann var búsettur þar örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins og tveimur íslenskum lífeyrissjóðum. Eiginkona stefnanda hafði aftur á móti engar tekjur á þessum tíma, hvorki frá Íslandi né Danmörku. Stefnandi sótti um það til ríkisskattstjóra að fá að nýta persónuafslátt eiginkonu sinnar á móti opinberum gjöldum sem lögð voru á örorkubætur hans hér á landi.

Ríkisskattstjóri hafnaði umsókn stefnanda á þeim forsendum að eiginkona hans hafi hvorki borið ótakmarkaða né takmarkaða skattskyldu á Íslandi og af þeim sökum hafi hún ekki átt rétt til persónuafsláttar á Íslandi.

Stefnandi kærði synjun ríkisskattstjóra til Umboðsmanns Alþingis sem taldi ekki ástæðu til að aðhafast í málinu, en vakti athygli á því að mögulegt væri að kæra ákvörðun ríkisskattstjóra til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Við svo búið kærði stefnandi ákvörðun ríkisskattstjóra til ESA sem kvað upp álit þess efnis að íslenska ríkið hefði brotið gegn 28. gr. EES samningsins (frjáls för launþega) og 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins nr. 2004/38/EC (e. Residence Directive).

Stefnandi fór þá fram á það við ríkisskattstjóra að synjunin yrði endurskoðuð í ljósi afstöðu ESA. Því var hafnað af hálfu ríkisskattstjóra með þeim rökum að álit ESA væri ekki endanlegt þar sem stofnunin væri ekki búin að gefa út svokallað rökstutt álit (e. Reasoned Opinion) heldur eingöngu mat (e. Letter of Formal Notice), og að íslensk stjórnvöld hefðu enn frest til að svara ESA.

Stefnandi setti sig ekki við niðurstöðu ríkisskattstjóra og höfðaði mál gegn íslenska ríkinu. Í stefnu krafðist stefnandi þess að ákvörðun ríkisskattstjóra yrði dæmd ógild og að honum yrðu dæmdar kr. 2.041.378. Til stuðnings kröfum sínum vísaði stefnandi til þess að samkvæmt EES samningnum væri hvers konar mismunur á grundvelli ríkisfangs bönnuð og að sú skylda hvíli á aðildarríkjum að haga lögum á þann veg að þau brjóti ekki gegn fjórfrelsinu. Þá vísaði stefnandi til dóms Evrópuþómstólsins í máli Schumacher nr. C-250/80. Stefnandi vísaði jafnframt til álits ESA sbr. framangreint. Ennfremur vísaði stefnandi til þess að ákvæði 3. mgr. 2. tölul. 70. gr. stangist á við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og að EES reglur um frjálsa för gengju framar íslenskum tekjuskattslögum.

Stefndi krafðist sýknu og vísaði til þess að enginn dómur hafi fallið hjá Evrópuþómstólnum þar sem reyndi á túlkun á 3. mgr. 2. tölul. 70. gr. tekjuskattslaga. Stefndi vísaði til þess að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-8081/2007, Dunedin Holding Sarl. gegn íslenska ríkinu, hefði ákveðið fordæmisgildi. Í þeim dómi hafi verið talið að ekki hafi verið um vanefnd á EES samningnum að ræða þó svo að ekki hafi tekist að aðlaga íslenska löggjöf að tilteknu samningsákvæði EES samningsins. Stefndi benti ennfremur á að EES samningurinn taki ekki til skattamála eða stefnu aðildarríkjanna í skattamálum.

Héraðsdómur vísaði til þess að skýra skyldi íslensk lög og reglur að svo miklu leyti sem við á til samræmis við EES samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Þá kemur fram í dóminum að skatta- og lagastæð stefnanda og eiginkonu hans hafi verið ná-

kvæmlega sú sama og hefðu þau búið á Íslandi en ekki í Danmörku á þeim tíma sem um ræðir. Þá vísaði dómari til þess að ESA hafi komist að þeirri niðurstöðu að Ísland hafi brugðist því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt EES samningnum með því að neita bótaþega í öðru landi um rétt til að njóta skattafrádráttar eiginkonu sinnar, en þessa réttar hefði stefnandi notið hefði hann búið á Íslandi.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að mismunur hafi falist í því að skerða rétt stefnanda af þeirri ástæðu einni að hann og eiginkona hans voru búsett í Danmörku.

Þessu til viðbótar vísaði dómari til þess að á lögum um tekjuskatt hafi verið gerðar breytingar með lögum nr. 165/2010 þannig að einstaklingar sem búsettir eru erlendis geti átt rétt til þess að vera skattlagðir með sama hætti og einstaklingar búsettir hér á landi, stafi meirihluti tekna þeirra frá Íslandi sbr. nógildandi 70. gr. a í tekjuskattslögum. Í dóminum segir svo:

*Með hliðsjón af öllu þessu verður að telja að við túlkun á 3. mgr. 2. tölul. 70. gr. laga um tekjuskatt þurfi að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem ákvæði EES-samningsins eru reist á og útskýrð eru í athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 7. júlí 2010 til þess að unnt verði að komast að rökrétttri og löglegri niðurstöðu um skattalega stöðu stefnanda og lagaheimildir hans til að nýta persónuafslátt maka á þeim árum sem hér um ræðir.*

Dómari taldi þar með ákvörðun ríkisskattstjóra ekki hafa lagastöð og felldi hana úr gildi.

# Íslenska ríkið gegn Stefáni Ingvari Guðjónssyni og gagnsök

## Ólögmaett lán frá hlutafélagi – endurgreiðsla – stjórnarskrá

Málsatvik eru þau að skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra endurávarðaði opinber gjöld Stefáns Ingvars Guðjónssonar (S) og skattlagði hjá honum sem laun lán sem hann hafði fengið hjá einkahlutafélagi sínu.

Í úrskurði sínum vísaði skattstjóri til þess að umrætt lán væri óheimilt samkvæmt ákvæðum laga um einkahlutafélög og að samkvæmt tekjuskattslögum bæri að skattleggja slíka óheimila úthlutun fjármuna sem laun.

Þessu vildi S ekki una og kærði úrskurð skattstjóra til yfirsattanefndar sem kvað upp úrskurð þann 10. febrúar 2010 (nr. 9/2010). Í úrskurði sínum hafnaði yfirsattanefnd kröfum S.

S undi ekki þessum málalokum og stefndi því íslenska ríkinu og krafðist m.a. ómerkingar á úrskurði skattstjóra og úrskurði yfirsattanefndar.

Til stuðnings kröfum sínum vísaði S til þess í fyrsta lagi að skattstofn til álagningar tekjuskatts væri ekki fyrir hendi í málinu enda hafi hann endurgreitt umrætt lán til einkahlutafélags síns og selt félagið.

Þá vísaði S til þess að hann hafi ekki fengið formlega úthlutun verðmæta frá félagi sínu. Aðeins hafi verið færðir til hans fjármunir í formi láns og það lán svo verið greitt að fullu. Engin úthlutun hafi því farið fram eins og áskilið væri í 11. gr. tekjuskattslaga.

Jafnframt benti S á að lán geti ekki verið tekjur í hendi þess sem við tekur, enda eignist viðtakandinn ekki fjármunina heldur beri honum að endurgreiða lánið til þess sem það veitti. Lán geti því aldrei myndað stofn til tekjuskatts í skilningi 7. gr. tekjuskattslaga.

S taldi að skattyfirvöld hafi þvingað hann til þess að láta af hendi fjármuni í formi greiðslu tekjuskatts af lánsfé, og um væri að ræða ólögmaeta eignaupptöku sem bryti í bága við stjórnarskrána. Þá vísaði S og til þess að umrædd skattlagning fæli í

sér brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar þar sem engum öðrum en hluthöfum og/eða eigendum félaga væri gert að greiða tekjuskatt af lánsfé.

Íslenska ríkið (Í) studdi sýknukröfu sína þeim rökum að tekjuskattslögin kveði skýrt á um að úthlutun verðmæta til hluthafa eða hlutareiganda skuli skattleggjast sem laun ef úthlutunin er ólögmaet samkvæmt lögum um einkahlutafélög. Óumdeilt væri í málinu að umrætt lán til S hafi verið ólögmaet. Endurgreiðsla S á láninu breyti engu um skattskylduna enda væru ákvæði tekjuskattslagana fortakslaus.

Hvað varðar tilvísun S til stjórnarskrárbrota þá benti Í á að umþrætt ákvæði tekjuskattslaganna bryti ekki gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar þar sem ýmsar almennar takmarkanir væru lagðar á eignir manna eða rétt til að ráðstafa þeim og yrðu menn að þola slíkar takmarkanir bóta laust. Væru skattgreiðslur gleggsta dæmið um slíkt.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að í tekjuskattslögunum væri ekki gerður greinarmunur á því hvort að ólögmaet lán hafi verið endurgreidd eða ekki. Þá væri ekki að finna í lögunum tímatakmörk á því hvenær slíkt lán væri endurgreitt.

Í dóminum segir orðrétt:

*Er því aðstöðumunur á þeim, sem þiggja slík lán, en endurgreiða þau ekki, og svo þeim sem þiggja slík lán, en endurgreiða þau að fullu. Í öðru tilvikinu skapast verðmæti í hendi, en í hinu tilvikinu er aðeins um að ræða fjármuni, sem fara um hendur lántakans.*

Dómarinn taldi þannig að gengið hafi verið

á stjórnarskrárvarinn eignarrétt S þar sem honum hafi verið nauðugur einn kostur að ganga á eignir sínar til greiðslu tekjuskatts af lánsfé. Af þeim sökum felldi héraðsdómur úr gildi úrskurði skattstjóra og yfirsattanefndar.

Í sætti sig ekki við þessi málalok og áfrýjaði málinu til Hæstaréttar og krafðist sýknu af kröfum S. S krafðist staðfestingar á héraðsdóminum.

Í dómi Hæstaréttar eru efnisatriði og tilurð ákvæða 7. gr. og 11. gr. tekjuskattslaga reifuð. Fram kemur hjá dómnum að ótvírátt væri kveðið á um það að lán það sem S fékk hjá félagi sínu skuli skattleggja eins og laun hjá S.

Þá vísaði Hæstiréttur til þess að helsta markmiðið með setningu umræddra reglna hafi verið að stemma stigu við ólögmaetri úthlutun fjár í formi láns úr félögum. Ennfremur kemur fram að löggjafinn hafi gert ráð fyrir að endurgreiðsla umræddra lána ætti ekki að hafa áhrif á skattskylduna.

Svo segir orðrétt í dóminum:

*Þótt notkun hugtaka í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003 sé samkvæmt framansögðu um sumt hvorki hefðbundin né með öllu rökrétt verður að líta til þess að í dómaframkvæmd hefur löggjafanum verið játað víðtækt vald til að ákveða hvaða atríði skuli ráða skattskyldu. Er hér um að ræða skýra ákvörðun löggjafans um skattlagningu eftir almennum efnislegum mælikvarða.*

Hæstiréttur taldi því að umrædd ákvæði tekjuskattslaga brytu hvorki í bága við 65. gr. né 72. gr. stjórnarskrárinnar og sýknaði Í af kröfum S.

# Jón Ólafsson gegn íslenska ríkinu

## Skattskylda – heimilisfesti – lögheimili

Með dómi Hæstaréttar þann 6. desember 2012 í máli nr. 250/2012 var dómur héraðsdóms Reykjavíkur frá 27. janúar sama ár staðfestur.

**M**eð dómi Hæstaréttar þann 6. desember 2012 í máli nr. 250/2012 var dómur héraðsdóms Reykjavíkur frá 27. janúar sama ár staðfestur.

Í Tíund sem kom í júní síðastliðnum var dómur héraðsdóms reifaður og er vísað til þess tölublaðs um málavexti og málalíbúnað málsaðila fyrir héraðsdómi.

Dómkröfur áfrýjanda fyrir Hæstarétti voru þær að ógiltur yrði úrskurður ríkisskattstjóra þess efnis að áfrýjandi bæri hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu skv. 1. gr. tekjuskattslaga allt árið 1998 og áfram uns annað yrði ákveðið, og að jafnframt yrði viðurkennt að hann bæri takmarkaða skattskyldu hér á landi frá og með 1. september 1998.

Stefndi krafðist staðfestingar á héraðsdóminum.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að áfrýjandi hafi talið fram til skatts hér á landi frá 1999 til 2002 vegna tekjuárána 1998 til og með 2001. Fyrst á framtali 2002 vegna tekjuársins 2001 lét áfrýjandi þess getið að hann teldi sig skattskyldan annars staðar en á Íslandi.

Hæstiréttur vísar til þess að áfrýjandi hafi verið þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði í Reykjavík. Það húsnæði hafi ekki verið leigt út heldur nýtt af honum og fjölskyldu hans þegar þau dvöldu á Íslandi. Þá er vísað til þess að áfrýjandi hafi keypt tryggingar vegna fasteignarinnar þar á meðal brunatryggingu, innbústryggingu og fjölskyldutryggingu. Ennfremur hafi áfrýjandi sjálfur sagt í blaðaviðtali að hann og fjölskylda hans ættu þrjú heimili þar af eitt í London, í Reykjavík og svo í Frakklandi. Áfrýjandi sjálfur upplýsti um dvalardaga sína hér á landi og í Bretlandi frá 1. september 1998 til 31. desember 2007. Samkvæmt því yfirliti hafi hann dvalið á Ís-

landi í 432 daga og í Bretlandi 416 daga á tímabilinu 1. september 1998 til 31. janúar 2001. Hæstiréttur vísar einnig til þess að í febrúar 2002 hafi skatranssóknarstjóri ríkisins hafið rannsókn á skattskilum áfrýjanda vegna tekjuárána 1998, 1999, 2000 og 2001. Í nóvember sama ár hafi áfrýjandi svo tilkynnt Hagstofu Íslands, að hann og fjölskylda hans hafi haft lögheimili í Bretlandi frá 1. september 1998. Í dóminum kemur fram að þessi breyting á lögheimili hafi verið skráð án sérstakrar athugunar á því hvort að tilkynning þessi styddist við efnisleg rök.

Hæstiréttur benti á að úrskurði ríkisskattstjóra hafi hvorki verið fjallað sérstaklega um dvöl áfrýjanda á Íslandi á árunum 2002 og 2003 né önnur þau atvik á þeim árum sem gætu bent til þess að hann bæri hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu þau ár. Úrskurður ríkisskattstjóra hafi þannig ein-skorað við atvik og umsvif á árunum 1998 til 2001, s.s. að áfrýjandi og fjölskylda hans hafi notið heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Af þessum sökum tók Hæstiréttur eingöngu til úrlausnar hvort að áfrýjandi hafi verið heimilisfastur og borið fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi frá 1. september 1998 til 31. desember 2001.

Í dómi sínum reifar Hæstiréttur ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. tekjuskattslaga og vísar til ákvæða lögheimilislaga þar sem hugtakið föst búseta er skilgreint. Þá segir Hæstiréttur að ríkisskattstjóri sé ekki bundinn af því hvar lögheimili áfrýjanda var skráð í Þjóðskrá á því tímabili sem um er deilt heldur skipti mestu máli hvar áfrýjandi hafið fasta búsetu sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 97/2000.

Segir svo í dóminum:

*Þegar leyst er úr þessu álitafni verður hins vegar ekki litið framhjá þeirri staðreynd að*

*áfrýjandi tilkynnti ekki um breytt lögheimili þegar hann að eigin sögn flutti lögheimili sitt til útlanda 1. september 1998, svo sem honum bar skylda til samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 73/1952, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 21/1990. Það gerði hann fyrst 22. nóvember 2002 eða rúmum fjórum árum síðar.*

Þá lagði Hæstiréttur áherslu á það að áfrýjandi hafi talið fram til skatts eins og hann væri heimilisfastur og bæri fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi allt til ársins 2001. En það var fyrst á framtali 2002 vegna tekjuársins 2001 að áfrýjandi lét þess getið að hann teldi sig bera takmarkaða skattskyldu hér á landi. En eins og kemur fram hér að framan hafið áfrýjandi verið tilkynnt fyrir á því ári um rannsókn skatranssóknarstjóra ríkisins.

Í dóminum kemur svo eftirfarandi fram:

*Eins og áður greinir átti áfrýjandi fasteign hérlandis þar sem hann mun að jafnaði hafa búið þegar hann dvaldi hér á umræddu tímabili. Sjálfur skýrði áfrýjandi svo frá í áður nefndu tímaritsviðtali árið 2001 að hann og fjölskylda hans héldu heimili hér á landi. Jafnframt hefur áfrýjandi upplýst að hann dvaldi lengur hér en í Bretlandi á þessu tímabili, þar af mun lengur á árinu 2001.*

Að þessu virtu féllst Hæstiréttur á það með stefnda að áfrýjandi hafi verið heimilisfastur og borið hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, frá 1. september 1998 til 31. desember 2001.

# Úrskurðir



## Jónína B. Jónasdóttir

er lögfræðingur og hefur starfað við skattframkvæmd í rúman aldarfjórðung. Hún sat í yfirsattanefnd í átta ár og var skrifstofustjóri hjá skattstjóranum í Reykjavík. Jónína starfar nú sem sviðsstjóri lögfræðisviðs hjá ríkisskattstjóra.

greiddar á árinu 2011. Ríkisskattstjóri vísaði ennfremur til þess að hjá mönnum utan atvinnurekstrar yrði skattlagning fjármagnstekna ekki framkvæmd miðað við annað tímamark en þegar tekjurnar væru greiddar eða greiðslukræfar, og réðist skattlagning teknanna af því skatthlutfalli sem þá væri í gildi. Á þeim tíma sem kærandi fékk vextina greidda hafi staðgreiðsluhlutfall fjármagnstekna verið 20%.

Kærandi kærði úrskurð ríkisskattstjóra til yfirsattanefndar og krafðist þess að honum yrði hrundið, og að fallist yrði á að miða staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum við það hlutfall sem í gildi var á þeim tíma sem þær reiknuðust sbr. framangreint.

Í úrskurði sínum reifar yfirsattanefnd ákvæði 3. tölul. C-liðar 7. gr. og 8. gr. tekjuskattslaga. Þá reifar nefndin ákvæði 2. mgr. 59. gr. laganna, sem og athugasemdir sem fylgdu 8. gr. frumvarps þess sem varð að lögum 6/1935 en grein þessi varð að 7. gr. laganna. Ákvæðið er svohljóðandi:

*Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári sem þær verða til, þ.e. þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.*

Yfirsattanefnd féllst á það með ríkisskattstjóra að vaxtatekjur kæranda sem um var deilt í málinu komi til skattlagningar í skattframtali 2012 vegna tekjuársins 2011 þar sem um óvissar tekjur í skilningi framangreinds ákvæðis væri að ræða, og að tekjurnar hafi ekki orðið greiðslukræfar fyrr en við uppkvaðningu dóms héraðsdóms í máli kæranda gegn L. Staðgreiðsluskilum vegna vaxtanna bar því að haga í samræmi við gildandi skatthlutfall á þeim tíma þegar niðurstaðan í dómsmáli kæranda lá fyrir og þar með tímamark tekjufærslu. Kröfum kæranda var því hafnað.

*Yfirsattanefnd staðfesti niðurstöðu ríkisskattstjóra þess efnis að þegar um óvissar fjármagnstekjur er að ræða beri að skattleggja þær á því ári sem þær verða greiðslukræfar og með því skatthlutfalli sem í gildi er á þeim tímamarki.*

## YSKN 520/2012

### Erlendar þóknunartekjur félags - tvísköttunarsamningar

Málavextir eru þeir að með bréfi til skattstjóra fór kærandi fram á að við álagningu opinberra gjalda félagsins gjaldárið 2009 yrði tekið tillit til skatta sem félagið hefði greitt af erlendum þóknunargreiðslum á árinu 2008. Í fylgiskjali með bréfinu var gerð sundurliðuð grein fyrir erlendum skattgreiðslum og kom fram að um væri að ræða skattgreiðslur í Litháen, Lettlandi, Eistlandi, Grikklandi, Mexíkó, Búlgaríu, Tælandi og Japan.

Í úrskurði ríkisskattstjóra sagði:

*Samkvæmt framlögðum gögnum greiddi kærandi skatt af tekjum erlendis ... Álagningarprósenta skatts á tekjur í einstökum löndum er skv. innsendum gögnum frá 5 til 25%. Í samræmi við ákvæði 5. mgr. 119. gr. laga nr. 90/2003 og ákvæði tvísköttunarsamninga við Litháen, Lettland, Grikkland, Eistland og Mexíkó takmarkast frádráttur vegna greidds skatts erlendis við álagningarprósentu tekjuskatts á Íslandi, þ.e. við 15% af tekjuskattsstofni á gjaldárinu 2009.*

Í kæru til yfirsattanefndar mótmælti kærandi því að frádráttur takmarkist við skatthlutfall félagsins hér á landi og að takmörkun tvísköttunar tæki til hvers einstaks lands.

Í úrskurði yfirsattanefndar kom fram að kærandi bæri ótakmarkaða skattskyldu hér

## YSKN 448/2012

### Fjármagnstekjuskattur - óvissar tekjur - skatthlutfall

Málavextir eru í stuttu máli þeir að kærandi vann dómsmál þar sem L var gert greiða til tekna fjárhæð með vöxtum sem reiknaðir voru frá og með 22. ágúst 2007 og til og með greiðsludegi. Lögmaður kæranda hélt eftir 20% staðgreiðslu af vaxtatekjunum í samræmi við ákvæði laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og leiðbeiningar ríkisskattstjóra.

Þessu vildi kærandi ekki una og krafðist þess í bréfi til ríkisskattstjóra að staðgreiðsla myndi miðast við það skatthlutfall sem í gildi var þegar vextirnir hefðu fallið til, þ.e. 10% vegna tímabilsins 22. ágúst 2007 til 1. júlí 2009, 15% vegna 1. júlí til 31. desember 2009, 18% vegna ársins 2010 og 20% vegna tímabilsins 1. janúar 2011 til greiðsludags.

Ríkisskattstjóri hafnaði kröfu kæranda með úrskurði dags. 13. apríl 2011. Ríkisskattstjóri vísaði til þess að meginreglan væri sú að vextir teldust til skattskyldra tekna þegar þeir væru greiddir eða greiðslukræfir. Áfallnir en ógreiddir vextir teldust þannig ekki til skattskyldra tekna. Jafnframt yrði að horfa til þess að umræddar vaxtatekjur kæranda hefðu verið óvissar tekjur í skilningi 2. mgr. 59. gr. tekjuskattslaga þar til þær hafi verið

á landi tekjuárið 2008 samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Bar félaginu því að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra var aflað, þar með töldum umræddum tekjum sem skattlagðar voru erlendis. Við álagningu á kæranda vegna tekna frá Grikklandi og Mexíkó bar hins vegar að gæta ákvæða tvísköttunarsamninga Íslands við umrædd ríki. Í báðum tilvikum er kveðið á um að frádráttur vegna tekjuskatts í upprunaríki, þ.e. í Grikklandi og Mexíkó, skuli ekki vera hærra en sá hluti íslensks tekjuskatts, reiknaðs fyrir frádráttinn, sem lagður sé á þær tekjur sem skattleggja megi í upprunaríkinu, sbr. 1. tölul. 22. gr. tvísköttunarsamningsins við Grikkland og 1. tölul. 21. gr. tvísköttunarsamningsins við Mexíkó. Skuli frádráttur kæranda vegna umræddra skattgreiðslna í Grikklandi og Mexíkó á árinu 2008 því sæta þeirri takmörkun sem þar um ræði. Varðandi það kærutriði að takmörkun tvísköttunar tæki til hvers einstaks lands tók yfirsattanefnd fram að skattaleg meðferð hinna erlendu tekna hér á landi réðist annars vegar af ákvæðum nokkurra tvísköttunarsamninga og hins vegar af almennri lækunarheimild 5. mgr. 119. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þætti þetta mæla eindregið gegn þeirri aðferð sem krafa kæranda byggði á. Úrskurður ríkisskattstjóra var því staðfestur.

Úrskurður yfirsattanefndar í samræmi við skattframtal.

#### YSKN 537/2012

### Söluhagnaður hlutabréfa byggður á meðalkaupverðsreglu 2. málsg. 18. gr. laga nr. 90/2003

K keypti hlutabréf og voru þau færð á vörslureikning hans í banka. K sagði bréfin vera keypt fyrir hönd nýstofnaðs ehf. sem ekki hefði vörslureikning. K seldi félaginu bréfin á sama gengi og hann hafði keypt þau 12 dögum fyrir. Þrátt fyrir að hlutabréfin hefðu verið keypt og seld á sama verði reiknaðist engu að síður skattskyldur söluhagnaður þar sem kaupverð hinna seldu hlutabréfa ákvarðaðist í samræmi við meðalkaupverðsreglu lokamálsliðar 2. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003. Yfirsattanefnd staðfesti úrskurð ríkisskattstjóra.

Kaupverð hvers hlutabréfs telst jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

#### YSKN 587/2012

### Fjármagnstekjur - afturvirkni laga

Málavextir eru þeir helstir að á skattframtali 2011 vegna tekjuársins 2010 gerði kærandi grein fyrir sölu á annars vegar spariskírteinum ríkissjóðs og hins vegar á hlutdeildarskírteinum í ríkisverðbréfasjóði. Kærandi kærði álagningu opinberra gjalda og krafðist þess að vaxtatekjur af spariskírteinum ríkissjóðs og af framangreindum hlutdeildarskírteinum yrðu skattlagðar í samræmi við þau skatthlutföll sem í gildi voru frá og með upptöku fjármagnstekjuskatts 1. janúar 1997, þ.e. með 10% frá 1. janúar 1997 til 30. júní 2009, 15% frá 1. júlí til 31. desember 2009, og 18% vegna tímabilsins frá 1. janúar til 29. desember 2010.

Ríkisskattstjóri hafnaði kröfum kæranda í úrskurði. Ríkisskattstjóri vísaði til þess að meginreglan væri sú að vextir teldust til skattskyldra tekna þegar þeir væru greiddir eða greiðslukræfir. Sérstök sjónarmið ættu þó við um vexti sem greiddir hefðu verið eða orðið greiðslukræfir á árinu 2009 vegna sérstakrar 5% viðbótar við skattþrep fjármagnstekjuskatts á því ári. Þá vísaði ríkisskattstjóri til þess að ávinning af hlutdeildarskírteinum bæri ekki að færa til tekna í skattskilum fyrr en við sölu eða innlausn skírteinis, enda væri um að ræða óvissar tekjur fram að því tímamarki sbr. 2. mgr. 59. gr. tekjuskattslaga.

Þessu vildi kærandi ekki una og kærði úrskurð ríkisskattstjóra til yfirsattanefndar og krafðist þess að honum yrði hrundið, og að fallist yrði á að skattleggja umræddar fjármagnstekjur í því hlutfalli sem í gildi var á hverjum tíma, þ.e. þegar vextirnir féllu til sbr. framangreint.

Í úrskurði sínum reifar yfirsattanefnd ákvæði 3. tölul. C-liðar 7. gr. og 8. gr. tekjuskattslaga. Þá reifar yfirsattanefnd ákvæði 2. mgr. 59. gr. laganna, sem og athugasemdir sem fylgdu 8. gr. frumvarps þess sem varð að lögum 6/1935 en grein þessi varð að 7. gr. laganna. Ákvæðið er svohljóðandi:

*Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári sem þær verða til, þ.e. þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.*

Yfirsattanefnd reifaði skilmála spariskírteina ríkissjóðs sem kærandi festi kaup á á árinu 1990. Í úrskurði yfirsattanefndar segir svo:

*Þrátt fyrir að kæranda hafi verið fjálfest að innleysa skírteinin frá og með fyrsta gjalddaga 15. janúar 2000 verður ekki talið að vextir af þeim hafi verið „greiðslukræfir“ í skilningi 2. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 frá og með því tímamarki, enda er ljóst að vextirnir komu ekki til greiðslu nema við innlausn skírteinis, sbr. 2. gr. skilmálanna.*

Yfirsattanefnd féllst því á það með ríkisskattstjóra að þær vaxtatekjur sem um ræði í málinu komi til skattlagningar í skattframtali 2011 vegna tekjuársins 2010. Þá kemur fram að gengishækkun hlutdeildarskírteina beri að telja til tekna við innlausn eða sölu skírteinis. Vaxtatekjur kæranda hvoru tveggja vegna spariskírteina ríkissjóðs og hlutdeildarskírteina bar að skattleggja í skattframtali 2011 vegna tekjuársins 2010.

Í úrskurði sínum reifar yfirsattanefnd svo þær breytingar sem gerðar voru á lögum um tekjuskatt þegar tekjuskattur á fjármagnstekjur einstaklinga utan rekstrar var tekinn upp, sem og þær breytingar sem gerðar hafa verið á skatthlutfalli fjármagnstekna sbr. lög nr. 70/2009 og 128/2009.

Hvað varðar skattlagningu vaxtatekna af spariskírteinum þá féllst yfirsattanefnd á kröfur kæranda þess efnis að þær yrðu skattlagðar í því skatthlutfalli sem í gildi var á þeim tíma sem þær féllu til. Rökstuðningur nefndarinnar var svohljóðandi:

*Samkvæmt viðteknum lögskýringarviðhorfum í íslenskum rétti verður lögum ekki beitt með íþyngjandi afturvirkum hætti nema þau mæli skýrlega fyrir um það sjálf. [brottfellt hér] ...verður ekki talið að umrædd lög nr. 128/2009 og 164/2010 verði skýrð svo að þau taki til áfallinna (áunninna) vaxta af kröfum, sem stofnast hafa fyrir gildistöku laga þessara, nema að því leyti sem vextirnir falla til eftir gildistöku þeirra. Skiptir þá ekki máli þótt slíkir vextir teljist að einhverju eða öllu leyti ekki greiddir eða greiðslukræfir fyrr en eftir gildistöku laganna.*


Yfirsattanefnd hafnaði aftur á móti kröfum kæranda sem lutu að skattlagningu vaxtatekna af hlutdeildarskírteinum. Í úrskurðinum kemur fram að hlutdeildarskírteini beri ekki vexti í almennum skilningi heldur sé ávöxtun þeirra fólgin í hækkun á innlausnarvirði þeirra á eignarhaldstíma kæranda. Tekjurnar geta þannig ekki talist að neinu leyti áfallnar í fyrrgreindum skilningi fyrr en við innlausn skírteinanna.

*Yfirsattanefnd staðfesti niðurstöðu ríkisskattstjóra hvað varðar skattlagningu á fjármagnstekjum af hlutdeildarskírteinum. Slíkar tekjur skattleggjast á því ári sem skírteinið er innleyst og með því skatthlutfalli sem í gildi er á þeim tímamarki. Yfirsattanefnd taldi aftur á móti hvað varðar vexti af spariskírteinum að þær tekjur skuli skattleggjast á því ári sem þær koma til greiðslu en með því skatthlutfalli sem var í gildi þegar þær féllu til (áunnust). Ekki væri þannig umt að beita lögum sem kváðu á um hækkun fjármagnstekjuskatts með afturvirkum hætti.*



... lokaorðið hefur

Katrín Freysdóttir



## Siglufjörður – Fjallabyggð

Ég verð að viðurkenna að það kom svolítið á mig að fá símtal frá Ingu Hönnu þar sem hún tilkynnti að hún hefði spennandi verkefni handa mér, og fylgdi því svo eftir með því að spyrja hvort að ég vildi ekki skrifa lokaorðin í næstu Tíund. Ég sat eftir símtalið, hálf frosin, og hugsaði með mér hvað ég væri eiginlega búin að koma mér út í. En svo fóru gráu sellurnar í gang og komu með fullt af hugmyndum um efni, allt frá jólum og til virðisaukaskattshugleiðinga. En niðurstaðan varð kynning á mínum heimabæ og þeirri uppbyggingu sem þar hefur orðið á seinustu árum.

Eins og flestir landsmenn vita er Siglufjörður gamall síldarbær sem var í blóma á meðan síldarævintýrið stóð sem hæst. Sem dæmi má nefna að árið 1950 bjuggu 3.100 manns á Siglufirði og var bærinn þá fimmti stærsti kaupstaður landsins. En nú er öldin önnur og eru íbúar Siglufjarðar í kringum 1.300 í dag. Eins og við var að búast mátti bærinn þola kreppu, ef svo mætti að orði komast, þegar síldin hvarf og lét hann mikið á sjá. Bæði varð mikill fólksflótti og húsnaði, bryggjur og önnur mannvirki létu á sjá. En á síðustu árum hefur orðið heilmikil uppbygging

og sér ekki fyrir endann á henni. Bærinn hefur tekið ótrúlegum stakkaskiptum og eru bæjarbúar meðvitaðir um fegurð fjarðarins og hugsa vel um sitt nærumhverfi.

Mig langar til að nefna nokkuð af því sem Siglufjörður hefur af að státa í dag. Fyrst vil ég nefna Síldarminjasafnið. Það hefur vaxið heilmikið í gegnum árin og er það að mestu einum manni að þakka, Örlýgi Kristfinnssyni. Hann hefur unnið hreint frábært starf við uppbyggingu safnsins og hefur hann fengið til sín margt hæfileikaríkt fólk með brennandi áhuga sem hefur komið safninu frá því að vera í einu húsi í það að vera í þremur húsum í dag. Reyndar erum við Siglufirðingar ótrúlega ríkir af söfnum því fyrir utan Síldarminjasafnið þá höfum við ljóðasetur og þjóðlagasetur sem eru hugarfóstur manna með ákveðna sýn sem gerðu þessi söfn að veruleika. Þjóðlagasetrið hefur vaxið og dafnað og er árlega haldin þjóðlagahátíð þar sem saman kemur fólk af ýmsu þjóðerni og deilir tónlist og menningu með námskeiðum, tónleikum og alls konar viðburðum. Einnig er haldin hér ljóðahátíð á vegum Ungmennafélagsins Glóa og hefur hún náð að skipa sér fastan sess í samfélaginu.

Fyrir nokkrum árum setti maður að nafni Róbert Guðfinnsson á fót fyrirtækið Rauðku ehf. og hefur síðan þá verið ótull við að byggja upp ferðaþjónustu bæjarins. Til að mynda hefur fyrirtækið sett á laggirnar veitingastað og kaffihús ásamt því að vera með sali til leigu. Þessu var komið fyrir í gömlum vinnuskúrum við bryggjuna sem gerðir voru upp á alveg einstaklega fallegan hátt og eru þeir mikil þrýði fyrir bæinn. En félagið lætur ekki þar við sitja og er stórhuga í sínum framkvæmdum. Á næsta leiti er bygging hótels við höfnina og er stefnt að því að það risi innan fárra ára, en félagið er einnig komið í samstarf við golfklúbb Siglufjarðar um gerð nýs golfvallar í Hólsdal. Er hann að mestu leyti á svæði þar sem fyrir var gömul náma og er því um mikla uppgræðslu að ræða. Einnig er félagið með áætlanir um

uppbyggingu skíðasvæðis Siglufjarðar. Þar má nefna byggingu nýs skála ásamt breytingum á núverandi skíðasvæði.

Ekki má gleyma Héðinsfjarðargöngum, en með tilkomu þeirra opnaðist heimur Siglufjarðinga, ef svo mætti að orði komast. Bærinn var ekki lengur endastöð heldur kominn inn í hringveginn um landið og við það jukust ferðamannastraumur og atvinnutækifæri til mikilla muna. Allt í einu er svæðið orðið spennandi kostur í ferðaþjónustu með sína fallegu fjallgarða, spennandi gönguleiðir, hvalaskoðun og margt fleira. Einnig er svæðið allt í einu orðið ákjósanlegt fyrir alls konar fjarvinnslu, landanir flutningaskipa og annarra skipa með tilliti til keyrslu inn Eyjafjörð.

Við á starfsstöð ríkisskattstjóra á Siglufirði óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



*Kristín Bogadóttir, Katrín Freysdóttir, Anna Hermína Gunnarsdóttir, Ingvar Hreinsson og Hanna Björnsdóttir eru starfsmenn RSK á Siglufirði.*

# Upplýsingatafla RSK

## Staðgreiðsla opinberra gjalda 2012

### Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er nú reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 230.000 kr. .... 37,34%
- Af næstu 474.367 kr. .... 40,24%
- Af fjárhæð umfram 704.367 kr. .... 46,24%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 46.532 kr.

### Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir.

- 37,34% ..... af fyrstu 52.786\* kr.
- 40,24% ..... af 52.787-161.657\*\* kr.
- 46,24% ..... af launum umfram 161.657 kr.

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

\* 2.760.000/366 \* 7 = 52.786 \*\* 8.452.400/366 \* 7 = 161.657

### Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2012..... 20%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 100.745 kr. .... 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2012..... 1.495.407 kr.

## Persónuafsláttur 2012

- Einn mánuður ..... 46.532 kr.
- Hálfur mánuður ..... 23.266 kr.
- 14 dagar ..... 21.358 kr.
- Ein vika ..... 10.679 kr.
- Sjómannaafsláttur á dag ..... 493 kr.

## Tryggingagjald

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald ..... 7,79%
- Viðbót v/sjómanna á fiskiskipum ..... 0,65%

## Virðisaukaskattur

- Almenn skattþrep ..... 25,5%
- Sérstakt skattþrep ..... 7,0%

## Kilómetragjald

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2012

Gildir frá 1. 6. 2012

- Almenn gjald, af fyrstu 10 þ. km, pr. km: ..... 117,50 kr.

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag skal reikna 15% álag á almennt gjald. Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

## Hámark barnabóta 2012

- Hjón/sambúðarfólk
  - með fyrsta barni ..... 152.331 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 181.323 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 61.191 kr.
- Einstæðir foreldrar
  - með fyrsta barni ..... 253.716 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 260.262 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 61.191 kr.

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember. Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is

## Vaxtabætur 2012

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi ..... 400.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri ..... 500.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki ..... 600.000 kr.

## Sérstök vaxtaniðurgreiðsla

Til viðbótar vaxtabótum kemur sérsök vaxtaniðurgreiðsla sem er 0,6% af skuldum vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Hún getur að hámarki orðið 200.000 kr. á ári fyrir hvern mann og 300.000 kr. á ári fyrir einstætt foreldri og hjón eða samskattað sambýlisfólk.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla er eignatengd. Reglur um útreikning vaxtabóta og sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu er að finna á rsk.is.

## Dagpeningar innanlands

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2012

Gildir frá 1. 10. 2012

- Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring ..... 22.070 kr.
- Fyrir gistingu í eina nótt ..... 12.150 kr.
- Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag ..... 9.920 kr.
- Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag ..... 4.960 kr.

## Dagpeningar erlendis

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009

Gildir frá 1. 3. 2009

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.		
	Gisting	Annað	Gisting	Annað	
■ Flokkur 1	SDR	187	125	120	80
■ Flokkur 2	SDR	159	106	102	67
■ Flokkur 3	SDR	141	94	90	60
■ Flokkur 4	SDR	125	83	80	54